**LINDA ÓSK VILHJÁLMSDÓTTIR**

*Semur fyrir myndband*

heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**PÁSKAR**

*Páskaliljur, strútsegg og fjaðrir*

Sérblað um páska, mat og menningu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**RAUL RODRIGUES**

*Tyson nýjasti skjólstæðingurinn*

Kynnir „íslenskan" megrunarkúr á netinu

FÓLK 46




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. apríl 2007 — 92. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Skorar á Óperukórinn að syngja upp skuldina

**Fyrrum heilbrigðisráðherra vonar að Óperukórinn syngi fyrir aldraða eins og samið var um þegar kórinn fékk styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2004. Kórstjórinn segir misskilning hafa orðið en að staðið verði við gefin loforð.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þessi styrkur var veittur í góðri trú á mínum tíma sem heilbrigðisráðherra. Ég vonast bara til þess að þeir standi við það sem kveðið var á um," segir Jón Kristjánsson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, sem veitti Óperukór Reykjavíkur, hálfrar milljón króna styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2004.

Í bréfi frá Garðari til Jóns frá 17. september 2004 segir: „Mundir þú sjá þér fært að kaupa af okkur 133 miða og styrkja okkur þannig sem nemur með 266.000 króna framlagi?"

Í svari sagði að slíkt yrði tæplega til eftirbreytni en ráðherra kvaðst þó tilbúinn að styrkja kórinn um 500 þúsund krónur gegn því að hann héldi stutta tónleika á sex öldrunarstofnunum, sérstaklega á deildum heilabilaðra. Í svari ráðherra kemur fram að styrkurinn komi úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Jón segist hafa veitt fleiri svipaða styrki til tónleikahalds á öldrunarstofnunum. „Á mínum tíma var talað um heimild um smá styrki sem ráðherra hefði til ráðstöfunar í samráði við stjórn sjóðsins í þágu aldraða. Þetta voru smærri upphæðir þótt þetta sé orðið að stóru máli," segir Jón.

„Við vissum ekki að styrkurinn kæmi úr Framkvæmdasjóði aldraðra og hefðum ekki þegið hann ef það hefði legið ljóst fyrir," sagði Garðar þegar Fréttablaðið spurði hann út í styrkveitinguna 17. mars. Hann sagði þá kórinn hvergi hafa komið nálægt söng á öldrunarstofnunum en einu sinni sungið á Landspítalanum.

„Þeir sungu ljóð við opnun Barnaspítala Hringsins en ég vona að þeir syngi líka fyrir gamla fólkið. Annars held ég að allt sem skipti máli í sambandi við Framkvæmdasjóðinn sé nú komið í ljós," segir Jón.

Garðar Cortes sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann rámaði í bréfið þótt hann hafi það ekki hjá sér. „Mistökin skrifast á mig en við munum standa við skilmálana og vel það, nú þegar þetta er komið á hreint," segir Garðar. **- kdk**



NORDICPHOTOS/AFP

**AFTUR Í SKÓLANN** Nemendur í amish-bænum Nickel Mines í Pennsylvaníu héldu aftur í skólann í gær, sex mánuðum eftir að maður gekk þar berserksgang og drap fimm stúlkur. Meðal þeirra sem mættu í skólann í gær voru fjórar af þeim fimm stúlkum sem særðust í árásinni, en sú fimmta hefur ekki enn náð bata. Skólabyggingin var rifin eftir árásina og önnur reist.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði furðar sig á ummælum iðnaðarráðherra:

# Álverskosningin víst bindandi

**KOSNINGAR** „Það vekur furðu að ráðherra og formaður Framsóknarflokksins sé ekki betur að sér í sveitarstjórnarlögum en þetta," segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, um orð Jóns Sigurðssonar iðnaðarráðherra um að Straumsvíkurkosning í Hafnarfirði hefði ekkert lagalegt gildi.

Lúðvík bendir á 104. grein sveitarstjórnarlaga. Í henni sé sérstaklega vikið að rétti sveitarfélaga til að fara með íbúakosningar. „Í þeim er kveðið á um að sveitarfélög verði að taka ákvörðun um í upphafi hvort kosningin eigi að vera bindandi eða ekki. Við tókum ákvörðun um að hún yrði bindandi og var um það full samstaða í málsmeðferð hér í Hafnarfirði. Hér í einu og öllu verið farið að lögum og auðvitað hefur kosningin því bindandi áhrif eins og lög gera ráð fyrir," segir Lúðvík.

Í sama streng tekur Haraldur Ólason, oddviti sjálfstæðismanna í Hafnarfirði. Ákveðið hafi verið að virða útkomu íbúakosninganna og við það verði staðið.

„Framsóknarflokkurinn á nú ekki nema 300 atkvæði hér í Hafnarfirði og því ósköp eðlilegt að hann þekki lítið til hér," segir Lúðvík. **- kdk**


**ÍSLAND OG INNFLYTJENDUR**

Jón Magnússon og Magnús Þór Hafsteinsson flytja erindi og ræða við fundargesti. Jasstríó Jóhannesar Þorleikssonar leikur.

**Skeifunni 7 í kvöld kl. 20.00, allir velkomnir.**

www.xf.is

Frjálslyndi flokkurinn


## ÞRIÐJUDAGUR

**Gáttstýra Norðurlanda**



Bergljót Jónsdóttir ráðin framkvæmdastjóri menningaráætlunar Norðurlanda.

MENNING 34

**Fjölbreytt blúshátíð**



Nordica-hótel verður blúsað fram á föstudaginn langa.

FÓLK 39

**Vel heppnuð tónlistarhátíð**



Færeyskir frændur léku við hvurn sinn fingur á Nasa.

FÓLK 36

**Ætla í Meistaradeildina**



Stjarnan hefur ákveðið að senda kvennalið sitt til keppni í Meistaradeildinni í handbolta næsta vetur. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskt lið tekur þátt í keppninni.

ÍÞRÓTTIR 40

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI EYSTRA -** Í dag verða víðast suðvestan 5-13 m/s. Bjartviðri eystra en hætt við dálítilli súld vestan til. Hiti 5-15 stig, mildast suð-austan og austan til.

VEÐUR 4





*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í mars 2007.




**NÝJASTA NÝTT** Æskan gengur nú í náttbuxum þótt engin sé nóttin.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Nýtt æði hjá ungmennum:

# Í tísku að ganga í náttbuxum

**TÍSKA „Það er mjög misjafnt hvort foreldrar eru ánægðir með þetta eða ekki," segir Rut Rúnarsdóttir, afgreiðslukona í Joe Boxer í Kringlunni, en ungmenni landsins klæðast nú náttbuxum hversdagslega í síauknum mæli.**

**Rut segir að þessi tískusveifla hafi byrjað fyrir jól en aukist sífellt. Bæði stelpur og strákar klæðast náttbuxunum. Tískufórnarlömbin eru allt frá fermingarbörnum og upp í krakka í framhaldsskólum.**

**„Það er óhætt að segja að það sé tískubylgja í gangi," segir Rut sem segir að sala hafi aukist töluvert á náttbuxum í versluninni.**

**-jar/** **sjá síðu 46**

Stjórnarkreppa komin upp:

# Forseti Úkraínu leysti upp þingið

**ÚKRAÍNA, AP** Stjórnarkreppa er komin upp í Úkraínu eftir að Viktor Júsjenkó, forseti landsins, leysti upp þingið í beinni sjónvarpsútsendingu í gær og boðaði til kosninga 27. maí. Þingmenn sögðu ákvörðun forseta vísi að valdaráni og hétu því að halda áfram störfum.

Júsjenkó sakaði forsætisráðherrann Viktor Janúkóvits, sem hefur þingmeirihluta, um að reyna að auka völd sín í trássi við stjórnarskrána.

Þessi atburðarás hófst í síðasta mánuði þegar ellefu þingmenn sem studdu Júsjenkó lýstu yfir stuðningi við Janúkóvits. Samkvæmt stjórnarskrá má aðeins stækka þingmeirihluta með viðbót flokka, ekki einstakra þingmanna. **- sdg**






*Björn, hver ætlar eiginlega að stöðva ykkur?*

**„Það stoppar okkur náttúrlega enginn.“**

Bílnúmerunum var stolið af tveimur lögreglubílum á Sauðárkróki um helgina. Málið er litið alvarlegum augum að sögn varðstjóra sem segir lögregluna ekki geta ekið um á númeralausum bílum. Björn Mikaelsson er starfandi lögreglustjóri á Sauðárkróki.

Orðaskak stofnenda flugfélagsins Iceland Express og núverandi eigenda þess heldur áfram:

# Ásakanir um lögbrot ganga á víxl

**SAMKEPPNISMÁL** „Kjarni málsins er sá að Pálmi Haraldsson á stóran persónulegan þátt í því hversu illa var komið fyrir Iceland Express þegar hann komst yfir félagið í október 2004,“ segja stofnendur Iceland Express í yfirlýsingu vegna ummæla Pálma í fjölmiðlum í gær.

Stofnendurnir segja að Pálmi beri fulla ábyrgð á þeim lögbrotum Icelandair sem komu Iceland Express á kaldan klaka og neyddu þá til að selja félagið á mjög lágu verði.

Pálmi segir á móti að stofnendur IE hafi orðið uppvísir að lygum í fjölmiðlum og ítrekar fullyrðingar um að stofnendur hafi fengið upphafsfjárfestingu sína sautjánfalda til baka.



ÓLAFUR HAUKSSON



PÁLMI HARALDSSON

Pálmi er þungorður í garð Ólafs Haukssonar sem hann segir nýta kunnáttu sína í almannatengslum til að drepa málinu á dreif.

Stofnendurnir segja að Pálmi hafi ásamt Jóhannesi Kristinssyni, viðskiptafélaga sínum, margsinnis „á árunum 2003 og 2004, meðan þeir voru fimmtu stærstu hluthafar í Flugleiðum hf. og sátu í stjórn félagsins, falast eftir hlut í Iceland Express en verið hafnað“.

Pálmi segir stofnendurna reyna að gera lítið úr vangoldnum vörsluskköttum sem dómstólar líti alvarlegum augum. Hann segir að í þeirri vondu stöðu sem félagið var hafi hluti stofnendanna staðið í persónulegri skuld við félagið.

Stofnendurnir segja auk þess að ummæli Pálma um vankunnáttu þeirra og að þeir hafi verið á leið í fangelsi vegna stöðu fyrirtækisins vart svaraverða. Það sem skipti hins vegar mestu máli væri að „Pálmi og viðskiptafélagi hans höfðu mestu persónulegu hagsmunina af því að almenningshlutafélagið Icelandair fórnaði fimm milljarða króna farþegatekjum árin 2003 og 2004, því þá gátu þeir eignast Iceland Express á lágu verði.

Engir stjórnendur fyrirtækis í þessari stöðu hefðu getað ráðið við það ofurefli sem Icelandair beitti.“

- þsj/hh

Embætti ríkissaksóknara:

## Bogi Nilsson hættir störfum

**SAKSÓKNARI** Bogi Nilsson ríkissaksóknari hættir störfum hinn 1. júlí og sest í helgan stein, en hann er 66 ára að aldri. „Ég ætla bara að fara að hafa það rólegt,“ segir Bogi.



BOGI NILSSON

„Ég er búinn að vera fjörutíu ár í þessum bransa og nærri tíu ár hér. Einhvern tímann verður maður að hætta.“

Bogi segir miklar breytingar hafa orðið í þjóðfélaginu á þessum tíma og meira annríki hjá embætti ríkissaksóknara, þrátt fyrir að það hafi lítið vaxið að umfangi.

Bogi vill ekki hafa uppi getgátur um hver verði eftirmaður sinn. Staðan verði auglýst og dómsmálaráðherra ákvarði svo.

- kóþ

**KREDITKORT RÁÐHERRA**

### Kært til úrskurðarnefndar

Fréttablaðið hefur kært til úrskurðarnefndar upplýsingamála þá ákvörðun ráðuneytanna að neita blaðamanni um útskrift á notkunaryfirliti ráðherranna í þeim tilvikum þar sem ráðherrar hafa kreditkort ríkisins á sínu nafni.

**KÓPAVOGUR**

### Vilja aflétta pólitísku banni

Fyrirtækið AFA, sem á og rekur biðskýli á höfuðborgarsvæðinu, vill að bæjaryfirvöld í Kópavogi aflétti banni við auglýsingum stjórnmálaflokka í strætóskýlum. Bæjarráð fól bæjarlögmanni að skoða málið.

**AUSTURLAND**

### Datt af hestbaki og slasaðist

Maður féll af hestbaki hjá sveitabæ utan við Eiða á Austurlandi um klukkan fimm í gær. Hann var fluttur á Heilbrigðisstofnun Austurlands til skoðunar og þaðan á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Vaktlæknir á Egilsstöðum segir líðan hans eftir atvikum.

# Reykingaskýli verða leyfð utan staðanna

**Veitingastaðir sem hafa garðrými mega reisa reykingaskýli. Reglugerð þar um hefur ekki verið kynnt öllum veitingamönnum, tveimur mánuðum áður en reykingabann tekur gildi, lögum samkvæmt. Kormákur á Ölstofunni er ósáttur.**

**VEITINGAR** Reykingar á veitingastöðum og krám verða stranglega bannaðar frá og með 1. júní. Samkvæmt drögum að reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum, verða þær þó leyfðar fyrir utan veitingastaðina, til dæmis í görðum, og mega veitingamenn reisa til þess gerð skýli.

Fram kom í Fréttablaðinu hinn 30. mars að reykrými innandyra hefðu komið til álita þegar bannlög um reykingar á veitingastöðum voru samin. Veitingamenn sjálfir hefðu hafnað þeim kosti, á grundvelli þess að ójafnræðis kynni að gæta meðal þeirra. Sumir gætu komið sér upp reykingaherbergjum auðveldlega, en aðrir gætu það alls ekki. Því var hugmyndinni hafnað sem „samkeppnishamlandi“ af Samtökum ferðaþjónustunnar, SAF, helstu hagsmunasamtökum veitingamanna.



**REYKINGAMAÐUR VIÐ BARBORÐIÐ** Samkvæmt drögum að reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum verður veitingamönnum leyft að reisa reykrými utandyra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

En ekki eiga allir veitingamenn kost á því að reisa útiskýli, því ekki eru allir með garðrými.

Aðspurð hvort sama ójafnræðis gæti ekki vegna þessa, segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF, að svo sé ekki.

Erna fellst þó á að ekki séu allir veitingamenn í sömu aðstöðu til að reisa reykingaskýli utandyra og að einnig sé hægt að kalla það samkeppnishamlandi. „Auðvitað eru ekki allir með sömu tækifæri til að vera með útiveitingar,“ segir Erna. „En þú getur alls staðar farið út að reykja. Ég sé nú ekki annað en að menn hafi í flestum tilfellum tækifæri til að setja upp einhvers konar skýli.“

Kormákur Geirharðsson, veitingamaður á Ölstofunni, hefur lýst því yfir að hann íhugi lögsókn vegna reykingabannsins. Hann segir það „reginfirru“ að vertar úr hans röðum hafi verið hafðir með í ráðum þegar leitað var umsagnar veitingamanna. Vinnubrögð Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra séu „ekki boðleg“.



ERNA HAUKSDÓTTIR



KORMÁKUR GEIRHARÐSSON

„Þetta eru hótel og veitingastaðir í þessum samtökum. Þeir eru með kúnna sem vilja mat og gistingu. Hótel eru reyklaus víða um heim og kúnnarnir gera ráð fyrir því. Þetta er því ekki keppikefli fyrir hóteleigendur.“

Kormákur furðar sig á því að heilbrigðisráðherra sé enn að vinna að reglugerðinni, þegar tveir mánuðir eru í að bannið taki gildi. Honum hafi ekki verið tilkynnt um hvað taki við 1. júní. „Við vitum ekkert hvaða nefnd við eigum að tala við til að fá leyfi til að reisa skýli.“

klemens@frettabladid.is

RÚV gert að opinbera kostnað:

## Áramótaskaup á 38 milljónir

**KÆRUMÁL** Kostnaður Ríkisútvarpsins vegna Áramótaskaupsins í fyrra var rúmar 38 milljónir króna.

Forsvarsmenn RÚV neituðu að gefa upp þessar upplýsingar er Fréttablaðið leitaði eftir þeim en blaðamaður kærði synjunina til úrskurðarnefndar um upplýsingamál 15. janúar síðastliðinn.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að forsvarsmönnum RÚV væri ekki heimilt að neita blaðamanni um gögnin þar sem RÚV heyrði undir upplýsingalögin og væri því skylt að gefa upp heildarframleiðslukostnað vegna verkefnisins, eins og blaðamaður óskaði eftir. Var því fallist á sjónarmið blaðamanns með öllu.

- mh/ sjá síðu 46

Lögreglan á Sauðárkróki:

## Bílnúmerin enn ófundin

**LÖGREGLUMÁL Bílnúmerin sem tekin voru af tveimur lögreglubílum á Sauðárkróki um helgina hafa ekki enn komið í leitirnar. Sem stendur eru bílarnir á bráðabirgðanúmerum sem auglýsingastofa í bænum útbjó. Nokkurra daga bið er eftir nýjum númerum, sem búin eru til í fangelsinu á Litla-Hrauni.**

**Varðstjóri lögreglunnar á Sauðárkróki segir líklegt að bílnúmeraþjófarnir komi brátt í leitirnar. Glæpir sem þessir snúist um spennu og sýndarmennsku, og viðkomandi geti ekki annað en stært sig af verknaðinum við einhvern að lokum.**

- sþs

**FJÖLMIÐLAR**

### Krónikufólk ekki á DV

Enginn sjö blaðamanna Krónikunnar sem boðið var starf á DV við yfirtöku á tímaritinu ætlar að þekkjast boð um starf á DV. Ritstjóri Krónikunnar er á hinn bóginn tekinn til starfa á DV.


BÍLL DAGSINS

NISSAN X-TRAIL ELEGANCE

Nýskr. 02.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 10 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Fólksflutningar til Hafnarfjarðar voru ekki óvenjulegir fyrir kosningarnar:

# Algjörlega úr lausu lofti gripið

**KOSNINGAR** Fólksflutningar yfir í Hafnarfjörð voru ekki óvenjulega miklir fyrir kosningarnar í Hafnarfirði sem fóru fram 31. mars síðastliðinn.

„Það var ekki ekkert óeðlilegt á seyði í þessu tilfelli og ég veit ekki hvernig þessi saga fór af stað. Þetta er algjörlega úr lausu lofti gripið. Við skoðuðum þessi mál og ljós kom að það voru minnstu flutningar til Hafnarfjarðar eftir að tilkynnt var um þessa íbúakosningu,“ sagði Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár, í gær.

Fréttastofur RÚV Sjónvarps og Stöðvar 2 greindu frá því í kvöldfréttum sínum í fyrrakvöld að heyrst hefði af óvenjumiklum fólksflutningum til Hafnarfjarðar vegna íbúakosninganna, um 700 manns.



**ÁLVER ALCAN** Ekki var um óvenjumikla fjölgun að ræða í Hafnarfirði fyrir kosningarnar 31. mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frá 31. janúar, þegar tilkynnt var um íbúakosninguna, og til 10. mars, er kjörskrá var lokað, fluttu 307 manns til Hafnarfjarðar. Það er í fullu samræmi við íbúaþróun samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá.

- mh




Himinn og haf / SÍA

# Tvöfaldir Vildarpunktar

Nú fá allir sem safna Vildarpunktum **tvöfalda Vildarpunkta** þegar þeir versla hjá Olís. Að auki verða útsendarar Bylgjunnar á ferðinni og bjóða heppnum viðskiptavinum að taka þátt í léttum leik þar sem aðalvinningurinn er **100 ÞÚSUND VILDARPUNKTAR!**

VISA Vildarkort

**OLÍS – við höldum með þér!**

olís

## GENGIÐ 02.04.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,88 | 66,2 |
| Sterlingspund | 130,01 | 130,65 |
| Evra | 87,94 | 88,44 |
| Dönsk króna | 11,801 | 11,871 |
| Norsk króna | 10,775 | 10,839 |
| Sænsk króna | 9,391 | 9,447 |
| Japanskt jen | 0,5595 | 0,5627 |
| SDR | 99,69 | 100,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

119,8144

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jarðskjálfti undir hafsbotni veldur flóðbylgju á Salómonseyjum:

# Minnst 13 manns taldir af

**SALÓMONSEYJAR, AP** Flóðbylgjur skullu á ströndum Salómonseyja í suðvestanverðu Kyrrahafi í gærmorgun af völdum öflugs jarðskjálfta undir hafsbotni. Heilu þorpin fóru á kaf og flóðbylgjuviðvörun var gefin út allt frá Ástralíu til Havaí-eyja. Minnst þrettán manns týndu lífi af völdum hamfaranna en óttast var að sú tala myndi hækka eftir því sem nánari upplýsingar bærust frá þeim byggðarlögum sem verst urðu úti.

Julian Makaa, talsmaður almannavarna á Salómonseyjum, sagði að allmörg þorp á vestustu eyjunum í eyjaklasanum hefðu orðið illa úti; fólki hefði skolað á haf út er hamfaraöldurnar færðu þorpin á kaf.

Þar sem fjarskipasamband rofnaði við stóran hluta hamfarasvæðisins voru upplýsingar af skornum skammti um afleiðingar þeirra.

Alfred Maesulina, upplýsingafulltrúi í forsætisráðuneytinu, sagði síðla í gær að staðfest hefði verið að þrettán manns hefðu farist, en margra til viðbótar væri saknað.

Jarðskjálftinn mældist hátt í 8 á Richterskvarða að styrkleika, en skjálftamiðjan var um 10 km undir hafsbotninum um 350 km norðvestur af Honiara, höfuðborg Salómonseyja. - aa



**FLÓÐBYLGJUVIÐVÖRUN** Viðvörunarskilti vegna flóðbylgjuhættu á Bondi-strönd við Sydney í Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríki láta undan pressu alríkis:

# Skrá nöfn allra eyðnismitaðra

**BANDARÍKIN, AP Nöfn eyðnismitaðra verða skráð í öllum 50 ríkjum Bandaríkjanna í lok ársins 2007. Síðustu ríkin eru nú að láta undan pressu frá alríkisyfirvöldum sem hafa skilyrt fjármagn til heilbrigðisþjónustu eyðnismitaðra við að nöfn þeirra séu skráð í gagnasöfn.**

**Andstæðingar nafnaskráningar telja að nafnaskráning muni fæla einhverja frá því að fara í eyðnipróf og leita sér meðferðar auk áhættunnar á að nöfnin leki út.**

**Árið 2005 voru nöfn 6.500 eyðni- og alnæmissmitaðra send fyrir mistök í tölvupósti til 800 heilbrigðisstarfsmanna í Flórídaríki. Fleiri dæmi eru um slík mistök.** - sdg

Forsætisráðherra skipar nefnd:

# Starfsemi vistheimila könnuð

**FÉLAGSMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur skipað nefnd sem ætlað er að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, þar á meðal Breiðavík.**

**Róbert R. Spanó, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands, er formaður nefndarinnar.**

**Auk hans eru dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, dr. Jón Friðrik Sigurðsson, yfirsálfræðingur á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, og dr. Ragnhildur Bjarnadóttir, dósent í sálfræði við Kennaraháskóla Íslands.**

**Nefndin skilar skýrslu um könnunina til forsætisráðherra í seinasta lagi 1. janúar 2008.** - sþs

## ÍSAFJÖRÐUR

### Vill að bærinn eyði njóla

Íbúi á Seljalandi hefur skorað á umhverfisnefnd Ísafjarðar að gera ráðstafanir til að eyða njóla í bæjarlandinu. Umhverfisnefndin vísar málinu til garðyrkjustjóra bæjarins.

## ÁRÉTTING

Í Fréttablaðinu á sunnudag var greint frá því að Samtök kvenna af erlendum uppruna íhuguðu að leggja fram kæru á hendur eins frambjóðenda Frjálslynda flokksins. Umræðan hafði ekki verið tekin upp hjá stjórn samtakanna og segir formaður samtakanna að það verði ekki gert.

## LEIÐRÉTTING

Björk Guðmundsdóttir flutti ekki lög af væntanlegri plötu sinni, Volta, á styrktartónleikum FORMA gegn átröskunarsjúkdómum eins og sagt var í myndatexta á forsíðu Fréttablaðsins í gær. Söngkonan flutti þrjú eldri lög. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Stefnt að lofthelgiseftirliti við Ísland

**Formaður hermálanefndar NATO segir skammt í að nefndin taki ákvörðun um hvers konar útfærslu af lofthelgiseftirliti hún muni mæla með að komið verði upp við Ísland. Kostnaðinn og skiptingu hans verði að ræða þegar þar að komi.**

**VARNARMÁL** Í hermálanefnd Atlantshafsbandalagsins er verið að skoða mismunandi útfærslur af lofthelgiseftirliti sem bandalagið kann að sjá Íslandi fyrir, en það myndi koma að einhverju leyti í staðinn fyrir það hlutverk sem orrustuþotur varnarliðs Bandaríkjamanna gegndu svo lengi sem þær voru staðsettar hérlendis. Frá þessu greindi Raymond Heynault, formaður hermálanefndarinnar, á blaðamannafundi með Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra í gær.

Spurður nánar út í þetta sagði Heynault – sem er kanadískur hershöfðingi og hefur gegnt formennskunni í hermálanefndinni síðan í júní 2005 – að of snemmt væri að segja nánar til um hver niðurstaðan yrði. Óhætt væri samt að segja að sú reynsla sem bandalagið hefur safnað með lofthelgiseftirliti bæði í Eystrasaltslöndunum og Slóveníu síðan árið 2004 myndi nýtast vel í þeirri útfærslu af slíku eftirliti sem komið kann að verða upp í íslensku lofthelginni. Aðstæður á Íslandi væru hins vegar óneitanlega allfrábrugðnar aðstæðum í þessum löndum.



**LOFTHELGISEFTIRLIT** F-16 þota belgíska flughersins í lofthelgiseftirliti yfir Litháen. Verið er að ræða mismunandi útfærslur af slíku eftirliti fyrir Ísland. NORDICPHOTOS/AFP

Heynault sagði hermálanefndina stefna að því að afgreiða málið fyrir sitt leyti fyrir páska, en að því loknu færi það fyrir Norður-Atlantshafsráðið, æðstu valdastofnun bandalagsins þar sem ráðherrar aðildarríkjanna eiga sæti, en þar yrði lokaákvörðun tekin.

Að sögn Heynaults mætti ennfremur gera ráð fyrir að Íslenska loftvarnakerfið, eins og ratsjárstöðvakerfið heitir formlega, yrði rekið áfram í tengslum við hið tilvonandi lofthelgiseftirlit, enda væru upplýsingarnar sem safnað væri með kerfinu mikilvægt fyrir NATO í heild. „Íslenska lofthelgin er órofa hluti af lofthelgi NATO,“ sagði Heynault.



**RAYMOND HEYNAULT** Formaður hermálanefndar NATO á blaðamannafundi með Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spurningunni um kostnað og hvernig honum yrði skipt yrði að ræða þegar þar að kæmi.

Valgerður sagði á blaðamannafundinum að viðræður stæðu enn yfir bæði við Bandaríkjamenn og fulltrúa NATO um framhaldið á rekstri loftvarnakerfisins/Ratsjárstofnunar. Fram til þessa hafa Bandaríkjamenn borið kostnaðinn af rekstrinum, sem nam á árinu 2005 hátt í 1.200 milljónum króna, en samningar þar að lútandi renna að óbreyttu út í ágúst í sumar.

audunn@frettabladid.is

Alþjóðlegt blakmót hjá Fylki:

# Lesbíur keppa í blaki í Árbæ

**ÍÞRÓTTIR** Um páskahelgina verður evrópskt blakmót lesbía í íþróttahöll Fylkis í Árbæ.



„Þarna munu koma saman um 100 konur frá Þýskalandi, Hollandi, Bretlandi og Íslandi til að spila blak og skemmta sér saman,“ segir í frétt frá blakliði KMK sem stendur fyrir mótinu.

Mun þetta vera í 19. sinn sem mótið er haldið og í fyrsta sinn sem það er haldið á Íslandi. KMK tók fyrst þátt í mótinu fyrir þremur árum. „Mikil skipulagning liggur að baki svona móti og hafa mörg fyrirtæki og Reykjavíkurborg lagt stelpunum lið við undirbúninginn með góðum styrkjum, vörum og afslætti af vörum og þjónustu,“ segir KMK. - gar

Samtök iðnaðarins:

# Alcan var sett í slæma stöðu

**KOSNINGAR „Það er mjög slæm staða sem fyrirtækið er sett í að fara að heyja kosningabaráttu upp á líf og dauða þegar stækkunarferlinu er í raun að ljúka,“ segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, um íbúakosninguna um stækkun álversins í Straumsvík. Alcan hafi unnið að stækkun í átta ár í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ en tillaga um íbúakosninguna ekki komið fram í bæjarráði fyrr en í janúar á þessu ári. „Bæjarstjórinn segir þetta mikilvægan áfanga í þróun íbúalýðræðis. Þá er ástæða til að velta fyrir sér hver verði næsti áfangi í þróun íbúalýðræðis í Hafnarfirði. Hvernig ætlar bæjarstjórinn að beita íbúakosningum í framtíðinni í tengslum við uppbyggingu atvinnurekstrar?“** - gar






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FLOTT FYRIR AUSTAN**

Veðurhorfurnar fyrir austanvert landið eru ákaflegar bjartar. Gangi allt eftir verður austurhluti landsins í bjartviðri en skýjaðra verður þó vestan til. Það má þó á sinn hátt segja að sá galli fylgi gjöf Njarðar að nokkur vindur er á landinu og dregur það úr gæðum góða veðursins. Á skírdag eru síðan horfur á að nokkuð kólni norðan til með stöku éljum.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Suðvestan 5-8 m/s. Skýjað og hætt við lítilsháttar vætu. Hiti 4-8 stig að deginum.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C hálfskýjað | London | 13°C hálfskýjað | Alicante | 20°C heiðskírt |
| Billund | 10°C léttskýjað | París | 17°C heiðskírt | Mallorca | 16°C hálfskýjað |
| Osló | 9°C léttskýjað | Frankfurt | 16°C hálfskýjað | Basel | 17°C skúrir |
| Stokkhólmur | 3°C slydda | Friedrichshafen | 15°C hálfskýjað | Eindhoven | 13°C heiðskírt |
| Gautaborg | 9°C háflskýjað | Berlín | 13°C hálfskýjað | Las Palmas | 19°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Þrefaldur Íslandsmeistari




Ragna B. Ingólfsdóttir varð um helgina þrefaldur Íslandsmeistari í badminton.

SPRON er stoltur bakhjarl Rögnu og mun styðja hana í að ná því markmiði að komast á Ólympíuleikana í Peking 2008. Hinn glæsilegi árangur okkar konu um helgina lofar svo sannarlega góðu um framhaldið.

**Áfram Ragna!**

spron

ARGUS / 07-0267

**KJÖRKASSINN**



*Er þörf á 240 manna varalögregluliði á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 44% |
| Nei | 56% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú takmarka innflutning erlendra vinnuafls á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á visir.is **Vísir**

Ráðherrar fá hálfa dagpeninga á ferðalögum og hafa kreditkort fyrir útgjöldum:

# Engar skýrar reglur gilda

**FJÁRMÁL** Engar skýrar og nákvæmar reglur eru til um kreditkort ríkisins á nafni ráðherra og notkun þeirra. Í upplýsingum frá ráðuneytunum kemur fram að þau séu ætluð til að greiða ferðakostnað og risnu á ferðalögum. Þegar óskað var eftir reglum frá fjármálaráðuneytinu bárust reglur um risnuhald hjá ríkisstofnunum.

Í fjármálaráðuneytinu fást þær upplýsingar að kreditkort á nafni ráðherra sé fyrst og fremst notað vegna ferðakostnaðar og sama gildir í forsætisráðuneytinu. Þrátt fyrir þetta fá ráðherrar skerta dagpeninga á ferðalögum,



**SJALDAN NOTAÐ** „Það er mjög sjaldgæft að forsætisráðherra noti sitt kort," segir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins.

þannig fær til dæmis fjármálaráðherra dagpeninga samkvæmt dagpeningagreiðslum ríkisins og getur svo nýtt kortið vegna ferðatengds kostnaðar, til dæmis til að bjóða til kvöldverðar.

Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, segir að kreditkort ríkisins á nafni ráðherra eða ráðuneytisstjóra sé notað til að greiða hótel og hugsanlega risnu ráðuneytisins. „Það kemur fyrir að ráðherra heldur boð í útlöndum og þá er stundum greitt með þessu korti en yfirleitt greiðir ráðuneytisstjórinn. Það er mjög sjaldgæft að forsætisráðherra noti sitt kort," segir hann.

Kreditkort hafa tíðkast lengi í ráðuneytunum. Í fjármálaráðuneytinu hefur til dæmis ráðherrann haft kreditkort á sínu nafni frá árinu 1993 en það var Friðrik Sophusson sem fyrstur var með slíkt kort. - ghs

Forstjórar ríkisstofnana:

# Hafa líka kreditkort ríkisins

**FJÁRMÁL Forstjórar sumra ríkisstofnana hafa kreditkort ríkisins á sínu nafni. Ekki er til yfirlit um hvaða eða hversu margir forstjórar ríkisstofnana hafa slík kort.**

**Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi segir að hver stofnun taki ákvörðun um þetta fyrir sig.**

**„Það er hvergi til listi yfir þetta," segir Sigurður og telur að það sé undantekning að forstjórar hafi kort af þessu tagi. Engar reglur séu til um kortin aðrar en þær sem gilda fyrir risnu. Í seinni tíð hafi ekki verið nein vandræði með kortanotkunina en í upphafi hafi notendur ekki varað sig á því hvaða gögn þyrftu að fylgja.** - ghs


**BOÐEIND** TÖLVUVERSLUN - ÞJÓNUSTA
Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

**Frábær fermingartilboð á www.bodeind.is**



**ASUS A6VM-A**
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Pentium Mobile Single core 1.73GHz
Skjákort: nVidia Geforce Go 7300 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Staðgreiðsluverð kr. 94.900,-
Verð áður kr. 112.243,-

Frí fartölvutaska, USB laser mús og Norton Systemworks vírusvörn og eldveggur með öllum fartölvum frá Boðeind



**Asus A6JA**
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Intel Pentium M Dual Core T2400
Skjákort: Radeon X1600 256MB DDR
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Staðgreiðsluverð kr. 136.900,-
Verð áður kr. 149.900,-

Frír 2GB USB minnislykill fylgir með A6JA og A6T á meðan birgðir endast



**Asus A6T**
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15.4" Glare type háskerpuskjár
Örgjöri: AMD TurionX2 Dual Core TL52 64 bita
Skjákort: Geforce 7600 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Staðgreiðsluverð kr. 136.900,-
Verð áður kr. 149.900,-

Innbyggð 1.3 MegaPixla vefmyndavél & hljóðnemi er í öllum fartölvum frá Boðeind



**Asus Vintage Vel hönnuð og hljóðlát tölva**
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-
Verð áður kr. 84.900,-



**Asus Pundit ótrúlega nett og hljóðlát tölva**
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-
Verð áður kr. 84.900,-

**Boðeind í 20 ár**
**Þar sem verð og gæði fara saman**
**Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu**


# Mjúk lending eftir úrslit álverskosningar

**Hagfræðingur Glitnis segir niðurstöðu álverskosninganna í Hafnarfirði vera ákjósanlega fyrir það markmið að ná mjúkri lendingu í hagkerfinu. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins telur efnahagsleg áhrif ekki verða mikil.**

**EFNAHAGSMÁL** Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá greiningardeild Glitnis, telur úrslit álverskosninganna í Hafnarfirði munu stuðla að mjúkri lendingu í efnahagslífinu.

Jón Bjarki segir eina af forsendunum fyrir nýlegri spá bankans um mjúka lendingu í hagkerfinu vera þá að ekki yrðu frekari álversframkvæmdir á næstunni.

„Það hversu nærri hin fyrirhugaða stækkun í Straumsvík var í tíma, umfang hennar og það hversu hratt átti að vinna stækkunina hefði frestað þeirri aðlögun hagkerfisins sem við höldum að sé kominn tími á eftir mikið þensluskeið undanfarin ár. Þannig að fyrir þessa aðlögun hagkerfisins og að koma því í jafnvægi er þetta nokkuð ákjósanleg skipan mála," segir Jón Bjarki.

Að sögn Jóns Bjarka má nú búast við því að stýrivextir Seðlabankans lækki fyrr og meira en þeir hefðu gert ef það hefði orðið af stækkuninni. Vextirnir taki að lækka upp úr miðju ári og verði orðnir töluvert lægri en nú strax um áramót.

Krónan veiktist um hálft prósent í gær. „Við áttum von á einhverri veikingu en þetta er eins og hver annar dagur. Áhrif á krónuna eru alveg glettilega lítil. Markaðurinn virðist taka þessum fréttum með ró," segir Jón sem útilokar þó ekki að einhver áhrif á krónuna komi fram síðar: „Gengið er náttúrlega ólíkindatól. Það er ekki ólíklegt að þegar menn sjá að þetta eykur líkurnar á lækkun stýrivaxta seinna á árinu að það leiði til einhverrar lækkunar á gengi krónunnar."



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Fær ekki heimild til stækkunar. Greiningardeild Glitnis telur það hjálpa til við mjúka lendingu hagkerfisins.



**JÓN BJARKI BENTSSON**



**SVEINN HANNESSON**

Seðlabankinn gerir ráð fyrir allt að 5 prósenta atvinnuleysi eftir fáein misseri. Jón Bjarki telur þá spá svartsýna. „Við gerum ráð fyrir jafnri og þéttri aukningu atvinnuleysis og að það verði um 3 prósent þegar nær dregur lokum áratugarins," segir hann.

Jón Bjarki telur önnur áformuð álver, eins og í Helguvík og Húsavík, ekki mundu hafa sömu efnahagslegu áhrif og stækkunin í Straumsvík. „Þessi álver eru aðeins lengra frá í tíma. Í öðru lagi er bæði gert ráð fyrir því í Helguvík og á Húsavík að reisa álverin í tveimur áföngum sem þýðir að framkvæmdirnar á hverju tímabili eru þeim mun minni. Og þetta eru heldur minni álver en stækkunin átti að vera. Allt leggst þetta á eitt að áhrifin á hagkerfið verði að sama skapi minni."

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, lítur aðeins öðrum augum á efnahagsleg áhrif úrslitanna í Hafnarfirði. „Ég er ekki viss um að þetta hafi mikil efnahagsleg áhrif almennt vegna þess að mér sýnist að það séu margir aðrir sem hafa áhuga á að kaupa orkuna og byggja upp áliðnað á öðrum stöðum," segir Sveinn. gar@frettabladid.is

Íslensk kauphallarfélög skráð á aðalmarkað OMX Nordic Exchange:

# Kauphöllin orðin samnorræn

**VIÐSKIPTI** Félögin 25 sem hér eru skráð í Kauphöllina fóru í gærmorgun inn á samnorrænan lista OMX kauphallasamstæðunnar og verða eftirleiðis kynnt með sænskum, finnskum og dönskum félögum á aðalmarkaði Nordic Exchange.

Fyrir áramót var gengið frá samruna Kauphallar Íslands og OMX. Skrefið sem stigið var í gær er hluti af samþættingu starfsemi Kauphallarinnar og OMX. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, vonast til að henni ljúki að fullu á árinu.

Af íslensku félögunum flokkast níu sem stór félög á aðalmarkaði Nordic Exchange, tíu sem meðalstór og sex sem smærri félög. Þau verða einnig hluti af norrænum vísitölum OMX. Jukka Ruuska, forstjóri OMX Nordic Exchange, sagði íslenska markaðinn um margt einstæðan fyrir vöxt hans síðustu ár og benti á að íslensk félög yrðu nálægt tíund af stórfélögum á norræna listanum.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra talaði einnig um vöxt markaðarins, en kvað reynslu af erlendum fjárfestingum helst hafa vantað hér og vonaðist til að bættist í þann reynslubrunn við sameininguna og samstarfið við OMX. Í tilefni



**OPNUNARBJÖLLU KLINGT** Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Jukka Ruuska, forstjóri OMX kauphallasamstæðunnar. Bjallan verður eftirleiðis notuð þegar ný félög bætast í kauphöllina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

tímamótanna var Árni fenginn til að hringja inn viðskiptadaginn með nýrri kauphallarbjöllu Kauphallarinnar. - óká







# Besti hryggurinn

## að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**

## Landsins mesta úrval af sveppum



Portabello | Mini shitake | Gulir ostru | Rauðir ostru | King Bolett | Eringi | Nornagaldur | Íslenskir | Pied bleu | Beach garic | Horse



**Kalkúnaskip** smjörsprautað
- spennandi um páskana




**Nautalundir**
- frá Nýja Sjálandi, frosnar




**Hátíðarfugl**
- frábær á veisluborðið



Bláber | Rifsber | Kiwiber | Blæjuber | Hindber | Brómber

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvað heitir aðalræðismaður Íslendinga í Færeyjum?*

*2 Hverjir eru sigurvegarar Músíktilrauna í ár?*

*3 Hvað heitir Íslandsmeistari kvenna í badminton?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 36

Fyrsta áfanga þess að taka Jóhannes Pál II páfa í dýrlingatölu lauk í gær:

# Jóhannes Páll II á leið í dýrlingatölu

**VATÍKANIÐ, AP** Fyrsta áfanga þess að taka Jóhannes Pál II páfa í dýrlingatölu lauk í gær, tveimur árum eftir lát hans, þegar embættismenn kaþólsku kirkjunnar luku rannsókn sinni á dyggðum hans.

Skjöl um ævi Jóhannesar Páls voru innsigluð með rauðum borða og vaxi við athöfn í Róm í gær og send til kardínálaráðs Vatíkansins. Ráðið fékk einnig í hendur skjöl um nunnu sem segir að sér hafi fyrir kraftaverk batnað af parkinson-veiki eftir að hafa beðið til Jóhannesar Páls. Læknisfræðilegir sérfræðingar og guðfræðingar munu meta hvort bati nunnunnar teljist kraftaverk. Annað kraftaverk þarf til áður en Jóhannes Páll getur verið tekinn í dýrlingatölu.



**JÓHANNES PÁLL II PÁFI** Lést 2. apríl árið 2005 85 ára að aldri, eftir að hafa verið páfi í 26 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðeins 41 degi eftir lát Jóhannesar Páls ákvað eftirmaður hans, Benedikt XVI, að gera undantekningu á reglunni um að fimm ár þurfi að líða frá láti áður en rannsókn getur hafist. Var hann með því að bregðast við háværum kröfum um að Jóhannes Páll yrði strax tekinn í dýrlingatölu.

Camillo Ruini, kardínáli og fulltrúi páfa í Róm, messaði í athöfninni í gær. Að henni lokinni lýsti Ruini klökkur fyrir blaðamönnum hvaða dýrlingakostir hefðu einkennt Jóhannes Pál: einfaldleiki hans, sterk andstaða gegn kommúnisma og einnig fóstureyðingum, og vilji hans til að þjást vegna sjúkdóms síns og ellihrörnunar fyrir sjónum almennings. - sdg

Millríkjadeila Írana og Breta:

# Vonir aukast um lausn fangadeilu

**ÍRAN, AP Vonir um lausn á deilu Írans og Bretlands vegna bresku sjóliðanna sem hafa verið í haldi Írana í tólf daga jukust í gær þegar írönsk stjórnvöld lýstu vilja til að leysa hana eftir diplómatískum leiðum.**

**Bretar vilja fyrirbyggja að nokkuð svona geti hent aftur.**

**Stjórnvöld beggja ríkja hafa skipst á harðorðum yfirlýsingum.**

**Íranar vilja afsökunarbeiðni vegna ólöglegrar veru hermannanna í íranskri lögsögu en Bretar segja þá hafa verið í íraskri lögsögu og vilja sína menn lausa án frekari tafar.** - sdg




Orkuveita Reykjavíkur

# Styrkur samfélagsins

Við auglýsum eftir umsóknum um styrki á sviði menningarmála, íþrótta- og æskulýðsmála, umhverfis- og útivistarmála og mannúðarmála.

Alls leggjum við fram 50 milljónir króna og skiptast þær þannig að 10 milljónum verður ráðstafað til menningarmála annars vegar og mannúðarmála hins vegar, 15 milljónir króna renna til íþrótta- og æskulýðsmála og 15 milljónir til umhverfis- og útivistarmála.

Sækið um styrki fyrir 23. apríl næstkomandi. Eingöngu er hægt að sækja um á vef Orkuveitu Reykjavíkur: www.or.is

or.is




**BORGARALEGIR FORSÆTISRÁÐHERRAR** Svíar og Íslendingar eiga það sameiginlegt nú að báðar ríkisstjórnirnar eru borgaralegar. Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, kom í fyrsta skipti í gær í heimsókn til Íslands og hitti Geir H. Haarde forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Líkar íslenska skattkerfið

**Ríkisstjórn Svíþjóðar fylgist með skattalækkunum á Íslandi og telur skattapólitíkina hér „jákvæða“.**

**UTANRÍKISMÁL** Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, kom hingað til lands í fyrsta skipti í gær í opinbera heimsókn, átti fund með Geir H. Haarde forsætisráðherra og hitti fulltrúa Viðskiptaráðs Íslands. Reinfeldt sagði að Svíar fylgdust vel með þeim breytingum sem ættu sér stað á Íslandi, sérstaklega varðandi skattalækkanir.

„Við höfum rætt mikið efnahagslegar aðstæður þjóðanna. Þjóðirnar hafa svipaða efnahagslega stöðu með góðum vexti, skorti á vinnukrafti og sterku fjármálalífi. Við höfum rætt meðal annars hagsmuni íslenskra fjármálafyrirtækja í Svíþjóð sem við lítum á með jákvæðum hætti,“ sagði Fredrik Reinfeldt.

Svíar hafa nú borgaralegan forsætisráðherra í fyrsta skipti um langt skeið. Reinfeldt sagði að Svíar gætu tekið sér íslensk stjórnvöld til fyrirmyndar að ýmsu leyti. „Umbreytingin í íslenskum efnahagsmálum hefur náttúrlega markast sterkt af langri veru Sjálfstæðisflokksins við völd. Ríkisstjórnin hefur byggt upp frábærar forsendur fyrir fjármálakerfið og einkafyrirtæki,“ sagði hann.

„Íslenskt þjóðfélag hefur verið gert aðlaðandi fyrir bæði fjármálafyrirtækin og fjárfestingar og ríkisstjórnin hefur verið með jákvæða skattapólitík eins og við reynum nú að koma á í Svíþjóð,“ sagði hann og taldi að sænska ríkisstjórnin myndi halda inn á svipaðar slóðir í sinni pólitík á næstu misserum og árum.

Hann sagði líka að Svíar myndu fylgjast með atburðum á íslenskum vinnumarkaði, skoða sölu ríkisfyrirtækja og bera saman við sölufyrirætlanir í Svíþjóð. „Það er alltaf náið samband milli norrænu landanna og margt sem er líkt,“ sagði hann.

Spurður um samstarf þjóðanna á sviði öryggismála sagði Reinfeldt að það væri augljóst að lega Íslands á miðju Atlantshafi væri mikilvæg og þess vegna væri samstarf á Mið-Atlantshafi mikilvægt fyrir öryggi Evrópu.

Reinfeldt þakkaði Íslendingum fyrir aðstoðina sem Svíar nutu þegar flóðbylgjan varð í Indlandshafi fyrir nokkrum árum en íslenska ríkisstjórnin sendi þá þotu til að sækja slasaða.

Reinfeldt hitti Viðskiptaráð síðdegis og hélt svo aftur heim til Svíþjóðar. ghs@frettabladid.is


HIGH PEAK



# Flott hugmynd að fermingargjöf

**Kira 3**
*Frábært kúlutjald með stóru fortjaldi.*

**Fermingartilboð**
**9.990 kr.**
*Verð áður 11.990 kr.*
*Tjöld frá 6.990 kr.*

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF


Herinn á Sri Lanka segir Tamíltígra bera ábyrgð á sprengingu:

# Óbreyttir borgarar farast

**SRÍ LANKA, AP** Sextán óbreyttir borgarar létu lífið og 25 særðust þegar sprengja tætti í sundur strætisvagn við eftirlitsstöð nærri borginni Ampara austast á Sri Lanka í gær. Herinn sagði aðskilnaðarsinna tamíltígra ábyrga fyrir sprengingunni.

Tamíltígrar hafa aðallega beint árásum sínum að hernum undanfarin ár. Talsmaður hersins, Prasad Samarasinghe, sagði hafið yfir vafa að hér hefðu óbreyttir borgarar verið skotmark tígranna.

Sprengingin í gær jók mannfall vegna átakanna frá því á sunnudag upp í 36 manns. - sdg



**Á VETTVANGI** Hermenn skoða verksummerki í flaki strætisvagnsins. NORDICPHOTOS/AFP

# FÉLAGSVÍSINDADEILD




Til að ná árangri þarf metnað. Í tæpa öld hefur Háskóli Íslands gegnt lykilhlutverki í íslensku samfélagi og tekið þátt í að efla það og styrkja.
Metnaður Háskóla Íslands er metnaður íslensku þjóðarinnar. Stefna Háskóla Íslands er skýr: Til að þjóna sem best íslensku samfélagi hefur Háskóli Íslands sett sér það langtímamarkmið að vera á meðal 100 bestu háskóla í heimi. **Það er framtíðin.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is




200.000 KR. KAUPAUKI

Vindskeið, heilsársdekk og 16" álfelgur.*

Verð frá 2.590.000,-

Subaru Forester með 2.0 lítra vél og 158 hestöflum.

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Umboðsmenn um land allt | Akureyri 464-7940 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|

*Á meðan birgðir endast.




Í ÞÓRSHÖFN Færeyski söngvarinn Jógvan Hansen var í Færeyjum ásamt fulltrúum X-faktors um síðustu helgi að heimsækja heimaslóðirnar og ræða við ættingja hans fyrir úrslitaþáttinn á föstudagskvöldið. Jógvan brá á leik í höfninni í Þórshöfn með Helga, systursyni sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Keypti hús í Færeyjum

## Utanríkisráðuneytið fækkaði í sendiráðinu í Stokkhólmi vegna aðalræðisskrifstofunnar í Færeyjum.

FÆREYJAR Utanríkisráðuneytið hefur fest kaup á íbúðarhúsi fyrir aðalræðismann Íslands í Þórshöfn og leigir Fútastovuna, nýuppgert hús í miðbænum undir skrifstofu ræðismannsins. Á móti hefur verið fækkað um einn í sendiráði Íslands í Stokkhólmi og íbúðarhúsnæði þar selt. Kostnaður er ekki talinn aukast mikið.

Eiður Guðnason sendiherra verður aðalræðismaður Íslands í eyjunum. „Færeyjar eru í ríkjasambandi við Danmörku þannig að skrifstofan heyrir formlega að hluta til undir sendiráðið í Kaupmannahöfn en ég mun vera meira og minna í sambandi við ráðuneytið í Reykjavík," segir Eiður og rifjar upp að skrifstofan hafi verið nokkuð lengi í undirbúningi.

„Ráðherra hefur lengi haft áhuga á að hrinda þessu í framkvæmd," segir hann og telur viðfangsefnin vera næg í því að greiða, efla og treysta samskiptin milli Færeyinga og Íslendinga, bæði á sviði viðskipta og menningarmála. „Sérstaklega með tilliti til Höivikursamningsins sem er fríverslunarsamningur milli Íslands og Færeyja, víðtækasti samningur sem við höfum gert við nokkra þjóð. Það á eftir að útfæra hann og fylla út í þannig að það verða nóg verkefni."

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra opnaði aðalræðisskrifstofuna við hátíðlega athöfn í Færeyjum á sunnudag. Hún sagði að skrifstofan hefði lengi verið á dagskrá. Tvennt hefði aðallega tafið. Annars vegar hefðbundin varfærni í ákvörðun og undirbúningi stórvirkis af þessu tagi, hins vegar sú staðreynd að Ísland hefði frá upphafi verið þeirrar gæfu aðnjótandi að færeysku heiðursræðismennirnir hefðu allir verið mikilmenni sem hefðu sinnt hlutverki sínu með framúrskarandi hætti.

„Síðustu tvo áratugi hefur okkar góði vinur Poul Mohr staðið vaktina og verið að öðrum ólöstuðum í algjörum sérflokki heiðursræðismanna Íslands á erlendri grundu. Getum við seint þakkað honum og hans góðu konu Önnu nógsamlega fyrir hans og þeirra framlag til sambands Íslands og Færeyja," sagði hún.

Tveir starfsmenn verða á aðalræðisskrifstofunni. Eiður Guðnason og eiginkona hans verða búsett í Færeyjum. Staðarráðinn ritari er Brynja Ósk Birgisdóttir sem búsett er í Færeyjum. ghs@frettabladid.is



UTANRÍKISRÁÐHERRA OG LÖGMAÐURINN Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra tekur í höndina á Jóannesi Eidesgaard, lögmanni Færeyja, fyrir utan Fútastovu, aðalræðisskrifstofu Íslendinga, miðsvæðis í Þórshöfn. Eiður Guðnason verður aðalræðismaður Íslendinga í eyjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


'07 70ÁR Á FLUGI




ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 36917 3/07

GEFÐU FERÐALAG Í FERMINGARGJÖF

Það er bæði þroskandi og gaman að sjá sig um í heiminum. Gjafabréf frá Icelandair, full greiðsla eða innborgun upp í flugfargjald, er fermingargjöf sem opnar nýjar leiðir.

+ Pantaðu fermingargjöfina á icelandair.is/gjafabréf

Gjafabréf gildir í tvö ár frá útgáfudegi til allra áfangastaða Icelandair í Evrópu og Bandaríkjunum.


Fyrsta áfanga í að bæta símasamband um landið lokið:

# Hringvegurinn GSM-væddur

SAMSKIPTI Fyrsta áfanga verkefnis sem felst í því að klára GSM-væðingu hringvegarins lauk 16. mars síðastliðinn. Þá kveiktu starfsmenn Símans á nýjum sendum sem þekja 33,5 kílómetra vegkafla. Svæðin sem um ræðir eru Streiti, Álftafjörður, Hvalnesskriður, Papafjörður og Almannaskarð á Austurlandi, og Vatnsdalur í Húnaþingi.

Verkefnið hófst 12. janúar þegar Fjarskiptasjóður og Síminn undirrituðu samning um að klára GSM-væðingu hringvegarins og fimm fjölfarinna fjallvega. Það tekur alls tólf mánuði. - sþs

Borgarstjóri New York-borgar:

# Ósáttur við ofbeldistölvuleik

**TÖLVUR Michael Bloomberg, borgarstjóri New York, er ósáttur við að næsta útgáfa ofbeldisfulla tölvuleiksins Grand Theft Auto fari fram í borg sem líkist New York skuggalega mikið. Að því er kemur fram í dagblaðinu Boston Herald segist hann ekki styðja neinn leik þar sem stig eru gefin fyrir að meiða eða drepa lögregluþjóna.**

**Í sýnishorni úr leiknum, sem er þekktur fyrir að verðlauna morð og limlestingar, má sjá mannvirki eins og Frelsisstyttuna og Brooklyn-brúna. Þó heitir borgin í leiknum ekki New York heldur Liberty City. Grand Theft Auto IV kemur út í október. - sþs**

Kona á sextugsaldri ákærð fyrir fjárdrátt:

# Ákærð fyrir að stela hálfri milljón frá Landsímanum

**DÓMSMÁL** Kona á sextugsaldri hefur verið ákærð fyrir að draga sér samtals 516 þúsund krónur frá Landsíma Íslands, sem hét svo á þeim tíma sem þjófnaðurinn var framinn. Atvikin áttu sér stað í þjónustumiðstöð fyrirtækisins í Reykjanesbæ.

Samkvæmt ákæru hófst brotaferill konunnar í apríl 2004. Þá tók hún við greiðslu frá fyrirtæki vegna staðgreiðslusölu. Upphæðina, tæplega 60 þúsund krónur, bakfærði hún fimm mínútum síðar og tók svo peningana, þannig að upphæðina vantaði í dagsuppgjöri og innlegg í banka varð of lágt.

Í júlí á sama ári tók konan ríflega 106 þúsund krónur úr dagsuppgjöri, sem var greiðsla frá sama fyrirtæki og í fyrra skiptið. Síðar í sama mánuði tók konan rúmlega 55 þúsund af fé sem leggja átti inn daginn eftir, en það var hluti staðgreiðslu frá öðru fyrirtæki.

Í október tók hún tæplega 115 þúsund krónur af innleggi dagsins eftir að hafa bókað fjárhæðina á biðreikning.

Í apríl og maí 2005 tók konan svo ríflega 180 þúsund krónur í þrennu lagi með sama hætti og áður. - jss



**LANDSÍMI ÍSLANDS** Meintur þjófnaður konunnar átti sér stað þegar gamli Landsíminn var og hét.



**FLÓTTAFÓLK** Tugþúsundir manns hafa flúið Mógadisjú vegna harðra bardaga seinustu daga. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarherinn blæs til sóknar:

# Áfram barist í Mógadisjú

**SÓMALÍA, AP** Stjórnvöld í Sómalíu vöruðu íbúa á átakasvæðum í Mógadisjú, höfuðborg landsins, í gær við því að blásið yrði til nýrrar sóknar gegn íslömskum uppreisnarmönnum og sögðu þeim að yfirgefa heimili sín.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna segir 47.000 manns, mestmegnis konur og börn, hafa flúið ofbeldi í Mógadisjú undanfarna tíu daga. Meira en 200 hafa særst í verstu bardögum sem geisað hafa í borginni í fimmtán ár samkvæmt tölum frá Rauða krossinum. Að minnsta kosti 20 hafa fallið. - sdg

Veðurstofan fer yfir marsmánuð:

# Órólegt tíðarfar og úrkomusamt

**VEÐUR Tíðarfarið í mars var fremur órólegt samkvæmt yfirliti Veðurstofu. Lengst af var það hagstætt inn til lands en slæm tíð var til sjávar.**

**Meðalhiti í Reykjavík var 2,2 stig, sem er 1,7 stigum ofan meðallags. Á Akureyri var meðalhitinn 2 stig, 3,3 stigum ofan meðallags.**

**Mánuðurinn var úrkomusamur. Í Reykjavík var úrkoman 57 prósentum meiri en venjulega og hefur ekki rignt jafn mikið í höfuðborginni í marsmánuði síðan 2000. Á Akureyri var úrkoman 35 prósentum meiri en venjulega. - sþs**

Danskt landkynningarátak:

# Erum meira en beikonbændur

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Danska ríkisstjórnin hleypti í gær af stað landkynningarátaki sem hún hyggst verja til sem svarar yfir 4,8 milljörðum íslenskra króna á næstu fjórum árum.



**BENDT BENDTSEN**

Bendt Berndtsen efnahagsráðherra sagði á blaðamannafundi að átakið hefði að markmiði að kynna Danmörku sem „nútímalegt þjóðfélag sem framleiðir nútímalegar vörur og býður upp á þjónustu í hæsta gæðaflokki“.

„Vandamálið er að við erum of víða þekktir fyrir beikon, smjör og H.C. Andersen,“ sagði ráðherrann. Það væri gott og blessað, en gæfi bara ekki rétta mynd af Danmörku nútímans. - aa




Lögreglumennirnir sem handtóku stráka vegna tyggjóklessu:

# Málið verður leyst innanhúss

**LÖGGÆSLA** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vill ekki gefa upp hvernig tekið verður á máli lögreglumannanna sem handtóku í mars fjóra sextán ára stráka og einn átján ára og létu gista fangageymslur að ósekju.

Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri segir að málið verði leyst innanhúss, en vill ekki segja á hvaða hátt. Mennirnir verði þó ekki kærðir. Hörður vill ekki segja hvort þeir verði formlega áminntir, en segir það mögulegt í málum sem þessum.

Drengirnir fimm voru stöðvaðir þar sem þeir keyrðu inn á aðrein strætisvagna við Hlemmtorg.



**HEIÐURSVÖRÐUR** Lögregluþjónarnir sem komu að málinu verða ekki áminntir opinberlega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þeir virtust „hreyfa sig grunsamlega“ og var því leitað í bíl þeirra. Tveir voru handjárnaðir á meðan og annar þeirra sagðist seinna vera með mar á baki eftir að hafa verið slengt á bílhúddið.

Lögreglumennirnir fundu tyggjóklessu í álpappír undir farþegasæti og þótti þeim það ástæða til að rannsaka málið nánar og handtaka alla drengina. Piltarnir voru berstrípaðir og segjast hafa þurft að sofa í köldum klefa á nærbuxunum einum fata.

Piltarnir fengu ekki að hringja í foreldra sína um nóttina, fyrir utan þann elsta. Foreldrum hans var tjáð að þeir hefðu verið teknir með „umtalsvert magn“ fíkniefna. Svo reyndist ekki vera og var þeim sleppt umyrðalaust daginn eftir. **- kóþ**

# Jarðeigendur fá ekki raforkuverð til Alcoa

**Nefnd sem metur verðmæti vatnsréttinda sem nýtast Kárahnjúkavirkjun fékk trúnaðarupplýsingar um raforkuverðið til álvers Alcoa á Reyðarfirði. Landsvirkjun neitar að upplýsa sjálfa eigendur vatnsréttindanna um verðið.**

**ORKUMÁL** Matsnefnd sem á að meta verðmæti vatnsréttinda sem nýtt verða vegna Kárahnjúkavirkjunar hefur í trúnaði fengið upplýsingar frá Landsvirkjun um raforkuverðið til álvers Alcoa á Reyðarfirði.

Jón Jónsson, lögmaður hjá Regula lögmannstofu, sem gætir hagsmuna flestra vatnsréttarhafa í Jökulsárdal, segir að til þess að landeigendurnir njóti jafnrar stöðu í matsmálinu eigi þeir rétt á að fá sömu upplýsingar um raforkuverðið og matsnefndin fékk. Ella þurfi hugsanlega að skipa nýja menn í matsnefndina sem ekki fái upplýsingar um raforkuverðið.

Gríðarlega mikið ber í milli verðhugmynda vatnsréttarhafanna annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar. Landsvirkjun telur vatnsréttindin í allra hæsta lagi 375 milljóna króna virði og jafnvel einskis virði fyrir landeigendurna. Lögmenn landeigendanna í Jökulsárdal segja 60 milljarða eðlilegri upphæð. Íslenska ríkið á sjálft verulegan hluta vatnsréttindanna.

Landsvirkjun hefur þegar hafnað því að vatnsréttarhafarnir, sem munu vera um eitt hundrað, fái að vita um raforkuverðið. Fyrirtækið hefur hins vegar lagt til að lögmenn landeigendanna fái einir að sjá trúnaðarskjöl um verðið en ekki sjálfir eigendurnir.

„Með þeirri leið væri verið að jafna stöðuna að nokkru leyti en við höfum ekki mælt sérstaklega



**JÖKULSÁ Á DAL** Landeigendur telja vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar vera 60 milljarða króna virði en Landsvirkjun metur réttindin í hæsta lagi á 375 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**JÓN JÓNSSON**

með því. Við höfum einfaldlega útskýrt kosti og galla hvorrar leiðar fyrir umbjóðendum okkar og falið þeim að velja sjálfir,“ segir Jón. Hann hefur sent landeigendunum skjal til undirritunar þar sem þeir geta annaðhvort fallið frá kröfu um að fá aðgang að raforkuverðinu gegn því að lögmennirnir fái verðið upplýst eða haldið því til streitu að njóta fulls jafnræðis við málsmeðferðina og fá þannig aðgang að öllum gögnum sem lagðar eru fyrir matsnefndina.

Jón leggur áherslu á að krafa vatnsréttarhafanna um 60 milljarða króna verðmat sé ekki byggð á því raforkuverði sem Landsvirkjun fái frá Alcoa heldur sé krafan miðuð við meðalverð seldrar raforku í landinu. Ákvörðun um verð til Alcoa hafi Landsvirkjun tekið einhliða án samráðs við vatnsréttarhafana. „Það hefði mátt nota þessa raforku í eitthvað annað,“ útskýrir Jón Jónsson.

**gar@frettabladid.is**

Mikið tjón vegna flóða og aurskriða síðustu daga í Afganistan:

# Fimmtíu manns drukknuðu

**AFGANISTAN** Flóð og aurskriður hafa valdið talsverðu tjóni síðustu daga í Afganistan og bundið enda á líf fimmtíu manna víðs vegar um landið.



**INGI ÞÓR ÞORGRÍMSSON**

Sameinuðu þjóðirnar segja að allt að 25 þúsund manns hafi orðið fyrir miklum óþægindum vegna þessa og hjálparstofnanir reyni nú að ná til þeirra. Það eru almenn hlýindi vorsins sem valda vatnavöxtunum en ekki bætir úrhellisrigning síðustu daga úr skák. Þurrkar hafa verið í landinu og er þetta ein mesta rigning sem sést hefur í áraraðir.

Fjallabyggðir fóru mun verr út úr hamförunum en höfuðborgin, að sögn Inga Þórs Þorgrímssonar, sem starfar fyrir friðargæsluna á flugvellinum í Kabúl. Brýr hafi hrunið og tjón orðið á vegum, en landið er afar torfært frá náttúrunnar hendi.

„Þessi heimili sem eyðilögðust voru moldarkofar sem hafði verið hróflað upp ólöglega við ána. Þetta telst nú ekki mikið tjón hérna,“ segir Ingi.

Áin í höfuðborginni flæddi yfir bakka sína fyrri hluta mánaðags. Hún liggur að flugvellinum, þar sem friðargæsluliðarnir starfa, en „því var öllu bjargað“, segir Ingi. Flugvöllurinn hafi ekki orðið fyrir tjóni. Hann segir jafnframt að veðrið hafi skánað til muna og landið sé að þorna. **- kóþ**



**KABÚLBÚI VEÐUR Í ÁNNI** Áin í Kabúl er alla jafna lítil og meinlaus. Hún hefur nú flætt yfir bakka sína í fyrsta sinn í mörg ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„...miklu betri þjónusta hjá ykkur“

Ummæli fólks sem lent hefur í tjóni segja mest um þjónustu tryggingafélaga.

„Mjög skjót viðbrögð og miklu betri þjónusta hjá ykkur en hjá hinum tryggingafyrirtækjunum. Greinilegt að maður hefur valið rétt tryggingafélag.“

Með bestu kveðju,
Þóra Guðrún Jónsdóttir

Ánægjuvog tryggingafélaga 2006




Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga.




ÍSLENSKA SIA.IS / TM 36704 03/07

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is

## Komdu norður!

# Páskaævintýri á Akureyri



### Komdu á skíði!

Opið alla páskana í Hlíðarfjalli. Hreinræktað skíðaævintýr! Samhliðasvig og sprettganga í Fjallinu – og í miðbænum.

### Komdu í leikhús!

Lífið notkunarreglur, Best í heimi og Ausa hjá Leikfélagi Akureyrar. Nánar á www.leikfelag.is.

### Komdu í sund!

Vatnaparadísin í Sundlaug Akureyrar opin frá kl. 9.00-19.00 alla páskana.

**Bærinn iðar af lífi um páskana:** Myndlistarsýningar, sinfóníutónleikar, rokktónleikar, öðruvísi tónleikar, dansleikir, úrval veitingarhúsa, kynning á mat úr héraði, kaffihúsin opin, Íslandsmót í kraftlyftingum, góða veðrið og góða skapið í sannkölluðu páskaævintýri á Akureyri.








**Allt um viðburðina í bænum á www.akureyri.is/atburdadagatal.**

**Akureyri.is - Nordurland.is**




KALKÚNABRINGUR
MEÐ APRIKÓSUFYLLINGU **1.198** kr. kg




LAMBAFILLET
MEÐ FITURÖND **2.498** kr. kg




UNGNAUTA-
HAMBORGARAR 90 g **79** kr. stk.




GRÍSALUNDIR
MEÐ SUMARFYLLINGU **1.998** kr. kg




LAMBAKÓRÓNA
AÐ HÆTTI GRIKKJA **2.698** kr. kg




LAMBAGEIRI Í RÓSMARÍN
GRILLSPJÓT **2.698** kr. kg




PEPSI MAX
**99** kr. 2 l







Páskablandið




ARGENTÍNU
GRILLSÓSUR
**374** kr. stk.


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Páskatilboð!
Lambalæri
af nýslátruðu
35%
afsláttur
LAMBALÆRI
AF NÝSLÁTRUÐU
998 kr. kg
Eigðu örugga páska
með kjöti frá Nóatúni!
14%
afsláttur
ANDABRINGUR
ERLENDAR
2.998 kr. kg
NÓATÚNS GRÍSAHAM-
BORGARAHRYGGUR
1.298 kr. kg
Gómsæt
villibráð
22%
afsláttur
HJARTARKJÖT
FILLET
2.198 kr. kg
Grafinn og reyktur lax
- heil flök og bitar
VS humar
í alla rétti
Ferskt grænmeti
og ávextir
alla daga í
grænmetistorginu
Verði ykkur að góðu!



**Á FLEYGIFERÐ** Glaðbeittar skólastúlkur þeysast um götur Jakarta, höfuðborgar Indónesíu, í fótstignum farþegavagni. Indónesía er með fjórða hæsta hlutfall barna af fólksfjölda í heiminum með 76 milljónir barna. NORDICPHOTOS/AFP

Davíð Garðarsson:

## Hóf afplánun á sunnudaginn

**LÖGREGLUMÁL** **Davíð Garðarsson, sem gaf sig nýverið fram við greiningadeild ríkislögreglustjóra eftir að hafa verið á flótta frá því í desember 2005, hóf afplánun í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg á sunnudaginn. Hann verður fluttur í annað fangelsi innan tíðar.**

**Davíð hafði verið eftirlýstur af lögreglu hér á landi og af alþjóðalögreglunni Interpol vegna fíkniefnabrota og nauðgunar. Hann var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi stuttu áður en hann flúði og hefur alls hlotið þrettán refsidóma.**

**Enginn hegningarauki mun bætast við dóm Davíðs vegna flóttans en hann gæti haft áhrif á möguleika hans til reynslulausnar.**

- þsj

# Einn leikskóli í hverju hverfi opinn allt sumarið

**Nýtt fyrirkomulag verður á sumarlokunum leikskóla Reykjavíkurborgar í sumar. Formaður leikskólaráðs segir að með því sé komið til móts við foreldra. „Almenn ánægja með kerfið“, segir leikskólastjóri í borginni.**

**FÉLAGSMÁL** Breytt fyrirkomulag verður á sumarlokunum leikskóla í Reykjavík í sumar. Eftir sem áður loka flestir leikskólar í að minnsta kosti tvær vikur yfir sumarið, en sú breyting verður á að í hverju hverfi borgarinnar verður einn skóli opinn allt sumarið.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs, segir fyrirkomulaginu hafa verið breytt til þess að koma til móts við foreldra leikskólabarna. „Ef foreldrum gengur illa að skipuleggja sumarfrí sín hafa þeir nú kost á að notfæra sér að einn skóli í hverfinu er opinn allt sumarið,“ segir hún.



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Almenna reglan varðandi sumarfrí leikskólabarna er að þau fái fjögurra vikna samfellt frí yfir sumarið, og er foreldrum í sjálfsvald sett hvorum megin við sumarlokunina tveggja vikna viðbótarfríið er tekið. Þorbjörg segir þetta fjögurra vikna samfellda frí vera af barnvænum ástæðum, og þeirri reglu verði ekki breytt á næstunni. Hins vegar hafi foreldrar aukinn sveigjanleika hvað varðar þeirra sumarfrí eftir breytinguna.

„Ég held að foreldrar séu almennt ánægðir með þetta kerfi,“ segir Matthildur Laufey Hermannsdóttir, leikskólastjóri á Laufásborg í Reykjavík. „Eins og aðrir skólar byrjum við á því að gera könnun meðal foreldra á því hvenær þeir taka sitt sumarfrí, og lokum síðan þær tvær vikur sem flestir velja. Okkar reynsla af þessu fyrirkomulagi er góð.“

Sumarlokanir leikskóla í öðrum bæjarfélögum eru með svipuðu sniði og í Reykjavík. Í flestum bæjarfélögum er miðað við tveggja vikna sumarlokun með tveggja vikna aukafríi öðru hvorum megin við lokunina.



**Á LEIKSKÓLA** Formaður leikskólaráðs segir erfitt að losna alveg við sumarlokanir. Bæði sé hagkvæmast að starfsfólk taki sem flest sumarfrí á sama tíma og einnig þurfi að sinna ýmiss konar vinnu í skólunum yfir sumarið.

Edda Gerður Guðmundsdóttir, formaður foreldrafélagsins á leikskólanum Dvergasteini, segist skilja ósköp vel að loka þurfi leikskólum yfir sumarið. „Ég er í það minnsta mjög sátt við hvernig staðið er að málum í mínum leikskóla.“

salvar@frettabladid.is

www.volkswagen.is



Kaupmannahafnarháskóli:

## Blóðflokkaflakk með nýrri tækni

**DANMÖRK Danskir vísindamenn við Kaupmannahafnarháskóla hafa þróað tækni sem gerir mögulegt að breyta einum blóðflokki í annan.**

**Þannig er hægt að breyta blóði úr blóðflokkunum A, B og AB í blóð af flokki O, sem hægt er að gefa öllum sjúklingum.**

**Að því er segir á fréttavef BBC eru bakteríuensím notuð til þess að fjarlægja sykursameindir af yfirborði rauðra blóðkorna. Að loknum tilraunum á sjúklingum verður hægt að beita aðferðinni á sjúkrahúsum, og mun hún létta töluvert á skorti á blóði til gjafar sjúklingum.** - sþs

Ehud Olmert fagnar friðartilboði arabaríkja en segir engar styttri leiðir farnar:

# Friður náist innan fimm ára

**SÁDI-ARABÍA, AP** Stjórnvöld í Sádi-Arabíu tóku í gær fálega yfirlýsingu Ehuds Olmert, forsætisráðherra Ísraels, frá því í fyrradag um vilja hans til að hitta leiðtoga arabaríkja og ræða hvernig koma megi á friði í Mið-Austurlöndum. Olmert hefur sagst sjá möguleika á friði á svæðinu innan fimm ára en að ekki verði teknar neinar styttri leiðir í áttina að friði.

Í harorðri yfirlýsingu frá ríkisstjórn Sádi-Arabíu segir að Ísrael verði að hætta grimmilegri meðferð sinni á Palestínumönnum og hefja brottflutning af löndum araba áður en hægt verði að taka frekari skref í átt að friði.



**EHUD OLMERT** Hefur lýst yfir vilja til að hitta arabaleiðtoga til friðarviðræðna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í síðustu viku lögðu arabaríkin á ný fram tilboð sitt um land fyrir frið. Í tilboðinu felst viðurkenning á Ísraelsríki og friður við arabaríki gegn því að Ísrael skili herteknum landsvæðum, ríki Palestínu verði komið á fót með Austur-Jerúsalem sem höfuðborg og sanngjarnri lausn á málum flóttamanna.

Olmert fagnaði tilboðinu og sagði það marka „byltingarkennda breytingu“. Þó hafnar hann alfarið að palestínskum flóttamönnum verði leyft að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna sem nú eru í Ísrael. „Ég mun aldrei sættast á lausn sem byggir á því að þeir snúi aftur til Ísraels, sama hve margir.“ - sdg



**HÁSKI Í HÁLOFTUM** Norski jafnvægislistamaðurinn Eskil Ronningsbakken stendur á ísklumpi sem hvílir á tveimur örmjóum reipum í 300 metra hæð yfir fossi í þjóðgarðinum Dovrefjell. Tilgangurinn var að sýna fram á hættur sem fylgja hlýnun jarðar. NORDICPHOTOS/AFP

Hæstiréttur Bandaríkjanna:

## Úrskurðar ekki um rétt fanga

**BANDARÍKIN, AP** Hæstiréttur Bandaríkjanna neitaði í gær að úrskurða um hvort fangar á Guantanamo-flóa hafi rétt til að höfða mál vegna fangavistar sinnar.

Niðurstaðan er talinn sigur fyrir stefnu George W. Bush Bandaríkjaforseta í baráttunni gegn hryðjuverkum.

Úrskurðurinn merkir að hæstiréttur muni ekki skera úr um hvort umdeild hryðjuverkalög sem Bush setti í fyrra samrýmist stjórnarskrá.

Tæplega 400 grunuðum hryðjuverkamönnum er haldið föngnum á Guantanamo-flóa og hafa margir þeirra verið í haldi í meira en fimm ár.

Enginn fanganna hefur getað tekið mál sitt upp í bandarískum rétti. - sdg

Bandaríkjamenn og Suður-Kóreumenn semja um fríverslun:

# Lýst sem sögulegum áfanga

**SUÐUR-KÓREA, AP** Samningamenn Bandaríkjanna og Suður-Kóreu náðu í gær samkomulagi um fríverslunarsamning milli ríkjanna, en þetta er víðtækasti fríverslunarsamningur sem Bandaríkjamenn hafa gert síðan samið var um NAFTA, Norður-ameríska fríverslunarsvæðið, árið 1993.

„Fríverslunarsamningurinn sem við erum að lýsa yfir í dag er sögulegur,“ tjáði Karan Bhatia, aðstoðarutanríkisviðskiptaráðherra Bandaríkjanna, fréttamönnum eftir átta sólarhringa lokalotu samningaviðræðna. „Þetta er samningur fyrir 21. öldina.“

Þing beggja landa þurfa að staðfesta samninginn áður en hann getur gengið í gildi, en samkvæmt honum er gert ráð fyrir að allt að 90 prósent bandarísks útflutnings til Suður-Kóreu verði tollfrjáls innan þriggja ára.




**MÓTMÆLI** Látlaus mótmæli voru fyrir utan staðinn þar sem samninganefndirnar sátu á rökstólum í Seoul. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þetta er stærsti viðskiptasamningur sem Suður-Kóreumenn hafa nokkru sinni gert, en suður-kóreskt efnahagslíf hefur á liðnum 50 árum vaxið úr því að vera eitt hið fátækasta í heimi í tíunda stærsta hagkerfi heims.

Roh Moo-hyun, forseti Suður-Kóreu, sagði í sjónvarpsávarpi af þessu tilefni að landið gæti ekki „orðið háþróað nema leita verðugra áskorana“ en með þessum orðum var hann að mæta gagnrýni þeirra sem óttast að halla muni á S-Kóreumenn vegna hins fimmtánfalda stærðarmunar hagkerfanna tveggja. - aa

Fjármálaráðherra Palestínu:

## Ákall um afnám refsiaðgerða

**JERÚSALEM, AP Fjármálaráðherra Palestínu, Salam Fayyad, hefur kallað eftir því að refsiaðgerðum gagnvart Palestínu verði hætt. Sagði hann að fólk sitt „sækist ekki eftir því að vera betlaraþjóð,“ en ekki væri hægt að byggja „vaxandi efnahag og öflugt lýðræði“ meðan að þjóðin væri beitt refsiaðgerðum.**

**Ísrael og Vesturlönd lögðu á síðasta ári hald á hundruð milljóna af palestínsku skattfé og framlögum til þróunaraðstoðar eftir að Hamas-liðar komust til valda í landinu. Aðgerðunum hefur ekki verið aflétt þó að ný ríkisstjórn Hamas og hinnar hófsamari Fatah-hreyfingar hafi verið mynduð í síðasta mánuði. Hún þykir ekki uppfylla kröfur um að viðurkenna Ísraelsríki og afneita ofbeldi.** - sdg




Volkswagen Jetta er rúmgóður, lipur og ríkulega búinn bíll, eins og við er að búast af Volkswagen, og býðst nú á frábæru verði. En til að uppgötva alla kosti Jettunnar er nauðsynlegt að koma, skoða og reynsluaka.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA • 8193

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 | HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is

## „ORÐRÉTT“

### *En plan C?*

**„En við höfum ekkert annað plan en stækkun; það er ekkert plan B.“**

RANNVEIG RIST, FORSTJÓRI ALCAN, VEIT EKKI ALVEG HVAÐ GERIST NÆST EFTIR AÐ TILLÖGU UM DEILISKIPULAG VAR HAFNAÐ Í ÍBÚAKOSNINGU Í HAFNARFIRÐI.

**Fréttablaðið 2. apríl**

### *Og finna bara annan kaupanda*

**„…og almennur vöxtur í raforkunotkun í landinu fyrirsjáanlegur og þessir virkjunarkostir í Þjórsá eru mjög vænlegir að okkar mati.“**

ÞORSTEINN HILMARSSON, UPPLÝSINGAFULLTRÚI LANDSVIRKJUNAR, SEGIR AÐ VIRKJAÐ VERÐI SAMT Í ÞJÓRSÁ.

**Morgunblaðið 2. apríl**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR ÁHUGAKONA UM MIÐ-AUSTURLÖND

## *Sólríkt og þægilegt í Jemen*

„Ég er í Jemen í augnablikinu og það er allt gott að frétta héðan. Við erum hérna hópur Íslendinga saman á ferðalagi og erum búin að vera á ferðalagi í tíu daga. Við verðum hér í Jemen í þrjá daga og förum svo til Jórdaníu í nokkra daga. Það er blessuð blíðan, 24 stiga hiti og ákaflega þægilegt og sólríkt og allir í himnaskapi,“ segir Jóhanna Kristjónsdóttir, áhugakona um málefni og menningu Mið-Austurlanda.



„Þetta eru allt félagar í Vináttu- og menningarfélagi Mið-austurlanda með mér í hópnum. Þessi félagsskapur styrkir jemenskar stúlkur í nám og við erum að fara að hitta krakkana okkar á morgun [í dag] og svo erum við boðin í mat upp í fjallabæ sem heitir Þula til stúlku sem heitir Fatima og kemur meðal annars við sögu í bókinni minni um Arabíukonur. Hún ætlar að bjóða okkur í mat. Fólkið er núna allt úti að rölta og villast um í gömlu borginni sem er algjört ævintýri,“ segir Jóhanna sem sjálf hefur verið vakin af værum blundi.

Jóhanna segist ekki hafa stofnað neina ferðaskrifstofu. „Þetta er ferðaklúbbur sem fólk getur gengið í ef það er félagar í Vináttufélagi Mið-Austurlanda. Við ferðumst saman en fólk verður að vera félagsbundið til að fara í ferðirnar.“

Ýmislegt er á döfinni í félaginu. Í maí verður ferðalag til Kákasuslandanna, í september til Sýrlands og Óman í nóvember.

## GRACE KELLY: HIN SORGMÆDDA PRINSESSA MÓNAKÓ



„Ég reyndi að vera eins og Grace Kelly,“ syngur Mika, en gafst upp því hún lítur alltaf út fyrir að vera of sorgmædd. Þessi fyrrum bandaríska leikkona og prinsessa af Mónakó var ein ástsælasta leikkona Bandaríkjanna á 20. öld og þótti líf hennar ævintýri líkast, eftir að hún hún fann sinn draumaprins; Mónakóprinsinn Rainier III. Þau giftust 19. apríl 1956 og eignuðust þrjú börn: Karólínu Lovísu Margréti, Albert II og Stefaníu Maríu Elísabetu. Grace Kelly lést í bílslysi árið 1982, þegar hún fékk hjartaáfall við stýrið.

## SJÓNARHÓLL
**LAUNAÐ VARALIÐ LÖGREGLUNNAR**

### *Sé ekki tilganginn*



**GÍSLI EINARSSON** Verslunareigandi.

„Ég hef nú ekkert rosalega sterka skoðun á málinu, en ég sé ekki tilganginn í að hafa eitthvað lítið og illa skilgreint heimavarnarlið,“ segir Gísli Jóhannsson, eigandi verslunarinnar Nexus, um tillögur Björns Bjarnasonar um stofnun 240 manna launaðs varaliðs lögreglunnar.

Í ræðu Björns á dögunum kom fram að liðið ætti að vera til taks ef þörf krefur vegna öryggis ríkisins. Gísli segist ekki alveg vita hvað það er sem menn hafa svona miklar áhyggjur af að gerist hérna.

„Væri ekki snyrtilegra að stækka bara sérsveitina og hafa alvöru þjálfaða menn í þessu? Við ættum frekar að vera algjörlega herlaus og fá aðrar þjóðir til að taka þátt í vörnum með okkur. Ef Kosta Ríka kemst upp með það að hafa engan her þá hljótum við að geta það líka.“

# Brothætt fyrirmenni líkt og aðrir

**Íslensk fyrirmenni eru brothætt líkt og alþýðan eins og dæmin sanna. Gunnar V. Andrésson ljósmyndari rifjar upp nokkrar frægar myndir sem hann hefur tekið af íslenskum góðborgurum eftir að þeir hafa orðið fyrir hnjaski.**

Dorrit Moussaieff forsetafrú er á batavegi eftir að hún lærbrotnaði á skíðum í Aspen á dögunum. Ekki eru mörg ár síðan bóndi hennar Ólafur Ragnar Grímsson axlarbrotnaði þegar hann féll af hestbaki.

Svo vildi til að Gunnar V. Andrésson var með í för þennan örlagaríka dag og náði víðfrægum myndum af Dorrit að hlúa að Ólafi. Gunnar man eftir atvikinu eins og það hefði gerst í gær. „Dorrit og Ólafur voru náttúrlega heitasta parið á landinu en ég hana var ekkert vitað. Ég frétti að Ólafur ætlaði að sýna kærustunni íslenskt hross uppi á Leirubakka og hentist því þangað. Við Ólafur unnum saman á Tímanum og þekkjumst vel og úr varð að mér var boðið með í útreiðatúrinn. Eftir að óhappið henti lá Ólafur á jörðinni og Dorrit hlúði að honum en sjálfur hélt ég í hestana. Eftir að hafa spurt Ólaf hvernig honum liði sagði ég við hann: „Ólafur, nú er ég í þínu ferðalagi en ég vil gjarnan eiga mynd af forseta mínum þar sem hann liggur slasaður.“ Ólafur tók sér smá umhugsunarfrest en sagði svo: „Já, Gunni minn, þú verður víst að segja frá þessu með myndavélinni þinni.““



**GUNNAR V. ANDRÉSSON** Er oftar en ekki réttur maður á réttum stað með myndavélina. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, lenti í alvarlegu bílslysi í fyrra. Þrátt fyrir mikil meiðsl bar formaðurinn sig vel og boðaði til blaðamannafundar á sjúkrabeðinum. „Hann braut þrettán rifbein, öll vinstra megin eins merkilegt og það nú er. Þetta er skondin mynd að því leyti að á henni stendur Hlynur Hallsson, varaþingmaður Steingríms, skellihlæjandi yfir formanni sínum,“ segir Gunnar og hlær.

Steingrímur Hermannsson lenti í nokkrum frægum óhöppum, til dæmis þegar hann sagaði af sér fingur við smíðastörf. Árið 1986, þegar hann var forsætisráðherra, studdist hann hins vegar við hækjur þegar Gunnar tók af honum fræga mynd. „Steingrímur hafði farið í aðgerð á ökkla út af gömlum meiðslum,“ rifjar Gunnar upp. „Ég hringdi heim til hans til að gá hvort ég mætti ekki heimsækja hann en þá sagði Edda mér að hann væri farinn í vinnuna á hækjum. Ég hentist upp í stjórnarráð til að freista þess að ná honum þar sem hann kæmi upp tröppur stjórnarráðsins. Steingrímur var greinilega ekki sáttur þegar hann kom auga á mig, því hann slæmdi frá sér annarri hækjunni og hvæsti: „Andskotinn, ert þú hérna?“ Hann vildi helst ekki láta sjá sig svona á sig kominn og helst stugga mér frá. Ég sat hins vegar sem fastast og náði mynd af honum þegar hann stökk upp tvær tröppur í einu stökki. Eftir að hann lenti og hafði náð jafnvægi, leit forsætisráðherrann á mig og spurði: „Var þetta ekki flott hjá mér?““

**bergsteinn@frettabladid.is**



**STEINGRÍMUR VIÐ STJÓRNARRÁÐIÐ** Forsætisráðherrann vílaði ekki fyrir sér að fara tvær tröppur í einu stökki, þótt hann styddist við hækju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STEINGRÍMUR Á SJÚKRABEÐI** Mikil mildi þótti að ekki fór verr þegar formaður Vinstri grænna lenti í alvarlegu bílslysi. Hann bar sig þó vel og boðaði til blaðamannafundar frá rúmstokknum nokkrum dögum síðar.



**ÓLAFUR OG DORRIT** Lítið var vitað um samband Dorritar og Ólafs fyrir hinn örlagaríka reiðtúr, þar sem Gunnar var með í för.


Heildarlausn fyrir snyrtinguna
Lotus Professional

Á tilboði í apríl 2007
Valdar gerðir af Lotus Professional skömmturum og tilheyrandi áfyllingum fyrir snyrtinguna.


Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV


3.982 kr.
Hvítur enMotion snertifrír skammtari


1.865 kr.
Hvítur sápuskammtari Foam


1.865 kr.
Hvítt WC Compact statíf fyrir tvær rúllur

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6230D

# Í TILEFNI 20 ÁRA AFMÆLIS RÚMFATALAGERSINS BJÓÐUM VIÐ 20% AFSLÁTT AF VÖLDUM VÖRUM

20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 299,-
**239,-**

**SÆNGURTASKA**

Góð taska undir sængina.

20% AFSLÁTTUR

48 STK. ÁÐUR 149,-
**119,-**

20 STK. MYNSTRAÐAR
VERÐ ÁÐUR 99,-
**79,-**

**SERVÍETTUR**

Fallegar servíettur í miklu úrvali. Einlitar eða mynstraðar. 50 stk. í pakka.

20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 399,- STK.
**319,-**

**LEÐURBELTI**

St. 110 sm. Leðurbelti, fáanleg í 3 litum: Brúnt, ljósbrúnt og svart.

20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 990,-
**790,-**

**„DINA" HILLA**

Falleg og stílhrein hilla á frábæru verði.

20% AFSLÁTTUR

STK. ÁÐUR 299,-
**239,-**

2 STK. ÁÐUR 299,-
**239,-**

20% AFSLÁTTUR

**TÖLVULEIKJA-STÓLL**

Upplifðu leikina þína uppá nýtt með þessum frábæra leikjastól. Tveir „super-woofer" hátalarar sem láta stólinn titra þegar hækkað er í þeim. Hægt er að tengja Playstation, Nintendo, Mp3 og fl. Frábær stóll fyrir krakka á öllum aldri.

VERÐ ÁÐUR: 12.900,-
**10.300,-**

20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR : 990,-
**790,-**

**„DINA" HILLA**

Glæsileg hvít hilla með þremur snögum.

20% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ:
**399,-**

**Bastkörfur**

Fallegar hvítar bastkörfur með flottu tauáklæði.
St. 25x21x15 sm. Áður: 499,- NÚ: **399,-**
St. 43x27x51 sm. Áður: 1.290,- NÚ: **999,-**
St. 49x33x58 sm. Áður: 1.690,- NÚ: **1.350,-**

20% AFSLÁTTUR

„DINA" KERTASTJAKI
VERÐ ÁÐUR : 790,-
**630,-**

20 ára
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
1987-2007

VERÐ ÁÐUR: 590,-
**470,-**

**GEYMSLU-KASSAR**

Komið og skoðið úrvalið af geymslukössum fyrir geisladiskana, DVD diskana og allt smádótið.

**SKÁPUR**

Hvítmálaður skápur með 1 hillu. Frábært verð!

20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR : 1.990,-
**1.590,-**

20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR : 990,-
**790,-**

**HILLUR 3 STK. Í SETTI**

Fallegar ferhyrndar hillur til að festa á vegg. Fást í hvítu og svörtu. Þrjú stk. saman í setti á frábæru verði!

**LYKLASKÁPUR**

Fallegur lyklaskápur með króka fyrir lykla.

20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR : 690,-
**550,-**

20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR : 690,-
**550,-**

**„VICKIE" BASTKORFUR**

Falleg hunangslituð bastkarfa með tréhandfangi.

VERÐ ÁÐUR : 199,-
**159,-**

20% AFSLÁTTUR

**„JULIE" BASTKARFA**

St. 12x18x24 sm. Áður: 2.490,- NÚ: **1.990,-**

VERÐ ÁÐUR : 199,-
**159,-**

20% AFSLÁTTUR

**18 STK. ILMERKTI**

18 ilmkerti saman í pakka á frábæru verði!

**MYNDARAMMAR**

Mikið úrval af myndarömmum. Margar stærðir og litir fáanlegir. Frábært verð!

3 STK. ÁÐUR 2.490,-
**1.990,-**

**„HØIE UNIQUE" SÆNG OG KODDI**

Vönduð „thermo"sæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Stærð á sæng er 140 x 200 sm. Koddinn er fylltur með 500 gr. af holtrefjum. Stærð á kodda er 50 x 70 sm.

20% AFSLÁTTUR

høie
DUO 2-1

SÆNG 140 X 200 SM
SÆNG VERÐ ÁÐUR: 4.990,-
**3.990,-**

EDGE

# FORD EDGE AWD
# Nýr sportjeppi fyrir þá sem

Komdu - prófaðu nýjan sportjeppa




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Ford Edge AWD stendur á brúninni og brúar bilið milli sportbíls og jeppa. Djörf og sportleg hönnun nýja Ford Edge AWD og ögrandi viðmót hans höfðar til þín sem ert opinn fyrir nýjum áskorunum og nýrri reynslu. Ford Edge hefur fjölhæfnina sem þú leitar eftir. Ford Edge vekur athygli fyrir djarfan stíl og ánægjulega akstursupplifun. Komdu í Brimborg. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford Edge - sparneytinn og vistvænan bíl.



*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Edge SEL. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Nýtt tákn um gæði

# vilja svartan sportbíl




## Nýtt tákn um lífsgæði

**Ford Edge AWD Genuine Design.** Hönnun Ford Edge sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Edge merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseiginleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og vistvænan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Edge AWD.

Nýtt tákn um meira en gæði
FORD EDGE AWD
Verð frá 4.590.000 kr.*
3,5i V6 265 hö 5 dyra
6 þrepa sjálfskipting

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

## Svona erum við

> Heildarvelta fyrirtækja á Íslandi vegna framleiðslu málma, í milljónum talið




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið** *fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SALÓMONSEYJAR

# *Að ná sér eftir innri átök*

Flóðbylgja skall á Salómonseyjum í suðvestanverðu Kyrrahafi í gær, eftir harðan jarðskjálfta undir hafsbotni norðvestur af eyjaklasanum.

**Hverjir byggja Salómonseyjar?**

Á Salómonseyjum búa 466.000 manns. Yfir 90 prósent eyjarskeggja eru af þjóðflokki melanesa, en heiftarlegur rígur ríkir milli ísatabúa á Guadalcanal, stærstu eyju eyjaklasans, og malaíta sem flust hafa þangað frá granneynni Malaita. Til átaka kom árið 1998, þegar Frelsishreyfing isatabúa hóf að reka malaíta á brott, og sakaði þá um að hafa land og störf af heimamönnum. Um 20.000 manns hröktust frá heimilum sínum og margir þeirra yfirgáfu síðan Guadalcanal.

Meðal malaíta reis uppreisnarhreyfingin í Arnarhreyfing malaíta. Hún efndi til valdaráns í júní 2000 og þvingaði þáverandi forsætisráðherra til að segja af sér. Hann hefði það sér til saka unnið að taka ekki á vandanum, en þegar hér var komið sögu höfðu um 100 manns látið lífið í átökum hópanna.



**Er borgarastríðinu lokið?**

Friðarsamkomulag var undirritað fyrir milligöngu Ástrala í október 2000. En óstjórnarástand hélt áfram og svo fór að Ástralar sendu friðargæslulið á vettvang árið 2003.

Friðargæsluliðið handtók marga forsprakka uppreisnarmanna, safnaði þúsundum ólöglegra vopna og hafði eftirlit með ferli sem leiddi til þess að lög og regla komst smám saman á að nýju.

**Efnahagsumbætur?**

Markmið ástralskra stjórnvalda með afskiptunum er að gera Salómonseyjar sjálfum sér nógar. En efnahagsbati hefur látið á sér standa. Borgarastríðsástandið gerði landið nær gjaldþrota, og óeirðir sem brutust út í kjölfar kosninga sem haldnar voru í apríl 2006 gerðu að engu sumar þeirra framfara sem náðst höfðu frá árinu 2003.

Efnahagslífið byggist að verulegu leyti á útflutningi harðviðar og annarra skógarafurða, sem sæta miklum verðsveiflum.



**SVAMLAÐ Í HITANUM** Indverski bengaltígurinn Aparna kælir sig niður í svalri tjörn á heitum degi í Nehru-dýragarðinum á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP

# Útstrikanir hafa meira vægi nú

**Lögum um kosningar var breytt árið 2000, svo að kjósendur hefðu meiri áhrif á uppröðun þingmannalista. Þau eru nú talsverð. Striki fjórðungur kjósenda til að mynda yfir nafn frambjóðanda í öðru sæti, dugir það til að koma honum út af þingi, miðað við að listinn komi tveimur mönnum inn á þing í því kjördæmi.**

Í lögum um kosningar frá árinu 2000 var vægi útstrikana í kosningum til Alþingis aukið til muna. Nefndin sem vann að frumvarpinu, taldi þetta nauðsynlegt „þannig að veruleg hreyfing meðal kjósenda gæti haft áhrif á það hverjir af frambjóðendum hljóta þingsæti“.



FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

Samkvæmt kosningalögum sem giltu á tímabilinu 1987 til 2000, þurfti meira en helmingur kjósenda að strika frambjóðanda út, svo hann félli úr sæti. Þetta þótti „fullströng krafa“. Nefndin mat það eðlilegt að mörkin væru talsvert fyrir neðan fimmtíu prósent.

Því lagði nefndin til að „Bordareglan“ yrði tekin upp aftur, en hún gilti fram að breytingu á kosningalögum 1959. Til að gæta hófsemi var þó dregið úr vægi hennar nokkuð.

Reglan tekur til aðalmanna og varamanna. Nái tveir menn kosningu af sama listanum, nægir að fleiri en 25 prósent kjósenda striki út annan mann listans til að fella hann og gera að varamanni.

Í greinargerð með lögunum segir: „Fái listi sem dæmi 4.000 atkvæði og tvo menn kjörna eru fjórum efstu mönnum listans reiknuð atkvæði og ef engar breytingar hafa verið gerðar á kjörseðlum (útstrikun eða umröðun) hefur fyrsti maður 4.000 atkvæði, annar maður 3/4 eða 3.000 atkvæði, þriðji maður 2/4 eða 2.000 atkvæði og fjórði maður 1/4 eða 1.000 atkvæði.“

Staða annars og þriðja manns er því jöfn í þessu dæmi, ef 1000 kjósendur strika þann í öðru sætinu út, miðað við 110. lagagrein.

Hann fengi þá ekki nema 3/4 af 3000 atkvæðum eða 2250 atkvæði, en sá í þriðja sæti væri með 2/4 af 3000 atkvæðum, eða 1500 atkvæði. En að auki væri hann með 3/4 af 1000 atkvæðum eða 750 atkvæði. Alls 2250 atkvæði. Maður númer tvö á listanum kemst því ekki á þing ef 1001 kjósandi listans strikar hann út.

Samkvæmt sömu reikningskúnstum má ætla að fimmtungur kjósenda gæti dugað til að meina þriðja manni á lista, sem fengi þrjá menn kjörna, um sæti á Alþingi. Þriðjungur kjósenda þyrfti að strika út manninn í öðru sæti, á lista sem fengi sömu þrjá mennina, til þess að hann sæi á eftir þingsætinu.



**KJÖRKASSI** Kjósendur hafa mun meira vald en flestir gera sér grein fyrir, eftir lagabreytingu árið 2000. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## EFAST UM ÁHRIF YFIRSTRIKANA

Þingframboð Árna Johnsen vakti kurr meðal sjálfstæðismanna, sem óttuðust að það hefði slæm áhrif á kjörgengi flokksins á landsvísu. Eftir að kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi samþykkti óbreyttan framboðslista hefur lítið heyrst í óánægjuröddum. Að óbreyttu kjörfylgi Sjálfstæðisflokksins, þyrfti þriðjungur kjósenda hans í Suðurkjördæmi að strika yfir nafn Árna til að hann kæmist ekki á þing. Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, á ekki von á að svo verði. „Það þarf gífurlega óánægju, átak og herferð til að þriðjungur kjósenda taki sig til og striki mann út af lista og það er mjög ólíklegt að það gerist. Ég sé engar forsendur í Suðurkjördæmi til þess. Ég sé ekki betur en að sjálfstæðismenn þar séu almennt mjög ánægðir að hafa Árna á lista,“ segir Baldur. Hann hafi fremur trú á því að óánægðir kjósendur velji aðra flokka.



**BALDUR ÞÓRHALLSSON**

## 110. GREIN LAGA UM KOSNINGAR, UM ATKVÆÐATÖLU FRAMBJÓÐENDA

„Til þess að finna hverjir þessara frambjóðenda hafa náð kosningu skal landskjörstjórn reikna þeim frambjóðendum sem til álita koma skv. 1. mgr. atkvæðatölu. Frambjóðandi sem skipar 1. sæti á óbreyttum atkvæðaseðli eða er raðað í það sæti á breyttum seðli fær eitt atkvæði. Sá sem lendir með sama hætti í 2. sæti fær það brot úr atkvæði að í nefnara sé röðunartala en í teljara sú tala að frádregnum einum. Síðan lækkar teljarinn um einn við hvert sæti.

Sá frambjóðandi á hverjum lista, sem fær hæsta atkvæðatölu skv. 2. mgr., hlýtur 1. sæti listans. Sá frambjóðandi, sem fær næsthæsta atkvæðatölu, hlýtur 2. sætið og þannig koll af kolli uns lokið er úthlutun þingsæta og sæta varamanna. Nú fá tveir eða fleiri frambjóðendur jafnháa atkvæðatölu og skal þá hluta um röð þeirra á listanum.

Aðrir frambjóðendur en þeir sem koma til greina sem þingmenn og varaþingmenn skv. 1. mgr. halda þeim sætum sem þeir skipa á framboðslista án tillits til breytinga sem gerðar hafa verið á kjörseðlum.“

## KJÓSENDUR TAKI EIGIN ÁKVARÐANIR

Landssamband sjálfstæðiskvenna hyggst ekki beita sér frekar vegna Árna Johnsen eða sérstaklega hvetja til útstrikana, segir Ásta Möller, formaður sambandsins. „Við komum okkar sjónarmiðum á framfæri á sínum tíma. Öllum er ljóst hver niðurstaðan var. Forystumönnum flokksins var sent bréf þar sem við lýstum áhyggjum af framboði Árna, að það hefði áhrif á fylgi flokksins á landsvísu. Það var svo lýðræðisleg niðurstaða kjördæmisþings að Árni tæki sæti á lista og við munum því ekki fylgja málinu frekar eftir,“ segir hún.



**ÁSTA MÖLLER**

Samband ungra sjálfstæðismanna sendi í fyrra frá sér ályktun þar sem gerð var krafa um að Árni „sýndi auðmýkt“ til að endurheimta traust flokksmanna. Borgar Þór Einarsson, formaður SUS, segist ekki heldur ætla að vekja athygli á þessum möguleika til útstrikana. Hver og einn verði að ákveða fyrir sig.



SÖGUSTEINN 2007

# Til hamingju Sigrún!

**Sigrún Eldjárn er fyrsti handhafi Sögusteins – barnabókaverðlauna IBBY og Glitnis.**





Tilboðsverð 2.290 kr.

**Eyja gullormsins**
Fyrsta sagan í nýjum ævintýraþríleik þar sem allt getur gerst! Lestu þessa áður en **Eyja glerfisksins** kemur í haust!



Tilboðsverð 1.890 kr.

**Gula sendibréfið**
Æsispennandi saga úr óbyggðum fyrir ævintýraþyrsta krakka. Sigrún Eldjárn samdi söguna og teiknaði myndirnar
**EN HVER SKRIFA?I GULA SENDIBRÉFI??**



Tilboðsverð 590 kr./stk.

**Kuggur – Nýir vinir**
**Kuggur – Í sveitinni**
**Kuggur – Geimferð**
**Kuggur – Prinsinn og drekinn**
**Kuggur – Þorrablót**
**Kuggur – Jólaleg jól**
Óborganlegar sögur um Kugg og vini hans – hinar eldfornu en hressu mæðgur Málfríði og mömmu hennar. Skelltu þér með Kuggi í sveitina eða út í geiminn!



Tilboðsverð 1.490 kr.

Tilboðsverð 1.490 kr.

Tilboðsverð 2.290 kr.

**Týndu augun**
**Frosnu tærnar**
**Steinhjartað**
Þrjár bækur um systkinin Stínu og Jonna og viðureign þeirra við álagaþoku, óbærilegan kulda, brjálaða dverga og ýmsar aðrar hættur. Þessar bækur fara vel í hendi og eru fullar af skemmtilegum litmyndum.



Væntanleg í maí

**Langafi drullumallar / Langafi prakkari**
Langafi hennar Önnu er enginn venjulegur langafi! Hann bakar drullukökur og veiðir langömmur en er samt alveg staurblindur. Sögurnar um hann eru væntanlegar að nýju í einni bók með vorinu!



Tilboðsverð 890 kr.

Tilboðsverð 1.890 kr.

**Stafrófskver**
**Talnakver**
Hér geturðu æft þig í stöfunum og tölunum með hjálp snjallra vísna Þórarins Eldjárns við líflegar myndir Sigrúnar.



Tilboðsverð 1.690 kr.

**Drekastappan**
Hörpu og Hróa vantar dreka til að stappa en það reynist þrautin þyngri að finna hann. Í drekaleitinni finna þau aftur á móti ýmislegt annað sem ýmist er gagnlegt fyrir þá eða einhverja aðra. Stórskemmtileg saga um snjalla krakka sem alltaf dettur eitthvað nýtt í hug.



Tilboðsverð 740 kr./stk.

**Teitur tímaflakkari**
**Teitur í heimi gulu dýranna**
**Geimeðlueggin**
Teitur tímaflakkari kallar ekki allt ömmu sína þegar kemur að vísindauppgötvunum. Með hjálp Tímóteusar uppfinningamanns flakkar hann um tímann og eignast vini í fortíð og framtíð – og meira að segja úti í geimnum!

## Hefurðu lesið þær allar?

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kosningabarátta Frjálslynda flokksins er hafin.

## Leikur að eldi

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Frjálslyndi flokkurinn hóf kosningabaráttu sína með auglýsingu sem birtist hér í Fréttablaðinu á sunnudaginn. Auglýsing þessi hefur vakið umræðu og ekki að ástæðulausu. Hún er enda til þess fallin að sá efasemdum í garð stórs hóps fólks sem gegnir lykilhlutverki í íslensku samfélagi, útlendinga. Þessi hópur hefur stækkað ört undanfarin misseri enda hefur þörfin fyrir fleiri hendur verið brýn í litlu landi.

Í auglýsingunni frá Frjálslynda flokknum er látið að því liggja að þótt útlendingar séu ekki vandamál á Íslandi í dag sé líklegt að að því kunni að koma síðar.

Frjálslyndi flokkurinn varð fyrst og fremst til utan um eitt mál, kvótamálið. Eins máls flokkar lenda iðulega í tilvistarkreppu þegar málin þeirra eru ekki lengur í brennidepli. Þetta hefur gerst hjá Frjálslynda flokknum og leiðir til þess að þeir grípa þetta mál og gera að sínu.

Útspil flokksins sem hófst fyrir alvöru í haust með grein Jóns Magnússonar í Blaðinu, Ísland fyrir Íslendinga, og með beinum eða óbeinum hætti leiddi til brotthvarfs hluta flokksmanna, er vægast sagt óheppilegt og ógeðfellt ef dýpra er í árinni tekið.

Í slagorðinu „Ísland fyrir Íslendinga" felst í raun kostuleg þversögn ef litið er á raunveruleikann í Evrópu samtímans. Þeir útlendingar sem hingað koma eru nánast undantekningalaust komnir til þess að vinna. Framlag þeirra til atvinnulífsins og þar með hagkerfisins á Íslandi er stórt og raunar skapa þeir íslensku þjóðarbúi miklar tekjur. Á sama tíma er útrás Íslendinga kunnari en frá þurfi að segja og þeir skipta þúsundum Íslendingarnir sem gista önnur lönd ýmist til náms eða starfa. Engum Íslendingum dettur í hug að taka sér stöðu á torgum og heimta að þetta fólk komi heim fremur en að vera byrði á öðrum þjóðum.

*„Ljóst er hins vegar að á akri fordómanna er atkvæðavon og þangað virðist Frjálslyndi flokkurinn ætla að leita."*

Útlendingar á Íslandi eru ekki vandamál. Þeir koma hingað til starfa, halda sumir aftur heim meðan aðrir eru um kyrrt. Nær er að efna til umræðu um það hvernig við getum bætt þá þjónustu sem við veitum útlendingum sem hér setjast að. Aðlögun að íslensku samfélagi og kennsla í íslensku máli skiptir hér höfuðmáli. Umræðan þarf að snúast um þessa þætti en ekki takmörkun á fjölda þeirra sem hingað koma.

Þær hugmyndir sem fram koma í auglýsingu Frjálslynda flokksins ala á tortryggni í garð útlendinga og þaðan er skammt í kynþáttafordómana. Allir vita hvaða ógn stafar af þeim fordómum. Ljóst er hins vegar að á akri fordómanna er atkvæðavon og þangað virðist Frjálslyndi flokkurinn ætla að leita.

Tilraun Frjálslynda flokksins til atkvæðaveiða með þessum hætti er leikur að eldi og reynslan hefur sýnt að eldur af þessu tagi getur breyst í bál sem illa ræðst við.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ístöðuleysi?**

„Í Hafnarfirði er [...] Gestur, að gera allt vitlaust með því að heimta íbúakosningu um stækkun álversins. Samfylkingin er eiginlega búin að fallast á kosninguna. Það er tvíeggjað hjá Gunnari Svavarssyni og gamla bakarasveininum í stóli bæjarstjóra. Auðvitað verður stækkunin samþykkt, beint lýðræði treyst með kosningunni í anda Samfylkingarinnar – en Gestur litli Svavarsson mun koma út sem sigurvegari fyrir það eitt að knýja hana fram […] Svo mínir menn ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir hleypa þessu lengra." Þetta sagði Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, á vefsíðu sinni um Gest Svavarsson, frambjóðanda á lista Vinstri grænna, og íbúakosninguna í Hafnarfirði. Þá fannst Össuri það „tvíeggjað" að fallast á íbúakosningu um stækkun álvers Alcan í Straumsvík. Síðan segir hann einnig að „auðvitað" verði stækkunin samþykkt. Einhver kynni að kalla þetta ístöðuleysi, sé mið tekið af því að Össur var alfarið á móti stækkuninni, samkvæmt yfirlýsingum á opinberum vettvangi og auk þess að hreykja sér af íbúakosningu Samfylkingarinnar.



**Enginn gefið sig fram**

Þingmenn töldu réttlætanlegt að færa sér betri eftirlaun heldur en tíðkast hjá flestum öðrum starfsstéttum, á þeim forsendum meðal annars að þeir gætu talist „óheppilegir" starfsmenn á almennum vinnumarkaði eins og fram kemur í athugasemdum með lögum sem samþykkt voru á Alþingi. Fyrir viku, á þessum stað, bað ég þá sem töldu sig geta talist óheppilegir starfsmenn á almennum vinnumarkaði, eftir að hafa tekið þátt í akademískri og þverfaglegri vinnu á Alþingi, að gefa sig fram. Það er skemmst frá því að segja að enginn hefur gert það. Þingmenn úr öllum flokkum studdu eftirlaunafrumvarpið, meðal annars á þessum rökum, og því hlýtur einhver að hafa fundið fyrir óþægindum á almennum vinnumarkaði vegna þingstarfanna. Nema þingmenn hafi verið svo ósmekklegir að setja þessa röksemd í athugasemdir með lögunum án fordæma.



magnush@frettabladid.is

# Draugar og saltfiskur



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Í DAG |

Draugar, galdrar, gömul sendibréf, ljósmyndir, saltfiskur og ís. Þemasöfn og þemasýningar eru skemmtileg nýjung, vaxtarsproti sem hefur dafnað á undanförnum árum. Þetta eru yfirleitt lítil söfn og sýningar sem byggja á gömlum merg en nýjum hugmyndum og hafa forna menningu í hávegum. Þau eru vítt og breitt um landið og laða til sín fjölmarga ferðamenn og aðra gesti á hverju ári auk þess sem þau auðga námsumhverfi skólanemenda í viðkomandi byggðarlögum og mannlíf allt. Víða hefur verið byggt á gömlum grunni og gömlum veikleikum breytt í styrk. Þannig hefur Vestfirðingum stundum verið legið á hálsi fyrir að brenna fleiri galdramenn á miðöldum en tíðkaðist í öðrum landshlutum. Nú hafa Vestfirðingar tekið þessar fornu ávirðingar og snúið vörn í sókn með galdrasýningu á Ströndum sem laðar til sín fjölda gesta á ári hverju. Þá muna margir íslenska kvikmynd sem hét „Fiskur undir steini" og þótti gera heldur lítið úr sjávarþorpum landsins. Sérstaklega var Grindavík nefnd til sögunnar í því samhengi og einhverjir Grindvíkingar tóku þetta dálítið nærri sér á sínum tíma. En nú hefur þessu hnjóði verið snúið í hrós með prýðilegu saltfisksafni í Grindavík. Þessi söfn og mörg fleiri taka fyrir sérstök þemu, oft í samhengi við sitt nánasta umhverfi. Það blasti auðvitað við að setja upp jöklasafn á Hornafirði, við rætur Vatnajökuls, stærsta jökuls í Evrópu. Þemasöfnin eru enn fleiri og enn er t.d. ónefnt drauga- og huldufólkssafnið á Stokkseyri þótt ég viti reyndar ekki til þess að draugar og huldufólk hafi verið þar um slóðir í meira mæli en annars staðar á landinu, alls staðar hefur verið gnótt það best ég veit. Vesturfarasafn var sett upp á Hofsósi og tekur sérstaklega fyrir gífurlega fólksflutninga frá Íslandi til Kanada í lok 19. aldar. Vafalaust eru slík söfn enn fleiri og víðar.

Hefðbundin minjasöfn eru mjög mörg á landinu og hafa flest orðið til upphaflega fyrir söfnunaráráttu einstaklinga. Framan af hefur ýmsum þótt menn vera að safna gömlu drasli sem betur væri komið á ruslahaugum landsins en áður en við er litið eru orðin til minjasöfn og mörg þeirra eru skemmtilega uppsett og vel frágengin. Vissulega eru rokkar og snældur sums staðar í óhóflegu magni en þeim mun skemmtilegra er t.d. að skoða gamlar ljósmyndir af gengnum kynslóðum, ekki síst við leik og störf. Að öllu jöfnu er skemmtilegast að skoða það sem er sérstakt fyrir hvern landshluta og byggðarlag fyrir sig og forsvarsmenn þessara safna eiga heiður skilinn. En sérstök þemasöfn eins og áður var getið eru nýrri af nálinni og þau eru öðru vísi. Aðsóknin að mörgum þessara safna sýnir að fólk hefur áhuga á slíkum sýningum, jafnt Íslendingar sem erlendir gestir. Söfnin skapa að auki atvinnu í heimabyggðum sínum og af þeim verða til óbeinar tekjur í formi veitingasölu og ýmiskonar þjónustu í bæjum og þorpum.

*En víða um land eru slíkir vaxtarsprotar sem auðga og efla menningu okkar og mannlíf.*

Það er afar mikilvægt að metnaður og fagmennska ráði ríkjum við uppsetningu slíkra safna og sýninga og það er alveg sérstaklega ánægjulegt að ganga um nýja álmu huldufólkssafnsins á Stokkseyri. Þar hefur verið vandað til verka, hver steinn lagður af útsjónarsemi og góðum smekk og skemmtilegar hugmyndir eru vel útfærðar.

Draugasafnið á sömu umsögn skilið og ekki spillir frábær lestur Þórs Vigfússonar, leiðsögumanns og kennara, sem gestir njóta að hlusta á um leið og gengið er um sýninguna. Það er í rauninni frábært hvernig Stokkseyri hefur tekist að komast á kortið fyrir áhuga og dugnað nokkurra einstaklinga. Þetta fallega og snyrtilega þorp er ekki beint í alfaraleið niðri á sjávarkambi og í mýrarjaðri. En þarna hefur tekist að nýta gömul hús og sérstæða náttúru og umhverfi á skemmtilegan hátt. Þarna er ýmislegt í boði sem laðar stóra hópa á staðinn til að næra líkama og sál.

Af sama meiði eru svæðisleiðsögumenn sem styrkja sín svæði með verkum sínum með ýmsum hætti.

Þannig hafa til dæmis svæðisleiðsögumenn á Suðurnesjum staðið fyrir gönguferðum og fræðslukvöldum þar sem hefur verið fjallað um náttúru, sögu og menningarminjar og eiga heiður skilinn fyrir sitt framtak. Það er reyndar nokkuð öðru vísi að ferðast með svæðisleiðsögumönnum því þeir fjalla um sín heimalönd og haga, þekkja menn og málefni og kunna sögur úr samtíma og fortíð, oft í meira mæli en þeir leiðsögumenn sem hafa allt landið undir.

En víða um land eru slíkir vaxtarsprotar sem auðga og efla menningu okkar og mannlíf. Þökk sé þeim.

# Í hvernig húsi býr þessi maður?

UMRÆÐAN

Framsóknarflokkurinn



JÓN KRISTJÁNSSON

„Valdagræðgi, spilling, uppdráttarsýki, einkavinavæðing, sukk, græðgi, gróðapungar, þjóðlenduræningjasveit, hatur, fyrirlitning, táradalur, græðgisglott, ólifnaðarhrukkur, ódaunn, þjóðfélagsillgresi."

Þessi orðabók er úr stuttri afmælisgrein um Framsóknarflokkinn sem að Indriði Aðalsteinsson skáld frá Skjaldfönn skrifar í Fréttablaðið þann 30. mars síðastliðinn. Indriði játar að hafa eitt sinn verið í flokknum, og hefur nú orðið með hann eins og svo marga sem lenda á refilstigu í stjórnmálum að hata uppruna sinn. Svo hefur mörgum farið.

Þessi afmælisgrein er því marki brennd eins og fleiri skrif vinstri manna sem svo telja sig að þeir hella úr skálum reiði sinnar yfir Framsóknarflokkinn og telja þeim flokki allt til foráttu, en segja ekki styggðaryrði við sjálfstæðismenn. Það fer því ekkert á milli mála að Framsóknarflokkurinn er höfuðandstæðingurinn og það er línan hjá þeim sem telja sig til vinstri í stjórnmálum. Það er einfaldlega vegna þess að þeir telja að Framsókn sitji með völd sem þeir eiga að hafa, með öðrum orðum sé fyrir þeim. Þetta hefur komið fram í mörgum greinum með miskrassandi orðavali, en eins og sést á innganginum, þá er hinn vestfirski bóndi og skáld kjarnyrtur, og er í sjálfu sér ekkert meira um það að segja.

Halldór Laxness skrifaði eitt sinn hugleiðingu um kjaftfora og illyrta gagnrýnendur og sagði eitthvað á þá leið að sér dytti fyrst í hug þegar hann læsi illyrta gagnrýni hvort höfundurinn byggi í vondu húsi. Nú þekki ég ekki til á Skjaldfönn, en hef á dagskránni að fara á þær slóðir við tækifæri. Það getur vel verið að þar séu ágætis húsakynni. Hins vegar kom þessi gamla grein eftir Nóbelsskáldið upp í hugann við lestur greinarinnar, og mér varð fyrst til að hugsa sem svo, í hvernig húsi býr þessi maður?

*Höfundur er alþingismaður.*



## MEÐGÖNGUNUDD

Í Laugum spa er boðið upp á sérstakt nudd fyrir barnshafandi konur. Gígja Kristinsdóttir sem hefur umsjón með nuddinu segir það geta hjálpað mikið til meðan á meðgöngu stendur.

HEILSA 2



## FULLAR BLÖKUR

Leðurblökur leita að sykursnarli eftir að hafa étið gerjaða og áfenga ávexti.

HEILSA 3

allt



## ALLT HITT

[ HEILSA ]

**Nýburar** sem fæðast á Landspítala-háskólasjúkrahúsi verða á næstu tveimur árum allir heyrnarmældir. Heyrnarmælingarnar fara fram á göngudeild Barnaspítala Hringsins og eru samstarfsverkefni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss.



**Bandarískar** rannsóknir benda til þess að neysla bláberja dragi úr hættu á ristilkrabbameini vegna þess hversu rík þau eru af andoxunarefnum.

**Námskeið** á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fyrir þá sem vilja hætta að reykja hefst 12. apríl. Námskeiðið verður haldið á Lungna- og berklavarnadeild í Mjóddinni og er stuðnings- og lyfjameðferð með hópfundum einu sinni í viku í fjórar vikur og síðan einstaklingsbundnu eftirliti í eitt ár.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 3. apríl, 93. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.40 | 13.31 | 20.24 |
| Akureyri | 6.21 | 13.16 | 20.13 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

# Semur fyrir myndband

***Linda Ósk Valdimarsdóttir hefur hlotið fjölda tækifæra frá því að hún byrjaði í dansi.***

„Þessa dagana er ég að semja dansspor fyrir tónlistarmyndband söngvarans Daníels Ólivers," segir Linda Ósk Valdimarsdóttir, 15 ára, sem æfir jassballet hjá JSB, Jassballetskóla Báru, og hiphop/jassfönk í Dansstúdíói World Class í Laugum og hefur nóg að gera þrátt fyrir ungan aldur.

„Svo sýni ég dans í tengslum við alls konar uppákomur," heldur hún áfram. „Núna síðast á Ungfrú Reykjavík og Ungfrú Ísland. Ég hef líka kennt yngri aldurshópum dans. Mér finnst alveg frábær tilfinning að geta miðlað því til krakkanna, sem ég er búin að læra."

Sjálf var Linda aðeins fjögurra ára þegar hún byrjaði að æfa ballet. Þá bjó hún á Ítalíu ásamt foreldrum sínum og fann strax hversu vel dansinn átti við hana. Hún hélt uppteknum hætti eftir að fjölskyldan flutti aftur til Íslands og hefur að mestu leytið æft hjá JSB síðan. Óhætt er að segja að Linda eigi framtíðina fyrir sér í dansinum því hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir dans.

„Ég varð Íslandsmeistari í Freestyle þegar ég tók þátt á síðasta ári," segir hún. „Ég ætlaði ekki að vera með í ár, en skipti um skoðun á síðustu stundu. Ég náði samt þriðja sætinu og er ánægð með það, sérstaklega miðað við hversu lítinn undirbúningstíma ég hafði. Svo vann ég dansbikarinn hjá JSB í ár. Þannig að ég er mjög sátt við árangurinn."

Árangurinn hefur þó ekki náðst fyrirhafnarlaust. Linda æfir dans marga tíma á viku, að meðaltali í þrjá tíma á viku hjá JSB og aðra tvo í Dansstúdíói World Class í Laugum. Hún segist þó ekki hafa undan neinu að kvarta, enda hafi hún fengið mörg spennandi tækifæri eftir að hún lagði dansinn fyrir sig. „Það er auðvitað fyrrnefnt myndband og síðan ferð sem ég fer til Nice í Frakklandi ásamt dönsurum frá JSB. Þannig að það er alltaf eitthvað spennandi í gangi."

roald@frettabladid.is




Lindu finnst skemmtilegt að geta miðlað reynslu sinni í dansi til yngri krakka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Í verslun okkar í Ármúla 18 finnur þú fjölbreytt úrval vandraðra gólfefna. Að auki veitum við faglega rágjöf við val þeirra og lagningu.

GÓLFEFNI TEPPALAND
ÁRMÚLA 18,108 REYKJAVÍK, SÍMI 515 9800
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 8-18



**Te** er gott við hinum ýmsu kvillum. Engiferte er styrkjandi og hefur jákvæð áhrif á kvef og ónæmiskerfið. Gott er að setja nokkur mintublöð út í og jafnvel teskeið af hunangi.



Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga

allt matur
Alla föstudaga

betra blóðrennsli
Solaray Ginkgo Biloba
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lifsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi
s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

Flott í sumar
LÉTTARI GREIÐSLUR
HREYSTI

# Nudd gott á meðgöngu

***Í Laugum spa er boðið upp á sérstakt nudd fyrir barnshafandi konur. Gígja Kristinsdóttir sem hefur umsjón með nuddinu segir það geta hjálpað mikið til meðan á meðgöngu stendur.***

„Við erum með tvenns konar nudd fyrir ófrískar konur, annars vegar svokallað Mama Mio nudd, þar sem við vinnum með vörur sem heita Mama Mio, og hins vegar meðgöngunudd,“ segir Gígja.

Ekkert er því til fyrirstöðu að barnshafandi konur fari í nudd frá fyrsta degi meðgöngu og fram á þann síðasta að sögn Gígju. „Við erum með sérstakan nuddbekk fyrir ófrískar konur með götum fyrir brjóstin og kúluna og teygju sem er stillt eftir því hversu stór kúlan er. Nuddið er aðeins öðruvísi en venjulegt nudd því það eru ákveðnir punktar sem má ekki ýta á og það er svona lausara og léttara en samt sem áður svolítið svipað. Við notum líka aðrar olíur en venjulega og erum með sérstakar olíur fyrir barnshafandi konur því það má ekki nota hvaða efni sem er á meðgöngu.“

Venjulegt heilnudd fyrir barnshafandi konur tekur sextíu mínútur en Mama Mio nuddið níutíu mínútur að sögn Gígju. „Að öðru leiti er munurinn helst sá að í meðgöngunuddinu notum við sérstakar E´spa vörur sem eru náttúrulegar ilmefnalausar vörur en í Mama Mio nuddinu notum við eingöngu vörur frá Mama Mio. Í því byrja konurnar til dæmis á því að fara í sturtu og þvo sér með Mama Mio sturtusápu áður en þær leggjast á bekkinn þar sem við nuddum þær upp úr Mama Mio olíu. Mama Mio vörurnar eru bara alveg æðislegar vörur sem næra húðina og sjá til þess að hún slitni sem minnst auk þess sem er rosalega góð lykt af þeim.“

Gígja segir að báðar meðferðirnar séu mjög góðar og mælir hiklaust með þeim báðum. „Töluvert er um að ófrískar konur komi reglulega í nudd til okkar og sumar koma alltaf aðra hverja viku. Nuddið er mjög gott á meðgöngu og það getur til dæmis hjálpað þeim sem eru með grindargliðnun mjög mikið. Eftir nuddið geta konurnar svo bara slappað af í baðstofunni hjá okkur sem fylgir með ef að þær kæra sig um að kíkja í hana.“

*emilia@frettabladid.is*



Gígja segir að margar konur komi alltaf reglulega í nudd meðan á meðgöngu stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## A og B blóðflokkum breytt



VÍSINDAMENN HAFA FUNDIÐ HUGSANLEGA LEIÐ TIL AÐ BREYTA BLÓÐI ALLRA BLÓÐFLOKKA Í O BLÓÐ.

Lengi hefur verið leitað að aðferð sem breytt getur AB, A, og B blóðflokkum í O blóðflokk. O blóð má gefa öllum sjúklingum vegna þess að það inniheldur hvorki A né B ónæmisvaka. Það er því oft kallað slysablóð.

Nú virðist dönskum vísindamönnum tekist þetta með hjálp bakteríanna Elizabethkingia meningosepticum og Bacterioides fragilis. Þær innihalda ensími sem virðast geta breytt blóðflokkum með því að eyða ónæmisvökum. Virki aðferðin jafn vel og vonir standa til er um gríðar stórt skref fram á við að ræða þar sem blóð í O flokki er víðast hvar af skornum skammti. Íslenska þjóðin hefur hinsvegar þá sérstöðu að O blóðflokkurinn er algengasti blóðflokkurinn.

Ensímin hafa engin áhrif á rhesus +/- flokkana. -tg

Ertu þurr í augunum?
Þá er OXYAL fyrir þig!
Oxyal™ Augndropar
Vernda augun og eru rakagefandi. Við þurrki, þreytu og ertingu í augum. Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.
Fæst í apótekum

Er þurrkur vandamál?
Vivag 2in1 Gel glært og olíulaust gel sem eykur og viðheldur raka í leggöngum í a.m.k. 6 klukkustundir.
Streita og þreyta valda oft þurrki í leggöngum, auk þess geta hormónabreytingar við tíðarhvörf haft sömu áhrif.

BARNAVITAMÍN
Lakkrís, Berja og ávaxtabragð
Fæst hjá: Yggdrasil
Dreifingaraðili, S.L.I ehf., Sími: 866 9512

Villtu vera í góðu formi?
Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir
fiskisaga.is

# Hamingjubakteríur

***Mýs bregðast við meðhöndlun með bakteríunni Mycobacterium vaccae á sama hátt og fólk bregst við þunglyndislyfjum.***

Breskir vísindamenn hafa komist að því að algenga jarðvegsbakterían Mycobacterium vaccae getur örvað ónæmiskerfið í músum á þann hátt að það létti lundina.

Uppgötvunin kom í kjölfar þess að krabbameinssjúklingar sem meðhöndlaðir voru með Mycobacterium vaccae fundu fyrir meiri lífsgleði en áður. Þá var farið að rannsaka bakteríurnar með tilliti til áhrifa þeirra á lundarfar.

Niðurstöðurnar styrkja þá tilgátu að heilbrigt og virkt ónæmiskerfi sé lykillinn að losun serótóníns í heilanum sem veldur langvarandi vellíðan.



Gleðin leynir sér ekki á þessari mynd og mögulega koma jarðvegsbakteríur þar við sögu.

# Drukknar leðurblökur

EGYPSKAR ÁVAXTALEÐURBLÖKUR ERU SÓLGNAR Í SYKUR EFTIR FYLLERÍ, RÉTT EINS OG MANNFÓLKIÐ.

Svipað og mannfólkið sækir í sætindin eftir skrautleg laugardagskvöld leita egypskar ávaxtaleðurblökur að súkrósa eða frúktósa þegar þynnkan sækir að.

Ýmsir ávextir eins og fíkjur og döðlur innihalda allt að eitt prósent etanól er þeir verða vel þroskaðir. Þegar leðurblökurnar borða ávextina verða þær ölvaðar og þá sækja þær í sykurinn.

Sykurinn virðist draga úr áhrifum etanólsins og fyrir leðurblökurnar getur það skilið milli lífs og dauða. Drukkin leðurblaka er nefnilega rándýrum auðveld bráð. *-tg*



Þegar leðurblökur finna á sér vaknar löngunin í sætt snarl, rétt eins og hjá mannfólkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP









# Láttu drauminn rætast - rafrænt

- Rafrænt greiðslumat
- Ráðgjöf og aðstoð
- Lánsumsóknir rafrænt á Netinu
- Svar innan fjögurra daga

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður


# páskar

ÞRIÐJUDAGUR 3. APRÍL 2007



## Heimabakað brauð í stað obláta

**Messuhald er líflegt um páskana.** BLS. 8








Kransinn á borðinu er búinn til úr þúfumosa sem vafið er utan um basthring og síðan skreytt með eggjaskurn og fæst efnið allt í Grænum markaði. Skurnin er einfaldlega fest á með límbyssu.

# Páskaliljur, strúts-egg og fjaðrir

**Þegar Guðrún Hinriksdóttir, blómaskreytir og útstillingahönnuður, heldur boð þá hlakkar hún meira til að skreyta borðið en elda matinn.**

Guðrún Hinriksdóttir, blómaskreytir og útstillingahönnuður, skreytti fyrir okkur tvö páskaborð til að veita okkur innblástur fyrir páskana. Stellin sem notuð voru eru frá Broste og er græna stellið kaffistell en svarta og appelsínugula stellið er nýtt matarstell úr Broste-línunni. Það getur verið fallegt að nota svarta litinn með skærum litum, og hefur það vægast sagt notið mikilla vinsælda í skreytingum undanfarið, og telur Guðrún að það gefi skreytingunni ákveðna dýpt. Hún notaði aðallega egg, páskaliljur, túlípana og fjaðrir sem henni finnst vera hvað páskalegast og ná að fanga anda páskanna.

„Ég er mikið fyrir náttúrulegar skreytingar og finnst til dæmis fallegt að leggja páskaliljurnar á diskana. Það er bæði fallegt sem skraut og svo getur verið gaman fyrir gestina að fá að eiga sína páskalilju og taka hana með sér heim úr boðinu.“

„Svo er sniðugt að henda ekki skrauti því það má nota aftur og aftur við ýmis tækifæri. Fjaðrirnar notaði ég til dæmis um jólin á jólatréð og sá svo að tilvalið væri að setja þær í páskaskreytingar og basthringinn má einnig nota um jól og vefja þá um hann greni.“

Við spurðum Guðrúnu hvort það væru einhverjir tískustraumar áberandi í skreytingum þessa dagana: „Í sumar eru þessir heitu og skæru litir vinsælir eins og oft áður og má þar nefna liti eins og límónugrænan, túrkísbláan, appelsínugulan og svo áfram hvítt og svart sem er flott í bland.“

Guðrún tekur að sér að skreyta fyrir öll tilefni og sér einnig um útstillingar í verslunum. Hafa má samband við hana með tölvupósti á gunnahinna@hotmail.com . *-hs*



„Ég er mikið fyrir náttúrulegar skreytingar og finnst til dæmis fallegt að leggja páskaliljurnar á diskana. Það er bæði fallegt sem skraut og svo getur verið gaman fyrir gestina að fá að eiga sína páskalilju og taka hana með sér heim úr boðinu.“



Guðrún er lítið gefin fyrir plastskraut og vill hafa skreytingarnar sem náttúrulegastar og notar hún því oft lifandi blóm og hluti úr umhverfinu.



Fallegt getur verið að láta laukinn sjást í skreytingum og hefur það verið frekar vinsælt.



Það getur verið fallegt að nota svarta litinn með skærum litum, og hefur það vægast sagt notið mikilla vinsælda í skreytingum undanfarið, og telur Guðrún að það gefi skreytingunni ákveðna dýpt. Guðrún bjó löberinn á miðju borðsins til með því að raða saman servíettum og er það einföld og ódýr lausn ef maður á ekki dúka sem passa. Í skreytinguna notaði hún til dæmis servíettur frá Marimekko sem kallast skemmtilega á við glæsilegt matarstellið.



Heitir og skærir litir eru vinsælir.



Í mataruppstillingunni notaði Guðrún alvöru strútsegg og setti í þau litlar páskaliljur með örlitlu vatni. Strútsegg-in fengust í Grænum markaði sem er heildsala og selur vörur í blómabúðir.



Stellin sem notuð voru eru frá Broste og er græna stellið kaffistell . Hún notaði aðallega egg, páskaliljur, túlípana og fjaðrir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Límónugræni liturinn minnir á vorið.





# AFGREIÐSLUTÍMI SUNDSTAÐA UM PÁSKA

| | Skírdagur | Föstud. langi | Laugardagur | Páskadagur | Annar í Páskum |
|---|---|---|---|---|---|
| | 5. apríl | 6. apríl | 7. apríl | 8. apríl | 9.apríl |
| **ÁRBÆJARLAUG** | kl. 8-22 | kl. 10-18 | kl. 08-22 | kl. 10-18 | kl. 08-22 |
| **BREIÐHOLTSLAUG** | kl. 10-18 | **Lokað** | kl. 08-20 | **Lokað** | kl. 10-18 |
| **GRAFARVOGSLAUG** | kl. 10-18 | **Lokað** | kl. 08-20.30 | **Lokað** | kl. 10-18 |
| **KLÉBERGSLAUG** | kl. 11-17 | **Lokað** | kl. 11-17 | **Lokað** | kl. 11-17 |
| **LAUGARDALSLAUG** | kl. 8-22 | kl. 10-18 | kl. 08-22 | kl. 10-18 | kl. 08-22 |
| **SUNDHÖLLIN** | kl. 10-18 | **Lokað** | kl. 8-19 | **Lokað** | kl. 10-18 |
| **VESTURBÆJARLAUG** | kl. 10-18 | kl. 10-18 | kl. 08-20 | kl. 10-18 | kl. 10-18 |

Laugarnar í Reykjavík

ÍTR *Skemmtilegur frítími*

ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKUR

OFNBÖKUÐ ÝSA MEÐ INDVERSKUM BLÆ

- 2 ýsuflök, 700-800 g
- 3 msk. mangó-chutney frá Pataka´s
- 3 msk. Indverskt Dukkah

Roð- og beinhreinsið ýsuflökin og skerið í hæfilega bita. Setjið mangó-chutney í skál og penslið ýsubitana vel með því á báðum hliðum. Stráið Indversku **dukkah** vel yfir beggja megin. Setjið í eldfast form. Bakið í ofni við 180°C í 15 mín.

*Berið fram með uppáhaldshrísgrjónunum ykkar og salati.*




**Dukkah** er fáanlegt í öllum Nóatúnsverslununum, Heilsuhúsunum, Kokku, Hjá Jóa Fel, Mosfellsbakarí, Café Konditori, Melabúðinni, Miðbúðinni, Fjarðarkaupum, Hraðbúðinni Hellissandi og Bakaríinu Við brúnna á Akureyri.
**Dukkah** er unnið úr hnetum, möndlum, sesamfræum og sérvöldu kryddi. Það laust við sykur og öll aukaefni.

Egypskt dukkah með möndlum
lhnetum og chili
Yndisauki framleiðir nú fjórar tegundir af dukkah.

YNDIS AUKI

Piparsósa...
... þegar vindur hvín!




Tilvalin köld út á kjötið, í fiskrétti, með reyktum silungi og sjávarfangi. Góð með köldum, steiktum lunda og sem ídýfa.

Bernaisesósa...
... þegar sólin skín!




Grafíka 03/07

Frábær köld úr dósinni eða hituð upp, með lambakjöti, nautakjöti, fiski eða kjúklingaréttum í ofni.

# Synd að takast ekki á við stórvirkin

„Ég er svo heppinn að hafa aðgang að úrvalssöngfólki,“ segir Kári Þormar, organisti og kórstjóri Áskirkju, spurður um það metnaðarfulla starf sem hefur einkennt Áskirkjukórinn frá því hann tók við honum árið 2001.

„Við hljóðrituðum diskinn, Það er óskaland íslenskt, í Fossvogskirkju og því fannst okkur viðeigandi að flytja eitt af stórvirkjum kirkjubókmenntanna þar líka.“ Hér vísar Kári í Jóhannesarpassíu Bachs sem Áskirkjukórinn, ásamt Íslensku kammersveitinni og einsöngvurum, ætlar að flytja í Fossvogskirkju á skírdag og föstudaginn langa.

„Jóhannesarpassían hefur verið flutt það oft hér að hún á sér tryggan hóp aðdáenda og látum við það ekki aftra okkur heldur hlökkum til að takast á við þetta stórvirki. Annað væri glæpur, synd.“

Kári Þormar lærði í Düsseldorf í fimm ár, þar sem hann útskrifaðist með A-kirkjutónlistarpróf. Í Þýskalandi tók hann þátt í uppfærslu á Jóhannesarpassíu Bachs sem hljóðfæraleikari.

„Áskirkjukórinn stenst fyllilega samanburð og rúmlega það,“ segir hann. „Þar að auki teflum við fram bestu einsöngvurum landsins, Gunnari Guðbjörnssyni, Ágústi Ólafssyni, Bergþóri Pálssyni, Eyjólfi Eyjólfssyni, Hallveigu Rúnarsdóttur og Jóhönnu Ósk Valsdóttur. Miðað við reynslu mína í Þýskalandi þykir mér sem Íslendingar hafi ívið meiri áhuga á kirkjutónlist og fer hann vaxandi. Við sjáum fram á bjartari tíma í þeim efnum.“



Kári Þormar, organisti og kórstjóri Áskirkju, segir áhuga Íslendinga á kirkjutónlist aukast stöðugt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kári segir að þó mikið sé um tónleika á föstunni sé aðventan aðaltónleikatími ársins hérlendis. „Fólk virðist taka frá tíma og stíla inn á að fara á tónleika þá. Tónleikahaldarar hafa reynt að dreifa þessu yfir lengra tímabil en strax í janúar er erfiðara að fá fólk á tónleika.“

Kári býst þó við góðri mætingu á Jóhannesarpassíu Bachs í Fossvogskirkju. „Þetta er tveggja tíma prógram og byrjar báða dagana klukkan fimm. Ríkisútvarpið mun taka upp tónleikana á skírdag og verða þeir fluttir klukkan sjö á föstudaginn langa í þann mund sem við erum að ganga út eftir flutning okkar á verkinu,“ segir hann og hvetur alla sem geta til að koma í Fossvogskirkju. *-shk*

## smádót





● **ÞAÐ ER ALLTAF GAMAN AÐ SKREYTA** til að koma sér í hátíðarstemningu. Nú nálgast páskarnir og eru búðirnar fullar af alls konar páskaskrauti. Með hækkandi sól er því afar viðeigandi að skreyta í fjörugum páskalitum eins og gulum og grænum og þarf það ekki að kosta mikið. Hér er sýnishorn af ódýru páskaskrauti. Suma hlutina má síðan nota áfram við hin ýmsu tækifæri og eiga frísklegir litirnir vel við sumarið.

**Í Søstrene Grene** eru til ýmiss konar skrautkerti sem lífga upp á hvaða borðhald sem er. Þau fást 3 í pakka og kosta eggin 204 kr., páskaliljurnar 109 kr. og hænukertin kosta 164 kr. **Þessir krúttlegu eggjabikara**r fást hjá Søstrene Grene og kostar ungabikarinn 119 kr. en doppótti eggjabikarinn kostar 116 kr. **Þessi geggjaði hani** er fáanlegur í nokkrum stærðum hjá Søstrene Grene en þessi tiltekni hani kostar 119 kr. **Þessar tréhænur** eru fjörugar og skemmtilegar og kjörnar til að skreyta páskaborðið. Þær eru til í Søstrene Grene og kostar þessi hnarreista 104 kr. en hin er á 98 kr.

*-hs*



# Fermingargjafir

## fyrir poppara, rappara og rokkara

**Swingstar trommusett**




**Tilboð 79.900 kr.**

**Stúdíó**



**Tilboð 65.900 kr.**

**Yamaha LL series kassagítarar**



Hörð taska, standur og stillitæki fylgir með

**Effektatæki**




**15%**
Verð frá 9.900 kr.

**Ibanez**



**50%**
afsláttur af pedulum ef gítar eða bassi er keypur

**Sabian symbalar**




**20%**
**afsláttur**

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

# Lítil þykja lífsins not fyrir utan sælgætið

**Páskaeggjaúrvalið hefur sjaldan verið meira en einmitt í ár.**

Páskarnir eru á næsta leiti og verslunarhillur hreinlega svigna undan páskaeggjum. Sjaldan ef aldrei hefur úrvalið verið eins mikið og í ár og er næsta víst að allir geti fundið eitthvað gott við sitt hæfi.

Til marks um það fást páskaegg í öllum stærðum og gerðum. Ástaregg eru tilvalin fyrir þá sem eru í rómantískum hugleiðingum. Sykurlaus egg henta þeim sem vilja hugsa um línurnar og prakkara- og púkaegg eru fyrir þá sem vilja krydda aðeins tilveruna.

Öll eiga þau sameiginlegt að kæta andann.

Þá er sjálfur uppistaðan ótalin, það er að segja ljúffengt súkkulaðið, sem fæst í ólíkum litbrigðum, bráðnar í munni og fær mann til að gleyma stað og stund. Að ógleymdu innihaldinu: karamellum, lakkrís, brjóstsykri, hlaupkörlum, súkkulaðikúlum og konfektmolum og fleiru góðgæti ásamt málshættinum sívinsæla. Eggin eru skreytt með litríkum blómum, slaufum, sælgæti, dóti og síðast en ekki síst litlum, gulum páskaungum.

*-rve*



Risaegg frá Nóa-Síríus.



Konfektegg frá Nóa-Síríus.

Rísegg frá Sælgætisgerðinni Freyju.

Freyjuegg númer 4.

Fjöregg án sykurs frá Sælgætisgerðinni Freyju.

Páskaegg frá Góu, frá vinstri: lakkrísegg og egg númer 6.

Ástaregg frá Sælgætisgerðinni Freyju.






## smádót

● **FAGURGRÆNIR KÖKUDUNKAR** með fallegu munstri á lokinu fást í nokkrum stærðum hjá Søstrene Grene. Þeir eru kjörnir undir sælgætisafganga og smádót. Stærri dunkurinn kostar 258 kr. en sá minni er á 178 kr. Litlu skrauthænurnar fást á sama stað og kosta 54 kr. stk.



# Körfuboltaskóli fermingargjöfin

Steinar Sindri Agnarsson fermist í Grindarvíkurkirkju á skírdag. „Mér hefur þótt gaman í fermingarfræðslunni og nú kann ég boðorðin og trúarjátninguna,“ segir Steinar Sindri þegar blaðamaður slær á þráðinn til hans. Hann er að vonum spenntur og viðurkennir að vera ansi spenntur fyrir gjöfunum. „Í sumar fer ég í körfuboltaskóla til Flórída ásamt félögum mínum, það er fermingargjöfin frá mömmu og pabba,“ segir Steinar Sindri sem hefur æft körfubolta frá fjögurra ára aldri. „Ég gæti vel hugsað mér að fara til Ameríku þegar ég er orðin fullorðinn og spila körfubolta sem atvinnumaður,“ segir hann og tekur fram að það hafi nú ekki margir Íslendingar gert slíkt, og er því óviss um hverjir möguleikarnir eru.

Talið berst að veislunni þar sem hann segist vera með fingurna í öllum málum. „Mamma bauð mér að velja allt fyrir veisluna og ég þáði það. Ég valdi uppáhaldsmatinn minn úr eldhúsinu hennar mömmu.“ Honum hefur ekki þótt erfitt að standa í fermingarundirbúningnum þó hann minnist á að myndatakan hafi verið dálítið erfið. „Ég er ekki vanur því að vera miðpunkturinn svo mér fannst það pínulítið vandræðalegt, en það gekk þó vel,“ segir Steinar Sindri.

*kristineva@frettabladid.is*



**Steinar Sindri fór í myndatöku hjá Barna- og fjölskylduljósmyndum í Kópavogi.** MYND/BARNA- OG FJÖLSKYLDULJÓSMYNDIR EHF.


VIÐ ERUM
FLUTT
BRIM FLYTUR Á LAUGAVEG 71
Brim
Laugarvegi 71 og Kringlunni

# Goran Bregovic
– fjör fyrir brúðkaup og jarðarfarir

Laugardalshöll 19. maí   Miðaverð: 4.900 / 5.900




Goðsögnin Goran Bregovic ásamt 40 manna stórhljómsveit og kór leikur ómótstæðilega tónlist frá Balkanskaga.

Goran Bregovic samdi meðal annars tónlistina við kvikmyndirnar Underground, Arizona Dream og Time of the Gypsies. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Vorblóts. Sjá nánari upplýsingar og myndbrot frá 200 þúsund manna tónleikum Goran Bregovic í Montreal sl. sumar á **www.listahatid.is**.

„STRENGJASVEIT, KARLAKÓR, HARMÓNIKKULEIKARAR, BÚLGARSKAR SÖNGKONUR, RAFMAGNSGÍTARAR OG HEIL LÚÐRASVEIT! ALLT ÞETTA SAMAN OG ÁHORFENDUR ÆRAST AF GLEÐI.“
- NEW YORK TIMES, 2006

„OLÉ, GORAN!!! NÆSTUM ÞRJÁR KLUKKUSTUNDIR AF HEITUM TILFINNINGUM, ÓGNARKRAFTI, LITADÝRÐ, ÁSTRÍÐU, FRAMANDLEIKA OG TÖFRUM.“
- EL PAIS




Glæsilegur 68 síðna dagskrárbæklingur Listahátíðar í Reykjavík 2007 kominn út!

Fáðu þér eintak í verslunum Hagkaupa fyrir páska.

Miðasala

Miðasala á viðburði Listahátíðar í Reykjavík 2007 fer fram á **www.listahatid.is** og í síma 552 8588, alla virka daga frá kl. 10 til 16. Miðasala á tónleika Goran Bregovic er einnig á www.midi.is.

10.–26. maí
Listahátíð í Reykjavík 2007
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

KAUPÞING   ICELANDAIR   SAMSKIP   Radisson SAS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA


## smádót





● **KERTI Í GLASI** Það má alltaf nota sæt spritt-kertaglös og má fá þau í ýmsum stærðum og gerðum.

Gulu glösin fást í Søstrene Grene og kostar blómaglasið 69 kr. en doppótta glasið kostar 107 kr.

Blá og græn sprittkertaglös úr Søstrene Grene. Stærra glasið kostar 136 kr. en minna glasið kostar 109 krónur.

Nota má venjuleg glös undir sprittkerti. Til dæmis doppóttu glösin sem fást í Tiger og kosta 200 kr. þrjú saman. Fín um páskana sem og í sumar.



**Arna Grétarsdóttir, prestur í Seltjarnarneskirkju, bakar brauðið sjálf fyrir altarisgönguna á skírdag.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Oblátur víkja fyrir heimabökuðu brauði

**Messuhald verður viðburðaríkt í Seltjarnarneskirkju um páskana.**

„Páskarnir eru orðnir að fjölskylduhátíð þar sem gleðin teygir sig yfir alla dagana,“ segir Arna Grétarsdóttir, prestur í Seltjarnarneskirkju, um það hvernig páskarnir hafa breyst undanfarin ár.

„Fjölskyldur eru orðnar duglegar að nýta sér frídagana til að gera eitthvað skemmtilegt saman. Fólk fer í síauknum mæli til útlanda eða stefnir á að eiga góðar stundir í faðmi ástvina.“

Messuhald um páskana í Seltjarnarneskirkju fylgir hefðum þótt jafnframt sé bryddað upp á skemmtilegum nýjungum að sögn Örnu. „Á skírdag erum við með fallega messu, sem hefst klukkan átta. Þar minnumst við sérstaklega síðustu kvöldmáltíðarinnar. Ég baka brauðið sjálf sem við notum við altarisgönguna, hinar hefðbundnu oblátur eru látnar víkja og altarisgangan verður því öðruvísi en fólk á að venjast. Við endum messuna á Getsemane. Þá tökum við af altarinu, afskrifum það, og setjum í staðinn svartan dúk og fimm rauðar rósir. Eina rós fyrir hvert svöðusár Krists. Þetta er í raun táknræn innganga inn í föstudaginn langa.“

Arna segir að messa hefjist klukkan ellefu á föstudaginn langa. „Þá er píslarsagan lesin. Einnig verður mikið um tónlist og sálmasöng í flutningi Kammerkórs Seltjarnarneskirkju, undir stjórn Pavels Manasek,“ bætir hún við og lýsir jafnframt ánægju sinni með kórinn og stjórnandann.

Allt snýst þetta þó um páskadag en páskamessa hefst klukkan átta. „Stelpur úr Ballettskóla Guðbjargar Björgvinsdóttur dansa inn páskana hjá okkur hérna í Seltjarnarneskirkju,“ útskýrir Arna. „Þetta er orðin hefð hjá okkur þó að hún hafi dottið niður í fyrra og erum við afskaplega ánægð með að fá ballettstelpurnar aftur. Þær byrja að dansa frammi í anddyri, dansa inn kirkjugólfið og eru svo allar við altarið. Þetta er hátíðleg sýn og stelpurnar tignarlegar og fallegar. Að öðru leyti er um hefðbundna hátíðamessu að ræða,“ segir hún og bendir á að eftir páskamessuna sé kirkjugestum boðið upp á kaffi, kakó og rúnstykki í safnaðarheimili kirkjunnar.

-shk

20 ÁRA

# Páskar á Akureyri

## Afmælishátíð Íslenskra verðbréfa hf



## Laugardaginn 7. apríl

**AFMÆLISHÁTÍÐ Í HLÍÐARFJALLI MILLI 16 OG 17**

- Kynnar verða **Karíus og Baktus**
- **Landsþekktir frambjóðendur** keppa í svigi
- **Óskar Pétursson** tekur lagið
- **Heitt súkkulaði m/rjóma og kleinur** í boði Friðriks V.

**AÐ AUKI:**

- **Frítt í Akureyrarsundlaug** fyrir 16 ára og yngri
- **Fríar sýningar í Nýja bíói** kl. 13:30



ÍSLENSK VERÐBRÉF

EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

STRANDGATA 3 • 600 AKUREYRI • SÍMI 460 4700 • WWW.IV.IS

# Tilvaldar á páskaborðið

**Páskar eru tími ferminga og ekki ónýtt að geta boðið upp á kræsingar á borð við þær sem sjá má hér.**



**Súkkulaðikaka úr smiðjur Þráins Júlíussonar og Ragnars Ómarsonar á DOMO.**

**● FRÖNSK SÚKKULAÐIKAKA Í SMÁFORMI** Súkkulaði kökur „brownies“ sem eru mjúkar að innan eru úr smiðju Þráins Júlíussonar og Ragnars Ómarsonar, yfirmatreiðslumanna á veitingastaðnum Domo, Þingholtstræti 5.

4 egg
150 g sykur
165 g dökkt súkkulaði
110 g smjör
120 g hveiti
Kaffi til að bragðbæta
Grand-líkjör til að bragðbæta

Egg og sykur þeytt vel. Smjörið og súkkulaðið brætt saman í vatnsbaði og síðan hellt varlega yfir eggin og sykurinn og hrært varlega saman við með sleif. Hveitið er síðan sigtað út í blöndina og hrært vel saman við með sleif. Síðan er bragðbætt með kaffi og örlitlu Grand Marnier ef vill. Blöndunni hellt í lítil eldföst mót á stærð við muffins. Bakað við 180 gráður með blæstri (190 án blásturs) í sex mínútur þannig að kökurnar séu hráar í miðjunni. Kökurnar eru gjarnan bornar fram heitar þeyttum rjóma og ferskum berjum.

**● PEKANKAKA OG BANANAKAKA** Grænmetisstaðurinn Á næstu grösum, Laugavegi 20 b og Suðurlandsbraut 52, býður upp á glæsilega köku í tveimur útgáfum með hnetum og banönum og án hveitis.

**Botn**
5 eggjahvítur
100 g döðlumauk
100 g skornar döðlur
80 g möndlukurl

**Hnetulok**
200 g pekanhnetur
60 g púðursykur
1 msk vatn
5 dl rjómi

**Bananalok**
4 bananar
50 g carobella-súkkulaði
5 dl kókosmjólk

**Botn**
Eggjahvíturnar eru stífþeyttar og ¼ af eggjahvítunum er blandað varlega saman við maukið, döðlurnar og möndlurnar með sleikju. Þessu er blandað vel saman og síðan sett út í afganginn af eggjahvítunum. Sett í smurt form og bakað við 150 gráður í 18-20 mínútur.
Kælið lítillega og setjið á kökudisk. Döðlumauk búið til með því að mauka saman 1 ½ dl döðlur og 5 dl soðið vatn. Sé ekki matvinnsluvél fyrir hendi má sjóða þetta í mauk en athugið að þá þarf miklu meira vatn.

**Hnetulok**
Hneturnar eru ristaðar í ofni við 150 gráður í um 4-6 mínútur. Síðan raðað ofan á botninn.
Púðursykurinn og vatnið brúnað í potti þar til fer að bullsjóða, þá er rjómanum bætt við. Hrært í og soðið þar til að karamellan verður glansandi og passlega þykk.

**Bananalok**
Kókosmjólkin hituð að suðu, tekin af hita og súkkulaðinu bætt út í og hrært þar til það hefur bráðnað, sett yfir sneidda bananana á kökunni.
Kakan passar í 20 sentimetra form með lausum botni.



**Á næstu grösum eru í boði hveitilausar kökur með döðlum, hnetum og banönum.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Full búð af nýjum vörum







SKUNKFUNK - LEE- WRANGLER
SARA KEIR DESIGN- ZENTO SKART & TÖSKUR
REPEAT DK. - VIA-VAI SKÓR VÆNTANLEGIR

ALLT FYRIR LÍKAMANN OG ANDLIT ÚR DAUÐAHAFINU

OROBLU - ERMAR- LEGGINGS - HAUSKÚPUKLÚTAR - ARAFAT SLÆÐUR OG MARGT FLEIRA

BRAZILIAN TAN BRÚNKUKREM






LOVE LINE KREMIN
- MAXIM SVITASTOPPARINN SEM ER AÐ SLÁ Í GEGN Á ÍSLANDI

Respekt mens women · Respekt women · Respekt mens

Respekt tískuvara
Firði, 2. hæð • Sími 533 3931

weber

# Nýja 2007 línan frá Weber er kominn !



## Nýtt útlit, sömu frábæru gæðin.
## Kíktu við á næsta sölustað og skoðaðu nýjungarnar frá Weber®



Genesis E310

**Verð Kr. 102.950.-**



Genesis S310

**Verð Kr. 116.980.-**



Summit S 650

**Verð Kr. 259.490.-**

Söluaðilar.: Járn og Gler ehf - Garðheimar - Húsasmiðjan - ECC.

www.weber.is



Krabbakaka á suðræna vísu.



Saltfiskur með hvítlaukskartöflustöppu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aperitivo um eftirmiðdaginn

**Þeir sem eru í leit að mat í Miðjarðarhafsstíl ættu ekki að vera sviknir á bístróstaðnum Vor, á Laugavegi 24, þar sem Te & kaffi var áður til húsa.**

„Við stílum inn á veitingar í anda evrópskrar matargerðar við Miðjarðarhafið og leggjum sömuleiðis mikið upp úr fersku og góðu hráefni,“ útskýrir Birgir Baldursson, rekstrarstjóri staðarins. „Hér er boðið upp á spænska, ítalska, gríska og franska þjóðarrétti, svo óhætt er að lofa alvöru suðrænum anda.“

Vor opnar klukkan hálf tíu á morgnana og þá geta morgunhanar gætt sér á bakkelsi, svo sem croissant og rúnstykkjum og kökum langt fram eftir degi að sögn Birgis. „Að sjálfsögðu bjóðum við ennþá upp á besta kaffið í bænum. Við vorum ekki tilbúnir að varpa þeirri hefð fyrir róða þótt við hefðum breytt staðnum og skipt um nafn.“



Hér sjást kokkarnir Sigurður Ásgeirsson og Ágúst Sigvaldason að störfum í eldhúsinu.

Að auki hafa alls kyns erlendar hefðir verið teknar upp á staðnum, til að fanga betur suðrænu stemninguna. Birgir bendir á að í hádeginu verði boðið upp á stúf, ríflega hálft vínglas eins og tíðkast í Frakklandi.

„Á milli klukkan fimm og sjö um eftirmiðdaginn ríkir síðan aperitivo eins og á Spáni og Ítalíu,“ heldur hann áfram. „Þá fá viðskiptavinir sem panta sér bjór eða vínglas, tapassnittu sér að kostnaðarlausu. Á kvöldin er síðan boðið upp á dýrindis kvöldverð í afslöppuðu andrúmslofti. “

Eldhúsið verður opið fram eftir kvöldi og matur og drykkur afgreiddur þar til staðurinn lokar, en opnunartímar voru lengdir í kjölfar annarra breytinga. Haft er opið til klukkan tíu á kvöldin virka daga og sunnudaga og til eitt á föstudögum og laugardögum.

Þeir sem vilja taka forskot á sæluna geta eldað eftir uppskriftum að þremur ljúffengum réttum sem kokkar Vors, Sigurður Ásgeirsson og Ágúst Sigvaldason, voru svo vænir að eftirláta lesendum.

### KRABBAKAKA

1 bökunarkartafla
1 ferskt chili
hálfur rauðlaukur
100 gr krabbakjöt
1 hvítlauksgeiri
salt og pipar

Blandið öllu saman í blandara. Mótið með skeið og steikið í olíu. Gott er að bera krabbakökur fram með salati og hrísgrjónum.



Súkkulaði-fondant með kirsuberjafrauði og vanillusósu.

### SALTFISKUR MEÐ HVÍTLAUKSKARTÖFLUSTÖPPU

Saltfiskur
nætursaltaður þorskhnakki
2 tómatar
1/2 bolli af möndlum
smjörklípa

Steikið nætursaltaða þorskhnakkann upp úr ólífuolíu á pönnu. Skerið tómata í bita og steikið með ásamt möndlum. Setjið smjörklípu út í.

### KARTÖFLUMÚS

200 gr kartöflur
4 hvítlauksgeirar

Soðið og maukað með 50 gr af smjöri og smá slettu af rjóma, bragðbætið með salti.

### SÚKKULAÐI-FONDANT

8 egg
300 gr sykur
120 gr hveiti
375 gr bráðið súkkulaði
225 gr bráðið smjör

Þeytið egg og sykur saman. Setjið hveiti út í og því næst súkkulaði. Bætið bræddu smjöri síðast í. Setjið í lítil form eða bolla og hitið við 180 gráður í átta mínútur. Berið fram með kirsuberjafrauði og vanillusósu.

*roald@frettabladid.is*

**Fermingargjöf – með æviábyrgð**

„..hef náð frá 130 orðum á mínútu í 1056 orðum á mínútu..“
Axel Kristinsson, 16 ára nemi.

„Þetta mun nýtast mér alla ævi.“
Jóhanna Helga, 15 ára grunnskólanemi.

„Ykkur að þakka mun ég rúlla upp samræmdu prófunum.“
Jökull Torfason, 15 ára nemi.

„..byrjaði með 96 orð á mínútu og 40% skilning en í lokin las ég 406 orð á mínútu og 70% skilning.“
14 ára nemi.

„Námskeiðið er gott, ekki of tímafrekt og góður undirbúningur fyrir framtíðina.“
Margrét Ósk, 14 ára nemi.

„...jók lestrarhraðann talsvert mikið.“
Elísa Elíasdóttir, 12 ára nemi.

„..fannst námskeiðið skemmtilegt og krefjandi.“
Álfrún Perla, 14 ára nemi

„..þetta hefur hjálpað mér í námi.“
Steinar Þorsteinsson, 15 ára nemi.

**Gjafabréf Hraðlestrarskólans • Frábær fermingargjöf • Gjöf með æviábyrgð**

Allar upplýsingar á **www.h.is** og í síma **586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

# HARÐIR PAKKAR FRÁ NÝHERJA



## Lenovo V100 fartölva
***Nett og skemmtileg***

Öflug og hljóðlát fartölva sem vegur aðeins 1,8kg. Frábær kostur fyrir þá sem vilja góða en jafnframt fyrirferðarlitla fartölvu.
- Intel Core 2 Duo T5600 örgjörvi
- 12" TFT breiðtjaldsskjár - Vibrant View tækni
- Vefmyndavél
- Fingrafaraskanni

Verð: **149.900 kr.**



## Canon EOS 400 D 18-55mm linsa - 1GB minniskort
***Heimurinn verður þinn eigin leikvöllur***

Myndavélin sem hefur slegið í gegn hjá áhugasömum ljósmyndurum. Yfirburða 10.1 milljón punkta CMOS myndflaga og innbyggður rykhreinsibúnaður færa þér aðalsmerki EOS sem felast í skörpum og hreinum myndum.

Verð: **99.900 kr.**

## My Book 320 GB flakkari
***Flottur og þægilegur***

Stílhreinn flakkari með 320GB hljóðlátum hörðum disk. Ekkert vesen, setur hann í samband og byrjar strax að setja kvikmyndirnar, tónlistina og ljósmyndirnar inn á hann. Hugbúnaður frá Google fylgir.

Verð: **18.900 kr.**





## Bose SoundDock
***Stílhrein gæði***

Bose SoundDock er stílhrein og flott lausn til að hlusta á uppáhaldstónlistina þína í einstökum gæðum. Þú einfaldlega smellir iPod í Bose SoundDock og upplifunin er þín.

Verð: **39.900 kr.**

## Canon PowerShot A550 stafræn myndavél
***Afkastamikil smávél***

Nett myndavél með 7.1 megapixla myndflögu og 4x optical zoom. ISO 800 gerir hana tilvalda í myndatökur í lágum birtuskilyrðum án þess að nota flass auk þess sem það dregur úr hættu að myndirnar verði „hreyfðar".

Verð: **24.900 kr.**





## Bose IN EAR
***Tær snilld***

Einstaklega létt og þægileg heyrnatól sem sitja föst á sínum stað á meðan þau veita þér hinn fullkomna tón að hætti Bose. Heyrnatól sem henta við hvaða afþreyingu sem er.

Verð: **15.900 kr.**

NÝHERJI

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

# Alvöru páskaegg

Árið 1885 fékk Alexander III Rússakeisari gullsmiðinn Fabergé til að búa til mjög sérstakt páskaegg. Eggið átti að vera páskagjöf til keisaraynjunnar Maríu Fyodorovnu og dugði ekkert minna til en skíragull.

Að utan leit eggið út eins og venjulegt hvítt hænuegg en þegar það var opnað kom í ljós eggjarauða úr skínandi gulli. Inni í sjálfri eggjarauðunni var svo gullhæna með smaragðsskreytta kórónu.

Keisaraynjan varð svo hrifin af gjöfinni að Alexander bauð Fabergé og mönnum hans að búa til eitt egg á ári. Einu skilyrðin sem Alexander setti voru að eggin yrðu öll einstök og innihéldu óvæntan glaðning. Þessi hefð lifði Alexander þvíþegar sonur hans, Nikulás II, tók við stjórnartaumunum urðu eggin tvö á ári. Eitt fyrir konu Nikulásar, Alexöndru, og eitt fyrir móður hans.

Eggin urðu allt í allt 57 talsins en framleiðslu þeirra var hætt eftir byltinguna árið 1918. Þau eru öll mismunandi að gerð enda lögðu gullsmiðir Fabergés mikið upp úr hönnun.

Nítján egg hvíla nú í faðmi rússneska bjarnarins, átta eru glötuð og afgangurinn dreifður um söfn og sýningarsali víða um heim.



**Alexander III Rússakeisari fékk gullsmiðinn Fabergé til að búa til sérstakt páskaegg úr skíragulli árið 1885.**




## Öðruvísi páskadót

Víða má finna skemmtilega hluti sem hæfa páskahátíðinni. Við fyrstu sýn gæti manni þótt sumt af þessu fremur gagnslaust en stundum þarf einungis að hugsa örlítið út fyrir kassann til að uppgötva notagildi hlutanna og finna þeim pláss. Hér á eftir eru nokkrir fjörlegir hlutir og hafa sumir með mikið skemmtanagildi. Smáfólkið hefur líka oftar en ekki gaman af svona dótarí og væru eflaust margar litlar stelpur hæstánægðar í páskabaði með bleikri kanínu.

*-hs*



**Þessi bleiki kanínusvampur er kjörinn í páskabaðið! Fæst í Tiger á 200 kr.**



**Allt er vænt sem vel er grænt og páskakaffið bragðast eflaust dásamlega úr þessum græna kaffibrúsa. Hann fæst í Søstrene Grene og kostar 252 kr.**



**Gluggalímmiðar með dúllulegum páskamyndum. Kjörnir í barnaherbergið eða á speglana. Fást í Tiger á 200 kr.**



**Kostulegur páskaungi með mikið magamál! Þessi er kjörinn til að geyma páskaeggið í eftir að á það hefur verið ráðist. Unginn hefur nefnilega mörg hólf í maganum og sælgætinu má skipta niður eftir tegundum þannig að súkkulaðið klessist ekki við brjóstsykurinn o.s.frv. Fæst í Tiger og kostar 400 kr.**



**Þetta púsluspil er ágætis dægradvöl í páskafríinu og er það sérstakt að því leyti að það er í raun þroskasaga hænunnar. Á efsta laginu er hænan fullorðin en þegar það lag er tekið í burtu má finna púsl með hænu á gelgjunni og á neðsta laginu sést unginn. Fæst í Tiger á 200.**

alltaf eitthvað nýtt www.mubla.is

mubla

nýbýlavegi 18 I s. 517 2100




alltaf eitthvað nýtt www.mubla.is



# Gjöf sem **stækkar** í pakkanum

## 5.000 kr. verða 7.000 kr.

Ef þú gefur fermingarbarni 5.000 króna gjafabréf í Framtíðarsjóð bætir Sparisjóðurinn 2.000 krónum við gjöfina. Gefðu gjöf sem ávaxtar sig strax!

### Framtíðarsjóður

- Ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga
- Engin lágmarksinnborgun
- Verðtryggður
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Kjör haldast óbreytt þó innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur

Kíktu inn á **spar.is** og reiknaðu út ávöxtun á sparnaði í Framtíðarsjóði Sparisjóðsins.

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

Fíton/SÍA

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

### Orlofshús
Orlofshús á 601 Akureyri, með öllum húsbúnaði til leigu, eftir 15. apríl, um lengri eða skemmri tíma. S. 897 7613.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Glæsileg lúxus íbúð til leigu í rólegu hverfi (101). Allt innfalið. Sjón er sögu ríkari. Upplýsingar í síma 864 5719.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu c.a 70 fm íbúð, sér rafmagn og hiti. Aðeins reyklaust og reglusamt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 554 0561 eftir kl 17:00.

Mjög rúmgóð og snyrtileg 2ja herbergja íbúð í Mosfellsbæ. Uppl. um fjölskylduhagi sendist á netfang cgtms@hotmail.com.

Glæný lúxus íbúð á besta stað í 101. Allt innifalið. Sjón er sögu ríkari. Uppl. 864 5719.

2 herb. íbúð við Torfufell til leigu, laus strax. Uppl. í s. 696 0970 & n@nudd.is

Ca. 10 fm herb. til leigu í miðbæ Rvk. Sér salernisaðst. (ekki bað). Leigist á 35 þ. á mán. Svar með ítarlegum upplýsingum sendist á bgunn@internet.is

## Húsnæði óskast

Óskum eftir að leigja 3ja herbergja íbúð á svæði 112,113 eða 110. Reyklaus, reglusöm og traustir aðilar. S:893 8021/861 8050.

Mjög trausta leigendur vantar 4. herb. íbúð á höfuðbsv. frá 1. júlí S. 858 5236.

Ungt par með 2 börn, bráðvantar 3ja herb. íbúð í Grafarholti eða Grafarvogi. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 848 7296. Hrefna.

## Sumarbústaðir



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

## Geymsluhúsnæði

Geymslugámar
Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.
HAFNARBAKKI

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 130 fm á Smiðshöfða, upphæð 150 þús á mán. Laust strax. S. 691 4131.

2ja herb.(70fm) kjallaraíbúð til leigu í Vesturbæ Rvík. Mánaðarleiga 90 þús. með hita og rafm. Eingöngu reglusamir, reyklausir og gæludýralausir einstak. koma til greina. Upplýsingar s. 847 9118.

### Til leigu
Við sund: Til leigu 70 og 20 fm. atvinnuhúsnæði á 2. hæð. Leigist ekki til íbúðar. Sími 894 1022.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

AVM
Alltaf gott fólk

**AVM Solutions geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Evrópu**
**-bæði karla og konur, svo sem matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum eða byggingariðnaði. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. AVM Solutions geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða.**
**Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is**

KFC

**Kentucky Fried Chicken Mosfellsbæ**
**Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum. KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.**

**Starfsfólk óskast**
**á sólbaðsstofurnar Smart, Grensásvegi 7. Dag, kvöld og helgarvinna. Reyklaus vinnustaður.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.**

**Pítan Skipholti**
**Hresst fólk á Pítunni er að leita að liðsauka í fullt starf. Unnið er 15 vaktir á mánuði, aldrei lengur en til 22:15, í góðu fyrirtæki. Kíktu á okkur.**
**www.pitan.is**

AMERICAN STYLE

**American Style á Bíldshöfða Grill**
**Vantar þig góða vinnu í fullu starfi og í föstu vaktavinnukerfi? Þá er American Style á Bíldshöfða málið. Vantar þig aukavinnu með skólanum? Pláss fyrir frábært fólk á Bíldshöfða. 19 ára aldurstakmark . (ath. ekki sumarvinna)**
**Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is**

BÆJARBAKARÍ

### Starfskraftar óskast
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

**Veitingahúsið Nings - Hlíðarsmára & Suðurlandsbraut**
**Ert þú með bíl til umráða? Veitingahúsið Nings óskar eftir að ráða bílstjóra í hlutastarf, þ.e. um kvöld og um helgar. Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8840 & 822 8835 eða á www.nings.is**

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára**
**Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

SUBWAY

**Kvöld og helgarvinna**
**Óskum eftir fólki í vaktavinnu, breytilegar vaktir á Subway Hamraborg. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum. Aldurstakmark 17 ár.**
**Nánari upplýsingar veitir Birgitta í síma 696 7018.**

Rizzo Pizzeria óskar eftir vönum pizzabökurum til starfa. Einnig vantar afgreiðslufólk og útkeyrslufólk. Nánari upplýs á Rizzo hraunbæ 121.

### Meiraprófsbílstjóri
Óskum eftir að ráða bílstjóra í útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl í s. 892 3901.

### Hellulist ehf
Óska eftir mönnum í hellulagnir. Uppl. veitir Gísli í s. 698 5222.

### Sumarvinna
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 15-27 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

### Sumarvinna
Vantar duglegan og áreiðanlegan flokkstjóra í garðyrkjustörf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Uppl. í s. 860 2971.

### Sushi sushi
Do you like sushi, we are looking for people who like to make sushi for our restaurant, you don't have to be an expert in sushi but it helps if you know something about sushi. Maru restaurant. Information at 892 8583.

## Atvinna óskast

INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK

Útvegum m.a.:

- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri
Hafðu samband í síma 517 4530

INTJOB STARFSMANNALEIGA
Hagasmára 1, 201 Kópavogur, www.intjob.is

21 árs meiraprófsbílstjóri. Vil helst vinna á vörubíl en annars opinn fyrir allri keyrslu. S. 845 1852.

Óska eftir vönum mönnum á dekkjaverkstæði og smurstöð. Uppl. í s. 587 4700.

Starfsfólk fra Lettlandi: smiðir, verkamenn, suðumenn, bílstjórar o.fl. S. 845 7158.

## Viðskiptatækifæri

Lítil heildsala rekin samhliða öðru. Gott tækifæri fyrir samhenta aðila. Upplýsingar á dugnadur@visir.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Tara Mist Ehrat. Til hamingju með 6 ára afmælið kæra dóttir mín. Þinn Pabbi

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál

**18plús.is**
**XXX samfélag íslendinga á netinu**
- birtu eigin myndir -
- skoðaðu myndir annarra -
ATH. að vefurinn hentar jafnt konum sem körlum.

# FASTEIGNIR

HÚSIÐ FASTEIGNASALA

**Suðurlandsbraut 50**
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

**Opið hús Álfatún 23 - 200 Kóp.**
**í dag 3. apríl frá kl 17:30 til 18:30**

Frum





**Laus strax við kaupsamning.**
Góð 3ja herbergja íbúð á efstu hæð með fallegu útsýni. Mjög barnvæn staður, stutt í leikskóla, snælandsskóla, íþróttasvæði HK og útivistarsvæðið Fossvogsdalinn. Gólfefni eru parket og flísar, vandaðar innréttingar bæði í eldhúsi og á baðherbergi.
**Vel þess virði að skoða þessa. Verð 23,8 millj.**
***Allar nánari upplýsingar gefur Ólafur Haukur í s. 693 4868***

# AÐALFUNDUR

FÉLAG ÍSLENZKRA SÍMAMANNA F.Í.S.

**Aðalfundur Félags íslenskra símamanna 2007 verður haldinn að Stórhöfða 31 1.hæð**
*(gengið inn Grafarvogsmeginn)*
**miðvikudaginn 11.apríl kl. 18.00**

**Dagskrá**

1. **Venjuleg aðalfundarstörf**
2. **Lagabreyting**
   **Félagsmenn þurfa að vera búnir að greiða í 1 ár til að fá úthlutað úr Starfsmenntunarsjóði (í stað 2 ár)**
3. **Kosning fulltrúa á RSÍ þing**
4. **Önnur mál**

***Stjórn Félags ísl. símamanna***

Samtök psoriasis og exemsjúklinga

SPOEX

## 35. aðalfundur SPOEX 2007

35. aðalfundur Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga verður haldinn fimmtudaginn 12. apríl nk. að Grand Hótel Reykjavík v/Sigtún og hefst fundurinn kl. 20.00.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundastörf.
Jens Sloth Nielsen formaður Danska Psoriasis félagsins verður með kynningu á loftlagsmeðferð.
Önnur mál.

Kaffiveitingar.

Mætið öll og fræðist um málefni samtakanna.

Stjórnin.

# Auglýsing um skipulag - Blönduósbær

**Tillaga að deiliskipulagi. Brautarhvammur - ferðaþjónustu- og útivistarsvæði.**

Bæjarstjórn Blönduósbæjar samþykkti þann 13. mars 2007 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Brautarhvamms, skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagssvæðið er um 6,4 ha að stærð og afmarkast af Norðurlandsvegi að norðan og vestan, ánni Blöndu að sunnan og svæði skilgreindu í aðalskipulagi með náttúruverndargildi að austan.

Á svæðinu er tjaldsvæði, þjónustuhús og 7 gistihýsi. Deiliskipulagstillagan felur m.a. í sér að fjölga gistihúsum, bæta við þjónustuhúsi og stækka tjaldsvæðið með sér svæði fyrir húsbíla, hjólhýsi o.þ.h. Þá er gert ráð fyrir útivistarsvæði og leiksvæðum ásamt breyttum vegtengingum að svæðinu.

Tillagan, uppdráttur og greinargerð, verður til sýnis á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar að Hnjúkabyggð 33 frá 3.apríl - 1. maí 2007. Einnig verður tillagan á heimasíðu Blönduósbæjar, http://www.blonduos.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulags-, byggingar- og veitunefndar á bæjarskrifstofur Blönduósbæjar. Frestur til að gera athugasemdir er til og með þriðjudagsins 15. maí 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri

AUGLÝSINGASÍMI FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000

# SJÓNARHORN



Fiskur á þurru landi við strandstað Wilson Muuga á Reykjanesi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



PIAZZA DEL CAMPO Í SIENA.

# BORGIN: SIENA

Siena er ægifögur borg sem stendur í hæðóttu landslagi Toskanahéraðs á Ítalíu. Borgin er sögfræg og er á heimsminjaskrá UNESCO.

Siena, líkt og aðrir bæir í Toskana, var fyrst byggð um 900 til 400 árum fyrir Krist. Þá bjó þar þjóðflokkur sem kallaðist Saina. Um 55 þúsund manns búa í borginni sem stendur um 322 metra yfir sjávarmáli. Þröngar götur og falleg gömul hús einkenna hana en margar sögufrægar byggingar standa í borginni.

Piazza del Campo-torgið er í laginu líkt og skel og stendur í miðri borginni. Meðfram torginu stendur fjöldi veitingastaða og kaffihúsa og vinsælt er meðal ferðamanna að leggjast á örlítið hallandi torgið og sóla sig.

Á torginu fara einnig fram árlegar kappreiðar sem frægar eru um allan heim. Það er keppni á milli bæjarhluta og hápunktur ársins í borginni.

Mikið er um bæði listasöfn og tónlistarhús í Siena og er borgin vinsæl til tónleikahalds enda er í borginni frægur tónlistarskóli, Accademia Musicale Chigiana.










# Börn og foreldrar

**UMRÆÐAN**
Aðbúnaður barna


ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Fyrir tæpum fjórum árum slóst ég í lið með foreldrum landsins og nú eru börnin orðin tvö. Það er engu um það logið að þetta eru merkileg tímamót, foreldrar kinka líklegast allir kolli yfir þeirri staðreynd. Lífssýnin breytist og það sem var merkilegt er nú hjákátlegt, það sem þótti smámál er nú mikilsvert. En mér hefur ekki staðið á sama um kæruleysi stjórnvalda gagnvart sínum yngstu borgurum. Börn og foreldrar þeirra þurfa óskipta athygli okkar allra. Fjöregg samfélagsins, hornsteinn þjóðfélagsins, grundvöllur mannlífsins: það er sama hvaða nafni stjórnmálamenn, ráðherrar og forsetar kjósa að kalla okkur – við þurfum óskipta athygli. Það er góður mælikvarði á þroska hverrar þjóðar hversu vel er búið að börnum og foreldrum þeirra.

Mikil og þörf umræða hefur átt sér stað undanfarið um aðbúnað barna, hamingju þeirra og aðstæður. En umræðan hefur líka verið þrælerfið og opnað augu okkar upp á gátt fyrir því að börnum á Íslandi líður mörgum hverjum illa. Þau skortir tíma foreldra sinna, þau skortir úrræði ef þau veikjast andlega, þau skortir ró og frið, þau skortir líkamlegt og andlegt atlæti, þau skortir skjól gegn vondum öflum, þau skortir pabba sinn, þau skortir mömmu sína.

Við foreldrarnir erum að reyna að gera okkar besta. En samfélagið leggst ekki á árarnar með okkur. Fyrirtæki bera líka ábyrgð, stjórnvöld bera gríðarmikla ábyrgð. Kannski þurfum við að doka við og spyrja: Eigum við að hætta að vinna klukkan fjögur? En klukkan þrjú? Hver ákvað að það væri eðlilegt að börn væru lengur í vinnunni en margir fullorðnir? Hver ákvað að það væri eins og hvað annað náttúrulögmál að örfá úrræði eru fyrir geðveik börn, fyrir unga fíkla? Hver ákvað að tannviðgerðir barna ættu að kosta svo mikið? Hver ákvað að fátækt ætti að líðast og að börn fátækra líði mest? Hver ákvað að tekjutengja barnabætur svo harkalega að þær eru varla fátækrastyrkur? Hver ákvað að dýrtíð, okur, hátt matvæla- og fasteignaverð væri eins og hvert annað súrt epli að bíta í?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði í eldhúsdagsumræðum á Alþingi um daginn að börnin ættu rétt á tíma foreldra sinna – rétt eins og fyrirtækin. Mæli hún allra kvenna heilust.

Börn hafa ekki atkvæðisrétt en þó ættu stjórnmálaöfl að hugsa fyrst og síðast um þarfir þeirra. Barnapólitík Samfylkingarinnar er tímamótastefna í íslenskum stjórnmálum. Loksins, loksins hafa börnin í landinu eignast málsvara. Ég hvet alla sem sem haldið hafa lítilli barnshönd í lófa sínum, horfst í lítil augu og fundið til ábyrgðar, væntumþykju og kannski vanmáttar, til að lesa Unga Ísland, barnastefnu jafnaðarfólks, á heimasíðu Samfylkingar. Ég skal ganga um fjöll og dali og kynna hana fyrir foreldrum, svo mikilvæga tel ég hana vera. Hún lýsir draumalandi, landi jöfnuðar og virðingar fyrir börnum og foreldrum þeirra. Ég kýs það fyrir mín börn, hvað kýst þú?

*Höfundur er borgarfulltrúi.*


# Aðalfundur Actavis Group
## 4. apríl 2007 kl. 12.00

**Aðalfundur Actavis Group hf. verður haldinn á morgun, miðvikudaginn 4. apríl á Nordica Hotel að Suðurlandsbraut 2 og hefst fundurinn kl. 12.00.**

***Á dagskrá fundarins er:***

1. *Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.*
2. *Ársreikningur félagsins fyrir síðastliðið starfsár lagður fram til staðfestingar.*
3. *Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.*
4. *Ákvörðun um þóknun til stjórnar félagsins.*
5. *Stjórnarkjör.*
6. *Kjör endurskoðenda.*
7. *Tillaga um starfskjarastefnu.*
8. *Tillaga um heimild til handa stjórn til kaupa á eigin hlutum í félaginu.*
9. *Tillögur um nýjar samþykktir þar sem helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:*
   a. *Ákvæði í 4. gr. um rafræna þátttöku í hluthafafundum og rafræna hluthafafundi.*
   b. *Ákvæði í grein 4.13 um að á dagskrá aðalfundar verði tillögur um starfskjarastefnu og um heimild til handa stjórn til kaupa á eigin hlutum í félaginu.*
   c. *Ákvæði í grein 5.1 um að auk 5 stjórnarmanna skuli á aðalfundi kjósa allt að 3 varamenn í stjórn félagsins.*
   d. *Ákvæði í greinum 5.2–5.4 um upplýsingar um framboðstilkynningu þeirra sem gefa kost á sér til stjórnarsetu.*
   e. *Í 14. gr. er stjórn félagsins veitt ný heimild til hækkunar hlutafjár félagsins um allt að 100 milljónir króna að nafnverði. Skulu hinir nýju hlutir nýttir til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem kunna að verða gerðir við starfsmenn á næstu árum. Gildir forgönguréttur hluthafa ekki um hækkun hlutafjár samkvæmt heimild þessari.*

   *Að öðru leyti eru efnisbreytingar minniháttar og varða eingöngu endurröðun greina og breytingar á orðalagi samþykkta.*
10. *Önnur mál.*

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins að Dalshrauni 1, Hafnarfirði, hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins, www.actavis.com.

**Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 11.00 á fundarstað.**

Stjórn Actavis Group hf.

**Nánari upplýsingar veitir Halldór Kristmannsson í síma 535 2300 og í netfanginu hkristmannsson@actavis.com.**



actavis

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8855

# Hver lætur sjúklinga liggja á göngum?

**UMRÆÐAN**
Heilbrigðismál



KOLBRÚN INGÓLFSDÓTTIR

Það er íhugunarefni fyrir konur hvers vegna það miðast svo lítið í átt til jafnréttis innan samfélagsins. Hvers vegna eru konur einungis með 85% af launum karla? Hvers vegna eru karlar um 70% þingmanna? Konur þurfa að kjósa konur til valda og koma konu að sem forsætisráðherra í næstu kosningum.

Þær hafa til þess tækifæri í vor. Konur ættu ekki að láta þetta einstaka tækifæri renna sér úr greipum. Raunverulegt jafnræði á að ríkja hvort sem litið er til frambjóðenda, þingmanna eða ráðherra. Það kallast jafnrétti og er lýðræðislegt frá sjónarhóli kvenna. Eftir hverju er að bíða?

En kosningarnar snúast ekki einungis um jafnrétti. Hver veldur því að við borgum hæstu vexti í heimi og hverjir græða á tá og fingri við það? Hver hefur skert kjör eldri borgara og öryrkja? Hver er að gámavæða skólakerfið og sjúkrahúsin? Hver veldur einu hæsta matvælaverði í heimi og hver lætur okkur borga það? Hver hefur haldið skattleysismörkunum niðri? Hver skattleggur lífeyrissjóðsgreiðslur eins hátt og raun ber vitni? Hver setur fjölmiðlanefskatt á alla sextán ára og eldri nema þá sem lifa af fjármagnstekjum? Hver er að selja lambakjötið okkar fyrir litla átta dollara kílóið út úr búð í Ameríku? Hver lætur bændur lepja dauðann úr skel? Hver greiðir lægsta ellilífeyrinn á Norðurlöndum?

Hver lætur sjúklinga liggja á göngum úti? Hver aðskilur hjón á elliheimilum? Hver lætur börn og unglinga bíða eftir greiningu mánuðum og jafnvel árum saman? Hver hindrar eðlilega menntun blindra og sjónskerta? Hver er að gefa burtu auðlindir okkar og ræna þjóðlendum? Hver er að virkja fyrir erlenda stóriðju og rústa náttúrunni? Hver vill veiða 137 g af hval handa einum Japana en ekki draga að ferðamenn framtíðarinnar? Hver missti málverkasöfn bankanna sem voru þjóðareign úr höndum sér við sölu þeirra? Hvers vegna eru til fátæk börn á Íslandi? Svari hver fyrir sig hvort þessi framtíðarsýn sé fýsileg. Valið verður í vor um framtíðarsýn þjóðarinnar. Þar sem ég vil breytingar til batnaðar kýs ég Samfylkinguna.

*Höfundur er lífeindafræðingur og sagnfræðingur.*

# Þolendur og gerendur á Litla-Hrauni

**UMRÆÐAN**
Litla-Hraun



GUNNAR ÞÓR JÓHANNESSON

Í forystugrein Morgunblaðsins síðasta miðvikudag var fjallað um fangelsismál á afar sérstæðan hátt undir yfirskriftinni „Á Litla-Hrauni?“ Sá málflutningur sem þar birtist er mjög særandi fyrir starfsfólk Litla-Hrauns sem leggur sig fram um að vinna sína vinnu við erfiðar aðstæður. Aðstæður sem mótast hafa af fjársvelti og áhugaleysi þeirra sem stjórnað hafa landinu hverju sinni.

Í Reykjavíkurbréfi blaðsins sunnudaginn 1. apríl er haldið áfram að vega að starfsheiðri fangavarða en þó er umfjöllunin mun málefnalegri og á hærra plani en í áðurnefndri forystugrein. Samlíking við málefni barna sem sköðuðust vegna harðræðis í Breiðavík á árum áður er fráleit og leiðir eingöngu í ljós vanþekkingu greinaritara Morgunblaðsins á núverandi stöðu fangelsismála í landinu.

Eftirfarandi klausa úr forystugreininni sem endurbirt er í Reykjavíkurbréfi sunnudagsblaðsins er óásættanleg og ekki sæmandi miðli sem vill láta taka sig alvarlega og vera þekktur fyrir vandaða og málefnalega umræðu: „Getur það verið að 15 ára unglingur sé látinn dvelja í gæzluvarðhaldi á Litla-Hrauni? Jafnvel fullorðnir karlmenn, sem hafa marga fjöruna sopið og verið vistaðir þar, lýsa aðstæðum á Litla-Hrauni á þann veg að spyrja má, hvort ekki sé tímabært að endurskoða þá starfsemi, sem þar fer fram frá grunni.“

Við þessa klausu hafa fangaverðir ýmislegt að athuga. Rétt er að taka það strax fram að enginn ábyrgur aðili getur verið samþykkur því að 15 ára unglingur sé vistaður á Litla-Hrauni eða nokkru öðru fangelsi sem ætlað er fullorðnu fólki. Brýn þörf er á vistunarúrræðum fyrir unga afbrotamenn þar sem tekið væri á þeirra málum án þess að eldri harðsvíraðir glæpamenn fengju færi á að afvegaleiða þá enn frekar. Í umræddu tilfelli staldraði drengurinn stutt við á Litla-Hrauni og komst ekki í tæri við aðra fanga.

Vistun gæsluvarðhaldsfanga hefur breyst mikið til batnaðar á síðustu árum. Með Reykjavíkurbréfi birtist stór ljósmynd af klefa sem sagður er vera einangrunarklefi á Litla-Hrauni. Þetta er alrangt. Þessi klefi hefur aldrei verið notaður sem einangrunarklefi. Gæsluvarðhaldsklefarnir eru að sönnu engar hótelsvítur en eru mun vistlegri en gefið er í skyn í Morgunblaðinu. Í hverjum klefa er t.a.m. borð og stóll.

Fróðlegt væri að heyra lýsingar þeirra fullorðnu karlmanna sem nefndir eru til sögunnar í tilvitnun blaðsins hér að ofan. Hafa þeir t.d. eitthvað út á viðmót fangavarða að setja? Það skal fullyrt hér að starfsmenn fangelsisins leggja sig fram um að liðsinna gæsluvarðhaldsföngum og gera þeim vistina bærilegri eftir því sem kostur er. Fangarnir hafa aðgang að geðlækni, sálfræðingi, lækni og geðhjúkrunarfræðingi auk þess sem prestur er tiltækur ef á þarf að halda til sáluhjálpar.

Í tilvitnuninni sem birt hefur verið í tvígang í Morgunblaðinu er spurt hvort ekki sé tímabært að endurskoða frá grunni þá starfsemi sem fram fer á Litla-Hrauni. Hvaða þekkingu hafa þessir nafnlausu greinahöfundar til þess að fjalla um málefni fangelsisins og hvaða forsendur eru lagðar þar til grundvallar? Starfsemi fangelsisins er í stöðugri endurskoðun og reynt er að spila eins vel og hægt er úr þeirri aðstöðu sem er til staðar og því takmarkaða fjármagni sem stjórnvöld í landinu leggur til þessa svelta málaflokks.

Fangaverðir eru afar ósáttir við kjör sín. Tveir mánuðir eru liðnir frá því að stór hópur fangavarða fann sig knúinn til að segja upp störfum. Það sem hefur gerst frá þeim tíma er að fjármálaráðuneytið hefur viðurkennt að fangaverðir hafi launalega dregist verulega aftur úr samanburðarstéttum (lögreglumönnum og tollvörðum). Jafnframt hefur því neyðarúrræði verið beitt að framlengja uppsagnarfrest fangavarða um þrjá mánuði og því munu þeir ekki fá sig lausa úr starfi um næstu mánaðamót eins og að var stefnt. Í raun má segja að fangavörðum sé haldið nauðugum í illa launuðum störfum sínum án þess að gefast kostur á að róa á önnur mið og án þess að reynt sé að finna farsæla lausn á sanngjörnum og eðlilegum kröfum. Staðan í mönnunarmálum hefur verið mjög slæm mánuðum saman vegna þess að fólk fæst vart til starfa vegna afleitra byrjunarlauna fangavarða.

Aðgerðarleysi ríkisvaldsins í kjaradeilunni er óskiljanlegt og óþolandi auk þess að það lýsir fullkomnu skeytingar- og virðingarleysi í garð þessarar starfsstéttar. Þetta hefur leitt til þess að allt stefnir í að mikil og ómetanleg starfsreynsla muni glatast þar sem sífellt fleiri fangaverðir eru farnir að leita sér að betur launuðu starfi þar sem fólk er metið að verðleikum.

Er til of mikils mælst að nafnlausir greinahöfundar Morgunblaðsins hætti að gera starf fangavarða tortryggilegt og ýja að því að mannvonska og skortur á fagmennsku sé ráðandi í þeirri stétt? Miklu nær væri fyrir blaðið að beina spjótum sínum að stjórnvöldum sem hafa engan veginn staðið sig varðandi uppbyggingu fangelsa í landinu.

*Höfundur er fangavörður á Litla-Hrauni.*



**LITLA HRAUN** „Það skal fullyrt hér að starfsmenn fangelsisins leggja sig fram um að liðsinna gæsluvarðhaldsföngum og gera þeim vistina bærilegri eftir því sem kostur er,“ segir meðal annars í greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Góður kostur

**Reynir Eyjólfsson lyfjafræðingur skrifar um framleiðslu metanóls úr koldíoxíðútblæstri álvera:**

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þéttni koldíoxíðs ($CO_2$) í andrúmsloftinu fer vaxandi vegna bruna jarðefna af mannavöldum og samtímis þessu er að hitna á jörðinni, sem getur haft slæmar breytingar í för með sér í tiltölulega náinni framtíð. Það er hægt að endurvinna koldíoxíðið úr andrúmsloftinu með því að umbreyta því í metanól ($CH_3OH$) með hvörfun við vetni ($H_2$) ($CO_2 + 3 H_2 \Rightarrow CH_3OH + H_2O$). Gallinn er sá, að þéttni koldíoxíðs í loftinu er þrátt fyrir allt mjög lítil, eða um 0,038%, þannig að það er vissum vandkvæðum bundið að ná í það. Öðru máli gegnir um koldíoxíð í útblæstri álvera þar sem þéttnin er margfalt meiri. Og hér er geysilegt magn á ferðinni: Álverin á Íslandi mynda árlega meira koldíoxíð en öll farartæki (bílar, skip, flugvélar) landsmanna til samans. Vetnið yrði búið til með rafgreiningu á vatni með innlendri, vistvænni orku. Metanól er vökvi, sem sýður við um 65° C. Það má nota sem eldsneyti á bensínvélar, en það verður að breyta því í dímetýleter ($H_3C\text{-}O\text{-}CH_3$) fyrir dísilvélar. Dreifingarkerfi fyrir metanól getur verið svipað og fyrir bensín. Þess ber að gæta, að metanól er tærandi og því verða öll ílát og leiðslur, sem koma í snertingu við það að vera úr ryðfríum efnum. Af hverju ekki nota vetnið beint sem eldsneyti? Vegna þess að vetni er lofttegund, sem sýður við 253° frost. Nothæfar lausnir til geymslu og dreifingar á því eru ekki til og eru ekki í sjónmáli. Vetnið er því miklu betur geymt í metanóli, sem er álíka meðfærilegur vökvi og bensín. Ef hagkvæmt reynist að umbreyta koldíoxíðinu úr álverunum í metanól yrðu þau um leið umhverfisvæn og landsmenn gætu notað metanól (eða dímetýleter) á flest farartæki sín og þannig orðið óháðir innflutningi og brennslu jarðefna.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.500 **+0,09%** **Fjöldi viðskipta:** 400 **Velta:** 25.765 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | +5,26% | **Tryggingamiðst.** | -1,30% |
| **Exista** | +1,08% | **Teymi** | -1,21% |
| **Flaga** | +0,42% | **Össur** | -0,80% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,55 +0,00% ... Actavis 75,00 +0,00% ... Alfesca 4,80 -0,21% ... Atlantic Petroleum 700,00 +5,26% ... Atorka 6,90 -0,15% ... Bakkavör 65,80 +0,15% ... Eimskipafélagið 33,60 -0,30% ... FL Group 29,70 +0,00% ... Glitnir 26,90 -0,37% ... Kaupþing 1.032 +0,29% ... Landsbankinn 31,70 -0,32% ... Marel 75,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,70 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,00 +0,00% ... Össur 124,00 -0,80%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Kjarrhólmi eignast 37 prósent í TM

### Sund fer út úr Fjárfestingarfélaginu Gretti.

Kjarrhólmi hefur keypt alla eignarhluti Fjárfestingarfélagsins Grettis og Landsbankans í TM, alls 35,37 prósent. Kjarrhólmi eignaðist til viðbótar 2,2 prósenta hlut og fer því með 37,57 prósenta hlut í tryggingafélaginu.

Nam kaupverð allra bréfanna tæpum 19,4 milljörðum króna.

Stærstu eigendur Kjarrhólma eru Sund, sem Jón Kristjánsson fer fyrir, og FL Group, sem fara hvorir með sinn 45 prósenta hlutinn en félög í eigu fjárfestanna Magnúsar Ármanns og Þorsteins M. Jónssonar eiga restina.

Kjarrhólmi greiddi fyrir hlut Grettis í TM með 49 prósenta hlut Sunds í Gretti en með reiðufé fyrir bréf Landsbankans.

Eignir Grettis liggja því nú í rótgrónum rekstrarfélögum, annars vegar í Hf. Einskipafélaginu og hins vegar Icelandic Group, auk eigin bréfa. Eignarhald á Gretti verður einnig skýrara því eftir söluna er félagið að langstærstum hluta í eigu Björgólfs Guðmundssonar, stjórnarformanns Landsbankans.

Eyjafjölskyldan svokallaða er enn þá stærsti hluthafinn í TM með 42 prósenta hlut.

- eþa


Stjórnmáladagur
Ungra jafnaðarmanna í Reykjavík
„Jöfn og frjáls"
Miðvikudaginn
4. apríl kl. 17-20
Gamla Landsímahúsinu
við Austurvöll
Skráning: ujr@samfylking.is



Dagskrá

JÓN ÁSGEIR SIGURÐSSON,
verkefnastjóri
„Stjórnmálaviðhorfið"



REYNIR HARÐARSON,
hönnunarstjóri og stofnandi CCP hf,
frambjóðandi Samfylkingarinnar
"Forsendur nýsköpunar á Íslandi"



KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR,
lögfræðingur og frambjóðandi Samfylkingarinnar
„Kapítalismi og jafnaðarstefna"



GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON,
blaðamaður og frambjóðandi Samfylkingarinnar
KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR,
þingkona og frambjóðandi Samfylkingarinnar
„Framkoma og ræðumennska í stjórnmálum"

xS
Kíktu á samfó.is

Samfylkingin






Gefum þeim tækifæri til menntunar



Menntunin frelsar

Í gegnum Hjálparstarf kirkjunnar styðja Íslendingar fjölda stéttlausra barna á Indlandi til náms á grunn- og framhaldsskólastigi. Hjálparstarfið kostar forskóla og kvöldskóla fyrir þrælabörn og styður opinn háskóla. Allt er þetta starf sniðið að aðstæðum og þörfum hinna stéttlausu sem eru lægst settir í samfélaginu og búa við mikla kúgun.

Heimsendir gíróseðlar duga einu barni fyrir kennslu og framfærslu á heimavist í einn mánuð.

Munið heimsenda gíróseðla



Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



*Ástkær eiginkona mín,*

**Sigríður Ragnhildur Valsdóttir**

Hlíðarbyggð 28, Garðabæ,

lést miðvikudaginn 28. mars sl. Útförin fer fram í Vídalínskirkju miðvikudaginn 4. apríl kl. 13.

**Helgi Pétursson**
**Björg Hoe Helgadóttir** **Jóhann Birgir Jóhannsson**
**Anna Maren Hoe Helgadóttir**
**Berglind Helgadóttir** **Pétur Ottesen**
**Björg Julie Hoe Hermannsdóttir**
**Ingibjörg Kristín Valsdóttir**
**og barnabörn.**



*Ástkær móðir okkar,*

**Magnea Katrín Bjarnadóttir**

frá Bjarnastöðum, Heiðargerði 6, Akranesi,

andaðist á heimili sínu laugardaginn 31. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Benedikt Bjarnason**
**Guðrún Stefanía Bjarnadóttir**
**Halldór Bjarnason**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigrún Sigurðardóttir**

Ásbjarnarstöðum,

verður jarðsungin frá Tjarnarkirkju á Vatnsnesi miðvikudaginn 4. apríl kl. 14.00.

**Þórdís Guðjónsdóttir** **Loftur Sveinn Guðjónsson**
**Sigríður Guðjónsdóttir** **Kristín Guðjónsdóttir**
**Steinunn Guðjónsdóttir** **Guðrún Guðjónsdóttir**
**tengdabörn, ömmubörn og langömmubörn.**



*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,*

**Vigdís Kristjánsdóttir Schram, (Nenna),**

sem andaðist andaðist 28. mars sl. verður jarðsungin frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 3. apríl kl. 15.

**f.h. fjölskyldu hennar**

**Kristján Tómas Ragnarsson** **Hrafnhildur Ágústsdóttir**
**Lára Margrét Ragnarsdóttir**
**Árni Tómas Ragnarsson** **Selma Guðmundsdóttir**
**Ásta Kristrún Ragnarsdóttir** **Valgeir Guðjónsson**
**Hallgrímur Tómas Ragnarsson** **Anna Haraldsdóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Valdimar Björnsson**

skipstjóri, Sóltúni, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 28. mars. Útförin verður gerð frá Dómkirkjunni, miðvikudaginn 4. apríl kl. 15.

**Steinunn Guðmundsdóttir**
**Marta Guðríður Valdimarsdóttir**
**Anna Steinunn Valdimarsdóttir**
**Björn Valdimarsson** **Sigríður Líba Ásgeirsdóttir**
**Guðmunda Valdimarsdóttir** **Hafsteinn Viðar Árnason**
**Ásta Valdimarsdóttir** **Kristján Gunnar Valdimarsson**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**HEIMIR GUÐJÓNSSON KNATTSPYRNUÞJÁLFARI ER 38 ÁRA Í DAG**

*„Ég hef aldrei komið til Aserbaídsjan og þetta verður bara ævintýri. Ef flugvélin verður fín þá er þetta allt í lagi."*

***FH-ingurinn hitar sig upp fyrir Evrópuleik árið 2005.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. APRÍL 1996

# *MC Hammer í þrot*

Á þessum degi árið 1996 var rapparinn MC Hammer lýstur gjaldþrota. MC Hammer sló í gegn árið 1990 með laginu U Can't Touch This. Tvö næstu lög hans komust inn á topp tíu á vinsældalistum í Bandaríkjunum og frægð MC Hammers virtist engin takmörk sett.

Tónleikar MC Hammer urðu um þetta leyti afar íburðarmiklir. Svo fór að tónleikaferð hans var aflýst þar eð plötusala stóð ekki undir kostnaði. Lífsstíll MC Hammers var í takt við þetta – hann lifði einstaklega hátt og raunar langt um efni fram.

Það fór því svo að lokum að eitthvað varð undan að láta, hann var leystur undan samningi við plötufyrirtæki sitt og sótti í kjölfarið um að vera gerður gjaldþrota. Villa hans og aðrar eignir voru seldar fyrir brot af því sem þær kostuðu og Hammer hefur aldrei borið sitt barr eftir þetta.



**GJALDÞROTA** MC Hammer var lýstur gjaldþrota árið 1996.



**KENTÁR** Guðmundur Gunnlaugsson, Hlöðver Ellertsson, Sigurður Sigurðsson, Pálmi J. Sigurhjartarson og Matthías Stefánsson skipa hljómsveitina Kentár.



**UPPHAFSÁRIN** Kentár á upphafsárum sínum fyrir tónleika í félagsmiðstöðinni undir Bústaðakirkju.

**KENTÁR 25 ÁRA:** TÓNLEIKAR Á BLÚSHÁTÍÐ Í KVÖLD

# Spilagleðin í fyrirrúmi

Hljómsveitin Kentár er 25 ára á þessu ári. Í tilefni af afmælinu spilar sveitin tvívegis á hinni árlegu blúshátíð sem hefst í kvöld; fyrst á Hótel Nordica þar sem bandaríski blúsarinn Ronnie Baker Brooks verður aðalnúmerið og síðan á Domo þar sem gamlir félagar koma í heimsókn og taka lagið með sveitinni.

„Þetta verður gríðarlega gaman. Við ætlum að spila lög sem við höfum ekki spilað mjög lengi," segir trommarinn Guðmundur Gunnlaugsson. „Síðan verður Ronnie Baker þarna og maður þarf að gera sitt allra besta til að líta ekki illa út í samanburðinum."

Kentár var stofnuð á tónleikum með Tony Ellis sem voru haldnir í Laugardalshöll sumarið 1982. Sama ár spilaði sveitin á fyrstu Músíktilraununum í Tónabæ og komst þar í úrslit en tapaði fyrir Dren úr Kópavogi. Á þessum tíma var Kentár blús-rokkhljómsveit sem leit upp til sveita á borð við Led Zeppelin og Deep Purple. Smám saman færði hún sig þó yfir í hreinræktaðan blús þar sem mest áhersla hefur verið lögð á hressilega spilamennsku.

Kentár hefur á gifturíkum ferli sínum gefið út þrjár stórar plötur, þar á meðal Blús á Grandrokk sem kom út 2003. Auk þess sem hún hefur átt mörg lög á safnplötum. Frá árinu 1991 hefur Kentár komið saman tvisvar til þrisvar sinnum á ári og blúsað grimmt. „Þegar þetta band kemur saman gerist eitthvað. Það verður einhver stemning og fílingur sem ég hef ekki náð í öðrum hljómsveitum. Þessi spilagleði er svo mikil og við missum okkur í djammi hægri vinstri. Þetta verður hálfgert ævintýri oft hjá okkur," segir Guðmundur, sem hvetur blúsáhugamenn til að koma á tónleikana í kvöld.

**freyr@frettabladid.is**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Jónsdóttir**

Víkurbraut 4, Vík í Mýrdal,

andaðist á heimili sínu föstudaginn 23. mars. Útför hefur farið fram.

**Finnur S. Bjarnason**
**Bjarni Jón Finnsson** **Helga Ólafsdóttir**
**Jón Ómar Finnsson** **Lilja V. Björnsdóttir**
**Hulda Finnsdóttir** **Bárður Einarsson**
**Rúnar Finnsson** **Rannveig Einarsdóttir**
**Anna Fía Finnsdóttir** **Ársæll Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Eiginmaður minn,*

**Hafsteinn Már Sigurðsson**

fyrrverandi útgerðarmaður og skipstjóri, Foldahrauni 40, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja föstudaginn 30. mars. Jarðarförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 7. apríl kl. 10.30.

**Ásta Sigurbjörnsdóttir**
**Sigurður Þór Hafsteinsson** **Auður Karlsdóttir**
**Sædís Hafsteinsdóttir** **Vilberg Kristinn Kjartansson**
**Einar Oddberg Hafsteinsson** **Rut Júlíusdóttir**
**Unnur Dagmar Kristjánsdóttir**
**Hafdís Ósk Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs bróður, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar Ágústs Jensen**

Grensásvegi 54, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem hjúkruðu Guðmundi í veikindum hans. Guð blessi ykkur öll.

**Eiríkur Jensen** **Kristjana Margrét Guðmundsdóttir**
**Halldóra Guðmundsdóttir** **Kristján Helgi Bjartmarsson**
**barnabörn, tengdabörn og langafabarn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Þorbjörn Gunnarsson**

fyrrverandi forstjóri,

sem lést á Droplaugarstöðum í Reykjavík, 28. mars sl. verður jarðsettur frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 11. apríl nk. kl. 13.00.

**Gunnar Ingi Gunnarsson** **Erna Matthíasdóttir**
**Hjördís G. Thors** **Ólafur Thors**
**Ólafur Þór Gunnarsson** **A. Linda Róberts**
**Ingibjörg Gunnarsdóttir** **Grétar Örvarsson**
**og afabörn.**

# Páskahryggurinn 2007

**20% afsláttur**




**1.358** kr/kg. áður 1.698 kr/kg.
Norðlenska lambahryggur kryddaður

# Humarveisla



**459** kr/kg.
Hornafjarðarhumar

Þú sparar 382 kr/kg

**25% afsláttur**




**1.146** kr/kg. áður 1.528 kr/kg.
Goða bayonneskinka

Þú sparar 841 kr/kg

**40% afsláttur**




**1.259** kr/kg. áður 2.100 kr/kg.
Borgarnes lambagrillkótilettur þurrkrydd.

**50% afsláttur**




**799** kr/kg. áður 1.598 kr/kg.
Norðlenska lambagrillsneiðar

**25% afsláttur**




**454** kr/kg. áður 605 kr/kg.
Ísfugl kjúklingaleggir

**25% afsláttur**



**599** kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingalæri/leggir Tex Mex




**269** kr/kg.
Norðlenska Ekta grillborgarar 4 stk m/ brauði

H-N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur Tilboðin gilda: 2. apríl til 8. apríl
eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**nettó**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Páskarnir og dagurinn í dag

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** ÓTTAST EKKI FRÍIÐ SITT



Fá trúarbrögð eru jafn umdeild og kristin trú um þessar mundir. Rómverjum hugnaðist þessi messíasarútgáfa af gyðingdómi ekkert sérstaklega vel og létu slátra fylgismönnum hennar í löngum röðum, þar til Konstantín- – sem seinna fékk auðvitað viðurnefnið mikli – uppgötvaði að það var honum og veldi hans fyrir bestu að taka kristna trú. Og þar með voru allir þegnarnir skyldaðir til að skírast. Sögubækurnar hafa gefa mörgum yfirmönnum kristinnar kirkju falleinkunn. Páfarnir verið bendlaðir við hvers kyns spillingarmál og krossferðirnar mynduðu mikla gjá milli austurs og vesturs sem enn hefur ekki verið brúuð.

Óvildarmenn kristinnar trúar á Vesturlöndum vanda henni heldur ekki kveðjurnar; segja hana ábyrga fyrir nánast öllum styrjöldum sem mannkynið hefur háð. Reyndar falla öll trúarbrögð undir þann hatt, ef út í það er farið.

Virðing fyrir kristninni trú fer minnkandi með hverju ári. Og menn mega geta nýtt sér hana eins best og þeir geta. Skemmtistaðir hugsa sér gott til glóðarinnar og boða djamm og djús langt fram eftir nóttu í miðri viku þegar kristnar hátíðir bera upp á. Þá er nú gott að þessi blessaða þjóð skyldi taka kristna trú.

Páskar eru heilagasti tími kristinnar trúar. Þeir hefjast á skírdag og svo kemur föstudagurinn langi. Einhverjir telja að nafngiftin sé komin af því að strax á miðnætti var öllu lokað og fólk þurfti að dúsa heima hjá sér allan daginn, fram að næsta miðnætti þegar honum var loksins lokið. Enda eru þeir ófáir af eldri kynslóðinni sem muna eftir föstudeginum langa sem miklum kyrrðardegi. Deginum sem aðeins útvarpið fékk að leika lausum hala ef einhverjir voru svo heppnir. Í dag er tíðin önnur. Verslanir opnar, sjónvarpið glymur í hverju horni og fáir velta því fyrir sér af hverju það sé frí.

Í huga flestra eru páskar nefnilega bara enn eitt fríið. Nafngiftin bara tímanna tákn. Enda hverju skiptir það fyrir nútímamanninn hvort einhver Jesús hafi dáið fyrir syndir mannanna?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Takk Tjikk !!



**TÓNLIST**
**Myth Takes**
!!!
★★★

Slagararnir hrista nægilega mikið upp í manni til þess að halda manni áfram á dansgólfinu, en tónlistin líður fyrir síendurtekin riff og of mörg uppfyllingarlög.

Stundum líður mér eins og það ætti bara að banna hljómsveitum sem gáfu síðast út meistarastykki að gefa út fleiri plötur. Eða kannski er mér bara hollara að hætta að fylgjast með sveitum eftir að einhver plata þeirra hefur náð mér alveg inn að beini eins og Louden up Now með hljómsveitinni !!! (lesist tjikk tjikk tjikk) gerði fyrir þremur árum.

Ég þori líka að láta hafa það eftir mér að !!! sé ein besta tónleikasveit sem ég hef séð um ævina, a.m.k. sú sem hefur komið mér í mest stuð. Þannig að miðað við hversu hátt þessi sveit hefur lyft anda mínum síðustu árin, var það alveg vitað að þessi fylgifiskur myndi valda mér örlitlum vonbrigðum. Sem betur fer eru þau ekkert gífurleg.

Sem sagt, Myth Takes er góð plata, en því miður ekki stórkostleg. Tjikk tjikk tjikk er enn þá spennandi suðupottur sem bræðir saman fönk, elektró, krautrokk, nýbylgjurokk og diskó. Platan byrjar á titillaginu sem er afar óhefðbundið fyrir sveitina, eins konar kántrífönk með brimbrettagíturum. En eftir það dettur platan beint í hinn gamla hljóðheim síðustu plötu.

Hljómurinn er mjög einkennandi, aðallega vegna höggvandi Sonic Youth-legra gítaranna sem er blandað á frábæran hátt við gamaldags trommuheilahljóm og fönkbassaleik. Eins og áður skiptast söngvararnir á, en ærslabelgurinn Nic Offer sér oftast um sönginn. Það virðast líka vera þau bestu, eins og Must Be the Moon, smáskífan Heart of Hearts og Bend Over Beethoven. Allt lög sem eru nægilega sterk til þess að gera hörðustu aðdáendur sveitarinnar sátta við þessa plötu, þó svo að hún sé ekki jafn mikið tímamótaverk og verkið á undan.

Gallinn við þessa plötu, og sveitina í heild, er að henni líður svo vel í eigin hljóðheimi að engar tilraunir eru gerðar til þess að komast úr honum. Þetta þýðir að þegar vantar virkilega grípandi viðlag eða krók, þá kjósa meðlimirnir mun frekar að halda áfram að djamma sama stefið áfram í tvær til þrjár mínútur í stað þess að enda lagið eða skipta um hrynjandi.

Myth Takes er góð plata, frá einni bestu hljómsveit okkar tíma, en hún líður örlítið fyrir sífelldar endurtekningar og nær aldrei að rísa upp í þær hæðir sem síðasta plata gerði. **Birgir Örn Steinarsson**



!!! Ein af betri tónleikasveitum heims.





# Útilegu maðurinn®

Ný ævintýraleg verslun með allt til ferðalagsins




## Polar

**Breiðustu og best einangruðu húsin á markaðnum. Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.**

**Polar 520:** 3.099.000 kr.
**Polar 560:** 3.399.000 kr.
**Polar 590:** 3.799.000 kr.
**Polar 620:** 3.999.000 kr.
**Polar 680:** 4,499,000 kr.
**Polar 730:** 4.599.000 kr.

**Staðalbúnaður:**
* Alde hitakerfi í gólfi og rúðum
* 110 watta sólarrafhlaða
* 17" LCD sjónvarp + loftnet
* DVD / CD spilari og útvarp
* Örbylgjuofn
* Stór ísskápur með frysti
* Bakkskynjari
* Skyggðir gluggar
* Stór opnanleg sóllúga
* 4 hátalarar
* Vifta á baði
* Handklæðaþurrkari á baði
* Eldhúsvifta




## Rockwood

**Sterkbyggðu fellihýsin sem reynst hafa frábærlega á Íslandi.**

**Staðalbúnaður:**
* Rafmagns lyftibúnaður
* Geislaspilari, útvarp, hátalarar inni og úti
* Útisturta
* Upphitaðar lúxusdýnur
* 3 hraða rafmagnsvifta á loftlúgu
* Hljóðlát miðstöð
* Öndunardúkur á svefnrými
* Dometic ísskápur rafm./gas
* Álfelgur
* Swing eldhús

**Rocwood 1910:** 1.399.000 kr.
10 fet m/geymsluhólfi
**Rocwood 1904:** 1.499.000 kr.
10 fet m/geymsluhólfi
**Rockwood 1980:** 1.299,000 kr.
10 fet m/tvískiptum borðkrók
**Rockwood 2317G:** 1.699.000 kr.
12 fet + geymsluhólf og útdraganlegg hlið
**Rockwood 191 XR:** 1.499.000 kr.
(Torfæruútgáfa) 10 fet + geymsluhólf
**Rockwood 190XR:** 1.599.000 kr.
(Torfæruútgáfa) 10 fet + farangurspallur

ENNEMM / SÍA / NM26822




**PDQ fortjöldin pakkast í poka í rennu utan á vagninum. Fljótlegt að tjalda**

## Fortjöld

**Fyrir fellihýsi**
Mini weekender: 39.900 kr.
PDQ 2,5m.: 59.900 kr.
PDQ 2,9m.: 79.900 kr.

**Fyrir hjólhýsi**
Mini weekender: 39.900 kr.
PDQ 3,5m.: 69.900 kr.
Corsican: Verð frá 109.900 kr.

## Fylgihlutir

**Stútfull búð af frábærum fylgihlutum fyrir ferðalagið.**



Útilegumaðurinn er ný sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útifatnað, fylgihluti og margt fleira. Kíktu við og skoðaðu úrvalið.

Fossháls 5-7 | Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is
**Opið laugardag 10-17 og sunnudag 12-16**

Útilegu maðurinn®

**!** **Kl. 20.00**
*Skáldaspírukvöld í Eymundsson í Austurstræti. Kvöldið er tileinkað rithöfundinum Kristínu Steinsdóttur, sem les meðal annars úr nýjustu skáldsögu sinni, Á eigin vegum. Undir lok kvöldsins eiga gestir þess kost að kynnast betur höfundinum og ræða um verk hennar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fyrsti Sögusteinninn afhentur

Barnabókaverðlaunin Sögusteinninn voru afhent í fyrsta sinn í gær, á alþjóðlegum degi barnabóka. Rithöfundurinn og myndlistarmaðurinn Sigrún Eldjárn hlaut verðlaunin fyrir framlag sitt til barnamenningar og tók hún við peningaupphæð og verðlaunagrip úr höndum Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra við hátíðlega athöfn í Grófarhúsinu.

Það eru IBBY-samtökin á Íslandi og Glitnir sem standa að verðlaununum en þau verða veitt höfundi, myndlistarmanni eða þýðanda sem hefur með starfi sínu auðgað barnabókaflóruna á Íslandi. Sögusteinninn er því heiðursverðlaun sem eru einstök í sinni röð á sviði barnabókmennta hér á landi.

Glitnir hefur gert samning við samtökin til þriggja ára og er stefnt að því að þetta verði árlegur viðburður.

Dómnefnd skipuðu bókmenntafræðingarnir Anna Heiða Pálsdóttir og Ármann Jakobsson og Ragna Sigurðardóttir, rithöfundur og myndlistarmaður. - khh



**RITHÖFUNDURINN SIGRÚN ELDJÁRN** Tók við Sögusteininum í Grófarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

### > Ekki missa af…



sviðslistaævintýrum á **Listahátíð** í vor. Fjöllistafólk í kúnstuga hópnum **Les Kunz** mun flakka um landið og kæta mannabörn og fleiri og **Vatnadansmeyjar** dúkka upp í varðskipum. Að ógleymdum leikflokknum **Cheek by Jowl** sem ferðast um heiminn með Shakespeare í farteskinu og dansflokki **Helga Tómassonar**.

### GALOPIÐ UM PÁSKANA

Listasafn Reykjavíkur heldur dyrum sínum opnum um páskana og býður listunnendum að kíkja á sýningar á Kjarvalsstöðum, Hafnarhúsi og Ásmundarsafni.

Í Tryggvagötunni standa yfir þrjár sýningar, á sýningum franska myndlistarmannsins Pierre Huyghe og Geirþrúðar Finnbogadóttur eru innsetningar en á efri hæð má sjá hundrað vatnslitamyndir eftir Erró. Á Kjarvalsstöðum hefur myndlistarmaðurinn Einar Garibaldi Eiríksson sett saman óvenjulega sýningu sem sýnir Kjarval í nýju ljósi og í norðursal er Kjarvalssýning sem er sérstaklega miðuð að yngstu gestunum. Þar er einnig samsýningin Foss þar sem listamennirnir Hekla Dögg Jónsdóttir, Ólafur Elíasson, Pat Steir og Rúrí.




EILÍF HAMINGJA
Fyrsta íslenska millistjórnendadramað

Höfundar: Andri Snær Magnason og Þorleifur Örn Arnarsson
Leikstjóri: Þorleifur Örn Arnarsson

SÝNT Í BORGARLEIKHÚSINU

★★★★ Fyndin hugmynd útfærð á frumlegan hátt með frábærum leikurum. Fréttablaðið

TILBOÐ 2 FYRIR 1
Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.

GLITNIR
FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI


# Miðlun menningarkima

**Hvað geta suður-kóreskir pönkarar og kaldhæðnir sjúkraflutningamenn sagt okkur um hversdagsmenningu? Kviksaga gengst fyrir sýningu tveggja óvenjulegra heimildamynda í kvöld.**



**PÖNKIÐ Í SUÐUR-KÓREU** Í kvikmyndinni Our Nation er litið við í kjallara skrifstofubyggingar í Seúl þar sem jaðartónlistarmenn áttu sér athvarf við lok síðustu aldar.

Dagskráin ber yfirskriftina „Frásagnarmenning og mótstaða í nútímaborgum“ en þjóðfræðingurinn Kristinn Schram verður leiðsögumaður um menningarkima og miðlun þeirra. Hann útskýrir að aðalmynd kvöldsins, Our Nation, fjalli um uppgang síðpönkhreyfingarinnar í Suður-Kóreu. „Hún gerist að mestu í pönkklúbb sem hét Drug og var þekktur á þessum tíma. Myndin fjallar síðan um hvernig fólk skapar sér sjálfsmyndir í fremur íhaldssömu og stífu þjóðfélagi.“ Eitt aðalviðfangsefna myndarinnar eru hljómsveitirnar Crying Nut og kvennabandið Supermarket og viðtökur þeirra og áhrif þessarar jaðarmenningar á samfélagið.

Við lok tíunda áratugarins aflétti ríkisstjórn Suður-Kóreu banni á lifandi tónlistarflutningi á smærri skemmtistöðum. Því hafði verið komið á þegar landið var undir herstjórn. Á svipuðum tíma var upplýsingabylting í landinu þegar netið komst í gagnið og ungir Kóreubúar upplifðu stöðugt flæði erlendra tónlistaráhrifa. Efnahagurinn hafði batnað en hann átti þó eftir að hrynja aftur.

Mitt í þessum breytingum opnaði Drug klúbburinn í skrifstofubyggingu í Hongikhverfinu í Vestur-Seúl. Ólíkt öðrum klúbbum í uppgangi á þessum tíma sem lögðu áherslu á hina vinsælu hip hopp senu bauð Drug upp á hljómsveitir sem spiluðu stöðugt neðanjarðartónlist: framúrstefnurokk og pönk.

Í seinni myndinni, Talking Trauma, er fylgst með sjúkraflutningamönnum og sagnamennsku þeirra sem Kristinn segir að sé mjög kaldhæðin. Skoðun heimildamyndagerðarmannsins Timothy R. Tangherlini er sú að sögur þeirra séu úrlausn erfiðrar reynslu og liður í valdabaráttu samstarfsmanna sem oft geta tekið á sig grátbroslegar myndir.

Kristinn útskýrir að myndir þessar geri tilraunir til þess að skoða hversdagslíf í borgum og sjónræna menningu þeirra út frá kenningum um iðkun hversdagsmenningar og valdabaráttu í daglegu lífi og séu um leið ákveðin stúdía í því hvernig menningarkimar virka. Kristinn mun segja frá fræðilegum bakgrunni þessara mynda ásamt því að sýna brot úr eigin mynd, Negotiating the City, sem fjallar um rannsókn hans á frásögnum leigubílstjóra í Edinborg.

Kviksaga er vettvangur þar sem fræði og kvikmyndir mætast til dæmis við gerð heimildamynda, vídeólistar, kennsluefnis eða sjónrænna rannsókna á menningu og samfélagi. Markmiðið með starfi Kviksögu er einnig að stuðla að samræðum og rannsóknum á kvikmyndaforminu. Á síðastliðnu ári hefur Kviksaga efnt til sýninga ásamt fræðilegri umfjöllun, haldið námskeið og staðið að kvikmyndahátíð.

Dagskráin er skipulögð í samstarfi við Fjalaköttinn og fer fram í Tjarnarbíói kl. 20 í kvöld. - khh




**FRÆÐI OG KVIKMYNDALIST MÆTAST** Kristinn Schram þjóðfræðingur kynnir rannsóknir á hversdagsmenningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




VINSTRI GRÆN Á FERÐ UM LANDIÐ
Björn Valur Gíslason, Dýrleif Skjóldal og Paul Nikolov spjalla við kjósendur í Kaupangi 5 (gamla slátursalan) í kvöld **kl: 20:30**

## NÝJAR BÆKUR

**Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906-1930**, Við brún nýs dags, eftir dr. Þorleif Friðriksson sagnfræðing er komin út hjá Háskólaútgáfunni. Í bókinni er sagt frá kjarabaráttu, stjórnmálaafskiptum og öðru félagsstarfi Dagsbrúnarmanna. Um leið er hér mikil saga af lifnaðarháttum alþýðu Reykjavíkur á tímabilinu, kjörum hennar og lífsháttum, fæði, klæðum og húsnæði, atvinnu og atvinnuleysi. Samskipti Dagsbrúnarmanna við erlend verkalýðs- og stjórnmálasamtök eru könnuð rækilega, enda koma heimildir bókarinnar meðal annars frá Kaliforníu, Moskvu, Amsterdam, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn. Bókin kemur út í samvinnu Háskólaútgáfunnar, Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands og Eflingar stéttarfélags, arftaka Dagsbrúnar. Þorleifur vann um árabil að rannsóknum á sögu Dagsbrúnar og félagsmanna hennar, og birtist hér fyrsti hlutinn af afrakstri þeirra.



Metsölubókin **Fíasól á flandri** er nú komin út á hljóðbók. Höfundurinn Kristín Helga Gunnarsdóttir les. Óskabarnið Fíasól er hér í essinu sínu og tekur auðvitað upp á ýmsu skemmtilegu. Hún útvegar fjölskyldunni einkaþjón, fær nokkra viðskiptarisa til að styrkja gott málefni, lendir í útistöðum við kyssistráka, tekst næstum því að hitta forsetann og fer loks á flandur til útlanda. Bókin er sjálfstætt framhald af hinum vinsælu sögum Fíasól í fínum málum og Fíasól í hosiló. Kápumynd er eftir Halldór Baldursson.



Hin stórskemmtilega bók Kristínar Steinsdóttur, **Franskbrauð með sultu**, hefur nú verið gefin út á hljóðbók. Um þessar mundir eru tuttugu ár liðin frá fyrstu útgáfu sögunnar. Stúlkan Lilla fer með rútu frá Reykjavík til að heimsækja ömmu sína og afa sem búa á Austfjörðum. Þar eignast hún nýja leikfélaga og kynnist margvíslegu lífi og störfum bæjarbúa sem opna henni ævintýraveröld. Bókin hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin árið 1987 en hún var fyrsta barnabók Kristínar Steinsdóttur sem síðan hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir verk sín, þar á meðal Norrænu barnabókaverðlaunin. Kápumynd er eftir Brian Pilkington, en Vilborg Anna Björnsdóttir hannaði útlit. Höfundur les en útgefandi er Dimma ehf.







OPNUN KOSNINGAMIÐSTÖÐVARINNAR KL: 19:30

Efstu frambjóðendur kjördæmisins verða á staðnum, skemmtidagskrá og léttar veitingar.

Allir velkomnir

ALLT ANNAÐ LÍF! - með vinstri grænum

CAVALLERIA RUSTICANA

Elín Ósk Óskarsdóttir
Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Ólafur Kjartan Sigurðarson
Hörn Hrafnsdóttir
Þórunn Stefánsdóttir
Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecky
Leikstjóri: Ingólfur Níels Árnason
Óperukór Hafnarfjarðar og hljómsveit Íslensku óperunnar

CAVALLERIA RUSTICANA
eftir PIETRO MASCAGNI

Frumsýning annan í páskum -UPPSELT
2. sýn: Mið. 11. apríl kl. 20 -NOKKUR SÆTI LAUS
3. sýn: Lau. 14. apríl kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
4. sýn: Sun. 15. apríl kl. 17- NOKKUR SÆTI LAUS

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN
SAMSTARFSVERKEFNI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR OG ÓPERUKÓRS HAFNARFJARÐAR

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 1. apríl kl. 14.00 laus sæti
Sun 1. apríl kl. 17.00 laus sæti
Sun. 15. apríl kl. 14.00 örfá sæti laus
Sun. 29. apríl kl. 14.00 & 17.00
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Stóra sviðið kl. 20:00

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus**, sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00,** sun. 29/4 kl. 14:00.
Sýningum lýkur í apríl!

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fim. 12/4 **örfá sæti laus,** fös. 13/4 **örfá sæti laus,** lau. 14/4 **örfá sæti laus,** fim. 19/4, fös. 20/4 **örfá sæti laus,** lau. 21/4 **nokkur sæti laus,** fim. 26/4, fös. 27/4 **örfá sæti laus.**
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.

**CYMBELINE** eftir Shakespeare - gestaleikur í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus,** fös. 18/5.

ÖRLEIKRITASAMKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANEMA
Í kvöld þri. 3/4 kl. 20.00. Allir velkomnir - ókeypis aðgangur.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

**Hálsfesti Helenu** eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 14/4 uppselt, sun. 15/4 **örfá sæti laus,** fös. 21/4.

Kassinn

**HJÓNABANDSGLÆPIR** eftir Erich-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning mið. 18/4 uppselt, fim. 19/4 uppselt, fös. 20/4 uppselt, lau. 21/4 uppselt, fim. 26/4 uppselt, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 uppselt, sun. 29/4 uppselt, fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 **örfá sæti laus,** lau. 5/5 **örfá sæti laus,** sun. 6/5 **örfá sæti laus.**

Kúlan

**MJALLHVÍT** Brúðusýning Helgu Arnalds.
Lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.

**GERSEMAR GÆRDAGSINS** Gestasýning frá Turak leikhópnum í Frakklandi.
Mán. 16/4 kl. 20:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20
Miðaverð 3.900

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 15/4 kl. 20
Fim 3/5 kl. 20
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Mið 4/4 kl. 20 AUKAS.
Sun 15/4 kl.20
Þri 17/4 kl. 20
Fim 19/4 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Mið 4/4 kl. 22:30 UPPS.
Fim 5/4 kl.20 UPPS.
Sun 15/4 kl. 14 UPPS.
Fim 19/4 kl. 14 UPPS.
Fim 19/4 kl. 21 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Mið 4/4 kl.20 UPPS.
Fim 5/4 kl.17 UPPS.
Lau 14/4 kl. 20 UPPS.
Mán 16/4 kl.21 UPPS.
Fim 19/4 kl. 17 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fim 10/5 kl. 20 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Lau 14/4 kl. 20 UPPS.
Fös 20/4 kl. 20 UPPS.
Sun 22/4 kl. 20 UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 UPPS.
Fim 3/5 kl. 20
Fim 10/5 kl. 20
Lau 12/5 kl. 20
Sun 15/4 kl.20 UPPS.
Lau 21/4 kl.20 UPPS.
Mið 25/4 kl. 20 UPPS.
Sun 29/4 kl. 20 UPPS.
Sun 6/5 kl. 20
Fös 11/5 kl. 20
Lau 19/5 kl. 20

DAGUR VONAR
Mið 18/4 kl. 20 UPPS.
Fim 26/4 kl. 20
Fös 4/5 kl. 20
Fim 19/4 kl. 20
Fös 27/4 kl. 20
Mið 16/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORS.UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 5/4 kl. 20 AUKAS.
Fös 20/4 kl. 20
Lau 14/4 kl. 20
Lau 21/4 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Þri 17/4 kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.
Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ


# Bergljót gáttstýra

Bergljót Jónsdóttir sem kunn er hér á landi af störfum sínum fyrir Íslenska tónverkamiðstöð og fyrir aðkomu sína að rekstri Listahátíðarinnar í Bergen í hartnær áratug hefur verið ráðin framkvæmdastjóri nýju Norrænu menningargáttarinnar sem opnaði skrifstofu í Sveaborg í Helsinki 1. apríl sl. Bergljót hefur getið sér gott orð á Norðurlöndum fyrir störf sín og er það mikill akkur fyrir íslenska listamenn og menningarlíf að henni skuli hafa hlotnast þessi ábyrgð.

Nýja menningaráætlun Norðurlandaráðs sætti nokkrum tíðindum en hún var samþykkt eftir gagngera endurskoðun á öllu skipulagi norrænna samstarfsverkefna á menningarsviðinu en ráðherranefndinni þótti allt fyrirkomulag þar vera nokkuð fornlegt og tekið að fá á sig svip vana og hefða. Uppskurður á kerfinu var ekki síður fjárhagslegur en um menningarsamstarf Norðurlandanna rennur mikið fjármagn og hafa andstæðingar norrænnar samvinnu hnýtt í þá fjárfestingu og sagt hana tóma vitleysu: Norðurlandaþjóðum væri nær að sækja sameiginlega fram á vettvangi Evrópubandalagsins en þar eru úti eyþjóðirnar og Norðmenn.

Íslensku menningarlífi hafa norrænir sjóðir verið gagnlegir gegnum tíðina. Verkefni Bergljótar nú verður að móta þetta starf. Bergljót er ráðin til næstu fjögurra ára. Nýja stofnunin sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina nefnist Norræna menningargáttin. Skipuð hefur verið stjórn stofnunarinnar og hópar sérfræðinga settir á laggirnar.



**BERGLJÓT JÓNSDÓTTIR** Tekur að sér það mikilvæga verkefni að koma nýrri menningar- og samskiptaáætlun Norðurlandaráðs í gagnið. MYND/HALLGEIR VÅGENES

Stjórn Norrænu menningargáttarinnar bendir á í fréttatilkynningu að Bergljót sé stjórnandi með mikla reynslu af menningarstjórnun og með yfirgripsmikla listræna þekkingu í farteskinu. Bergljót, sem er 53 ára gömul, var í nær 10 ár stjórnandi Menningarhátíðarinnar í Bergen og kemur með víðfeðmt tengslanet sem alþjóðlegur lista- og menningarráðgjafi.

„Ég hlakka til að stýra uppbyggingu nýrrar stofnunar sem á að verða sterkur vettvangur fyrir norræna menningarsamstarfið. Endurskipulagning menningarsamstarfsins felur í sér breytingar fyrir listamenn og Norræna menningargáttin mun því verða í lykilhlutverki við að byggja upp það besta í listum og menningu bæði á Norðurlöndum og á alþjóða vettvangi,“ segir Bergljót. Hún segir gáttina hafa 35 milljónir danskar til ráðstöfunar eða 415 milljónir íslenskar. Hún segir nýtt regluverk fyrir þetta starf að mestu smíðað og fagnefndir hafi verið skipaðar, en nú sé að koma fénu út og finna réttan takt í starfið: Fagnefndir muni þróa regluverkið en hennar verk verði að sitja milli þeirra og listageirans. Hún mun dvelja nokkuð í Kaupmannahöfn næstu vikur en þarf að flytja sig til Helsinki ásamt bónda sínum Oddi Bjarnasyni lækni: „Þetta er gamalt virki í Sveaborg, svo ég verð vel varin.“

Norræna menningargáttin mun sjá um umsóknaferli, upplýsingagjöf og ráðgjöf til menningarstofnana á Norðurlöndunum og á sjálfstjórnarsvæðunum. Hún verður einnig þjónustustofnun fyrir rammaáætlanir norrænu menningarmálaráðherranna: annars vegar Mannaskipta- og dvaláráætlunin og hins vegar Lista- og menningaráætlunin. „Norrænu áætlanirnar sem menntamálaráðherrarnir hafa sett á laggirnar munu auðvelda umræðu og breytt samstarf listamanna og stofnana innan og utan Norðurlanda. Þannig ætti norræn sköpun og þverfagleg tengsl að fá ný vaxtartækifæri. Ég hlakka til, sem nýr framkvæmdastjóri, að hafa umsjón með nýju áætlununum,“ segir hún. Bergljót hefur mikla reynslu í að miðla tónlist og menningu. Hún hefur meðal annars starfað hjá norska menningarráðinu og fyrir Norrænu upplýsingamiðstöðina um tónlist. Hún hefur alþjóðlega menntun meðal annars meistarapróf frá University of Illinois og próf í menningarstjórnun frá Brussel.

pbb@frettabladid.is


Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
14. apr lau 8 sýning kl. 20
20. apr fös 9 sýning kl. 20
21. apr lau 10 sýning kl. 20
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
14. apríl - Uppselt
15. apríl Uppselt
21. apríl Uppselt
25. apríl Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
kynnir verk í vinnslu á Frönsku vori:
TIL NÝRRA VÍDDA / A D'AUTRES HORIZONS eftir Serge Ricci
STUTTMYNDIR ÚR DANSSMIÐJUM eftir Peter Anderson & Helenu Jónsdóttur
Unnið í samstarfi við dansdeild LHÍ
Í BORGARLEIKHÚSINU ANNAÐ KVÖLD KL. 20:00
Miðasala sími 568-8000 - Verð kr.1000
Landsbankinn
[ íd ]



**LEIKSTJÓRINN ROMAN POLANSKI** Hefur marga fjöruna sopið síðan þessi mynd var tekin. NORDICPHOTOS/ GETTY IMAGES.

# Beðið fyrir barninu

Kvikmyndasafn Íslands sýnir hrollvekju Romans Polanski, Rosemary´s Baby í kvöld. Myndin sem Polanski gerði árið 1968 er af mörgum talin hans besta verk.

Rosemary og Guy Woodhouse eru nýgift og eru að flytja inn í íbúð í fremur illa þokkaðri byggingu í New York. Næstu nágrannar þeirra eru vingjarnleg eldri hjón sem Guy umgengst talsvert. Ung kona í byggingunni fremur sjálfsmorð og Rosemary fer að heyra dularfull hljóð og fær martraðir. Eftir eina slíka uppgötvar hún að hún er ófrísk og hefur áhyggjur af því að nágrannarnir hafi illt í huga gagnvart ófæddu barni hennar.

Leikkonan Mia Farrow þykir sýna stórleik í hlutverki Rosemary en meðal annarra leikara í myndinni eru John Cassavetes og Ruth Gordon sem hlaut Óskarsverðlaun sem besta leikkona í aukahlutverki.

Sýnt er í Bæjarbíói og hefst myndin kl. 20 en sýningin verður endurtekin kl. 16 næstkomandi laugardag.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

31 1 2 **3** 4 5 6

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Vortónleikar **Söngsveitarinnar Fílharmoníu í Langholtskirkju**. Flutt verða þrjú kórverk frá 19. öld: mótettur eftir **Brahms** og **Mendelssohn** og Messa í As-dúr eftir **Schubert**. Einsöngvarar: **Hulda Björk Garðarsdóttir, Nanna Maria Cortes, Jónas Guðmundsson** og **Alex Ashworth**. **Sif Tulinius** leiðir hljómsveit, **Magnús Ragnarsson** stjórnar.

### LEIKLIST

☐ 20.00 Úrlitakvöld í örleikritasamkeppni fræðsludeildar **Þjóðleikhússins** og **leiklistardeildar Listaháskólans**. Sex verk verða flutt af leiklistarnemum undir stjórn **Þórhalls Sigurðssonar**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Saab 95

# Segðu Saab!

Það sést úr mílu fjarlægð þegar Saab er á ferðinni. Því það segir einfaldlega: Saab. Hvað segir þú? Brostu út að eyrum og segðu *Saab!* Þá sést að þú ert manneskja með góðan smekk fyrir vandaðri vöru, gæðum, klassa. Það sést að þú lætur ekki bjóða þér hvað sem er. Það sést að þú hefur stíl. Já, þú ert manneskja sem segir *Saab!* Saab 9-5 Arc er samheiti yfir klassískt útlit, fágun og smekk, gæði, öryggi og tækni. Hann er rúmgóður, þægilegur, hljómþíður, lipur, mjúkur, öruggur, með glæsilegri leðurinnréttingu, með mjúkum hemlum, sjálfskiptur, skemmtilega hannaður, ríkulega búinn, í einu orði sagt: Saab.

*Segðu Saab! Saab 9-5 Arc!*




Búnaður sem segir Saab:
- Tölvustýrð loftkæld miðstöð (ACC)
- SAHR virk höfuðvörn að framan (Saab Active Head Restraint)
- Tölvustýrð spólvörn
- Stöðugleikakerfi
- Xenon ljósabúnaður sem stillir sig sjálfur
- Aksturstölva
- Saab Sentronic sjálfskipting



Verð 4.190.000 kr.
Saab 9-5 Arc // 2.0 turbo sjálfskiptur // 150 hestöfl

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

ENNEMM / SÍA / NM26336



# Framúrskarandi

HÅG H09 er margverðlaunaður skrifstofustóll sem hentar vel fyrir þá sem aðeins velja það besta. Í þessum stól sameinast bæði glæsileg hönnun og framúrskarandi gæði.

- Umhverfisvænn heilsustóll
- Fylgir hreyfingum notandans
- Hvetur til hreyfingar
- Mótstöðustilling
- Hæðarstillanlegur bakpúði
- Dýptarstillanleg seta
- Hæðar- og breiddarstillanlegir armar með leðurklæðningu
- Fæst með hærra baki og höfuðpúða
- Parkethjól

10 Year HÅG Guarantee

Þessi skrifstofustóll er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu.

**Tilboð kr. 99.900.-**




Hönnuður: Svein Asbjørnsen

kaldaljós 2007

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 • 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • www.skrifstofa.is • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánudaga - föstudaga 9:00 - 18:00

www.skrifstofa.is




# Smoochy umdeildur í Hafnarfirði

„Nei, við hinkruðum ekkert í tíu mínútur. Við vorum að fara yfir tölurnar og ganga úr skugga um að allt væri rétt,“ segir Þórður Sveinsson, lögfræðingur og yfirmaður kjörstjórnar í álverskosningum í Hafnarfirði.

Mörgum þótti það undarleg tilviljun að lokatölur úr kosningum um stækkun álvers í Hafnarfirði voru akkúrat tilbúnar þegar kredit-listi myndarinnar Death to Smoochy rann sitt skeið á enda. Stöðvar 2 menn fullyrða að kjörstjórn hafi farið að tilmælum Ingólfs Bjarna Sigfússonar og hinkrað í tíu mínútur með að lesa upp lokatölurnar til að dagskrá RÚV riðlaðist ekki.



**INGÓLFUR BJARNI** Stöðvar 2-menn fullyrða að kjörstjórn í álverskosningu hafi beðið með að birta tölur þar til það hentaði RÚV.

Þessu hafnar Þórður alfarið. Segir rétt að komið hafi upp kurr meðal Stöðvar 2-manna sem voru á staðnum.

„En það var ekki beðið með að lesa upp þessar tölur til að þóknast RÚV. Og leiðinlegt að þessi misskilningur skyldi hafa komið upp. Við hefðum ekki nennt að sitja þarna í tíu mínútur upp á það. Við vorum einfaldlega að athuga hvort allt stemmdi og það tók sinn tíma. Mjótt var á munum og umdeilt mál,“ segir Þórður.

Hins vegar verður ekki um það deilt að fimm mínútum áður en Þórður las upp hinar örlagaríku tölur þá hafði mbl.is birt tölur á vef sínum.

„Ég hef ekki græna glóru um hvernig þetta gat lekið út. Kjörstjórn var að fara yfir tölurnar,“ segir Þórður. - jbg



**ÞÓRÐUR SVEINSSON** Hafnar því alfarið að kjörstjórnin hafi beðið til að þóknast RÚV.



**SERENITY** Kvikmyndin Serenity hefur verið kjörin besta vísindaskáldsögumynd allra tíma.

# Betri en Star Wars

Kvikmyndin Serenity hefur verið kjörin besta vísindaskáldsögumynd allra tíma í nýrri könnun í tímaritinu SFX. Alls tóku þrjú þúsund lesendur þátt í könnuninni.

Serenity, sem kom út fyrir tveimur árum, var byggð á sjónvarpsþáttunum Firefly sem nutu frekar lítilla vinsælda. Leikstjóri myndarinnar er Joss Whedon, sem hefur m.a. leikstýrt sjónvarpsþáttunum Buffy the Vampire Slayer og Angel.

Í öðru sæti í könnuninni lenti hin sígilda Star Wars, sem Whedon segir að hafi haft mikil áhrif á gerð Serenity. Í næstu sætum á eftir komu Blade Runner, Planet of the Apes og The Matrix.

„Það er dálítið við vísindaskáldskap sem heillar mig mikið og mér finnst hafa vantað undanfarið, þ.e. þetta raunsæi. Hvernig það væri raunverulega að vera hluti af litlum hópi um borð í litlu geimskipi,“ sagði Whedon.

**TOPP TÍU**

1. Serenity
2. Star Wars
3. Blade Runner
4. Planet of the Apes
5. The Matrix
6. Alien
7. Forbidden Planet
8. 2001: A Space Odyssey
9. The Terminator
10. Back to the Future

Ritstjóri SFX sagði það afar óvænt að Serenity skyldi hafa borið sigurorð af Star Wars. „Sjónvarpsþátturinn hitti ekki í mark en samt virðist Serenity-heimurinn hafa snert taug hjá almenningi, m.a. vegna viðkunnanlegra persónanna og sniðugra samtalanna, auk þess sem tæknibrellurnar eru ótrúlegar.“






**TEITUR** Teitur, sem hefur verið að gera það gott í Danmörku, steig á svið við góðar undirtektir.



**EIVÖR** Eivör Pálsdóttir heillaði áhorfendur upp úr skónum eins og svo oft áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



**MÆÐGUR** Mæðgurnar Margrét Steindórsdóttir og söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir fóru á tónleikana.



**HVÍLDU LÚIN BEIN** Lilja Guðmundsdóttir og Sólveig Ása Tryggvadóttir hvíldu lúin bein.



**LITU INN** Útvarpsmaðurinn Óli Palli og leikaraparið Unnur Ösp Stefánsdóttir og Björn Thors litu við á Nasa.

# Færeyingar í feiknastuði

**Færeyska tónlistarhátíðin Atlantic Music Event var haldin í annað sinn á skemmtistaðnum Nasa síðastliðið laugardagskvöld. Þar komu fram margir af fremstu tónlistarmönnum Færeyja við góðar undirtektir.**

Þeir sem komu fram voru Eivör Pálsdóttir, Teitur, Högni Lisberg, Brandur Enni og hljómsveitin Gestir og voru þau vitaskuld í feiknastuði eins og Færeyinga er siður. Tilgangurinn með hátíðinni var að kynna blómlegt tónlistarlíf Færeyinga fyrir okkur Íslendingum og gefa færeyskum tónlistarmönnum tækifæri til að koma tónlist sinni á framfæri við íslenska tónlistaráhugamenn.



**SKÁL!** Anna Katrín Þórarinsdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Gígja Heiðarsdóttir skáluðu í tilefni dagsins.



**BROSMILDAR** Ásdís Kjartansdóttir og Hrefna Vignisdóttir brostu breitt fyrir myndavélina.



**SYSTUR** Systurnar Harpa og Hulda Georgsdætur létu sig ekki vanta á Nasa.



**SAMAN Á NASA** Hin færeyska Solja Klargaard og Arnar Ólafsson hlustuðu á færeysku tónlistarmennina.




**Gullnu reglur Græna ljóssins**

**1** ***Ekkert hlé***
Myndin sýnd í einum rykk

**2** ***Minna af auglýsingum***
Sýning myndarinnar byrjar fyrr

**3** ***Engin truflun***
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna ljósið
*- Ekkert hlé á góðum myndum*

www.graenaljosid.is – Skráðu þig á póstlistann og þér verður boðið á forsýningar allra mynda Græna ljóssins




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| TMNT | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.I. 7 ÁRA |
| SCHOOL FOR SCOUNDRELS | kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15 |
| SCHOOL FOR SC. SÝND Í LÚXUS | kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15 |
| THE HITCHER | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| EPIC MOVIE | kl. 2, 4, 6 og 8 B.I. 7 ÁRA |
| THE NUMBER 23 | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 3.20 og 5.40 |
| ANNA OG SKAPSVEIFLURNAR | kl. 2 Stuttmynd |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| TMNT | kl. 6 og 8 B.I. 7 ÁRA |
| SCHOOL FOR SCOUNDRELS | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| THE ILLUSIONIST | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| THE HITCHER | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| VENUS | kl. 6 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| THE LAST KING OF SCOTLAND | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| TMNT | kl. 6 og 8 B.I. 7 ÁRA |
| HOT FUZZ | kl. 5.45, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| THE HITCHER | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |

MIÐASALA Í BORGARBÍÓ Á midi.is

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikil leynd hvílir yfir brúðkaupsáformum hjartaknúsarans **Rods Stewart** og **Penny Lancaster**, svo mikil að nánir ættingjar vita ekki einu sinni hvar athöfnin verður haldin. Breska dagblaðið The Sun greindi frá þessu í gær og jafnframt því að brúðkaupið fari að öllum líkindum fram á eyjunni Capri sem er skammt undan Ítalíuströndum. Þetta verður þriðja hjónaband söngvarans Rods Stewart.



**Avril Lavigne** segir að **Britney Spears** geti sjálfri sér um kennt hvernig fyrir henni sé komið, hún sé of veikgeðja. „Þetta snýst allt um hvernig persóna hún er, ef þú vilt fá eitthvað út úr þessum bransa verðurðu að geta höndlað hann,“ segir kanadíska söngkonan.



Leikkonan **Cameron Diaz** óttast að hún verði einhleyp lengi eftir nýlegan skilnað við **Justin Timberlake** enda sé afar erfitt fyrir stórstjörnur eins og hana að finna ástina. „Þetta er erfitt, maður verður ekki ástfanginn á hverjum degi. Heimurinn er svo flókinn að það þarf heilmikið að leggja á sig til að hlutirnir gangi upp. Maður getur ekki verið ánægður með einhverjum nema maður sé ánægður með sjálfan sig,“ segir Diaz.













# Blúshátíð sett í dag

**Blúshátíð verður sett á Hótel Nordica í dag klukkan 17. Við sama tilefni verður blústónlistarmaður ársins heiðraður. Hátíðin, sem er sú fjórða í röðinni, stendur yfir fram á föstudaginn langa.**



**KK** KK verður á meðal þeirra sem munu troða upp á Hótel Nordica í kvöld.

Hátíð fer að mestu fram á Hótel Nordica og á meðal þeirra sem koma fram eru bandaríski blúsarinn Ronnie Baker Brooks, Zora Young, The Blue Ice Band, Lay Low, Blúsmenn Andreu, Jolly Jumper og Big Moe, Kentár og KK og Frakkarnir. „Þetta er gamla hverfið sem ég ólst upp í, Frakkastígurinn,“ segir KK um hljómsveitina Frakkana. Með honum í sveitinni eru Ásgeir Óskarsson, Þorleifur Guðjónsson, Björgvin Gíslason og Guðmundur Pétursson, sem er sá eini sem býr enn í hverfinu. KK, sem mun einnig spila í Fríkirkjunni á föstudaginn langa, er mjög spenntur fyrir blúshátíðinni í ár. „Mér líst ljómandi vel á hvað hún vex og dafnar á hverju ári. Svona blúshátíðir eru haldnar úti um allan heim og eru fastur áningarstaður fyrir fræga blúsara. Þetta er fínn tími til að fá fræga „artista“ í heimsókn og ég vonast seinna til að Dóri [Halldór Bragason] nái í Fabulous Thunderbirds og Taj Mahal, sem eru í miklu uppáhaldi hjá mér,“ segir hann. Nánari upplýsingar um dagskrá blúshátíðarinnar má finna á blues.is. - fb


**PÍPARAR**

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf S: 840-1616



KVIKMYNDAKLÚBBURINN
FJALAKÖTTURINN
ÞRIÐJUDAGUR
3. APRÍL
TJARNARBÍÓI
FILMFEST.IS
SKRÁNING STENDUR YFIR

KLUKKAN 20.00
KVIKSAGA KYNNIR
FRÁSAGNARMENNING
OG MÓTSTAÐA Í NÚTÍMABORGUM

KLUKKAN 22.00
RAUÐHÆRÐA KONAN
(The Woman with Red Hair / Akai kami no onna)
(JAP), Tatsumi Kumashiro, 1979.









**DANIEL CRAIG** Hinn nýi James Bond fær góða dóma fyrir fatasmekk.

# Craig best klæddur

Daniel Craig, hinn nýi James Bond, hefur verið kjörinn best klæddi karlmaðurinn af lesendum tímaritsins GQ. Í öðru sæti lenti stjórnmálamaðurinn David Cameron og í því þriðja lenti leikarinn Clive Owen.

Á meðal fleiri þekktra manna á listanum voru Jude Law, sem varð fimmti, David Beckham, sem náði sjötta sætinu og Harry prins.





na na thai
Thai Restaurant & Store

Heimsending
Matseðill á
www.thaimatur.com

Við notum:
Vel valið hráefni t.d.
-kjúklingabringur
-nauta fillet
-svína fillet
-Lamba fillet
-ferskt grænmeti
-gæða krydd
(innflutt af okkur)
-litla olíu
-og fleira

Tælenskur matur

Heimsendingargjald
700 kr.

Skeifan 4 Sími: 588 1818 • 896 3536

## > Kári í stöðu miðvarðar

Keppni í dönsku 1. deildinni hófst á nýjan leik um helgina eftir vetrarhlé. Kári Árnason lék sinn fyrsta leik fyrir AGF en hann var seldur þangað frá Djurgården í Svíþjóð í vetur. Kári lék í stöðu miðvarðar í stað Olof Persson sem venjulega leikur þar en hann var meiddur. Kári er vanari því að leika á miðjunni en hann ku hafa staðið vel fyrir sínu í vörninni. AGF lék á heimavelli gegn Fremad Amager og vann stórsigur, 4-1, fyrir framan 14 þúsund áhorfendur á heimavelli sínum. AGF er í fjórða sæti deildarinnar og á enn góða möguleika á að koma sér aftur í slag þeirra bestu í Danmörku.



sport

sport@frettabla

SIGFÚS SIGURÐSSON: Í ÚRSLIT EVRÓPUKEPPNINNAR Í ANNAÐ SKIPTI Á SÍNUM FERLI

# Þetta eru leikirnir sem heilla mest

Landsliðsmaðurinn Sigfús Sigurðsson verður eini fulltrúi Íslands í úrslitaleikjum Evrópukeppnanna í handbolta. Lið hans, Ademar Leon frá Spáni, komst um helgina í úrslit Evrópukeppni bikarhafa með því að leggja RK Zagreb að velli, 30-23 og 50-49 samanlagt.

„Þetta var mikil spenna á lokamínútum leiksins en við töpuðum útivelli með sex marka mun," sagði Sigfús sem hefur átt við meiðsli að stríða. „Við vorum í sex marka forystu er við fengum svo dæmt víti þegar leiktíminn var að renna út og tryggðum við okkur sigurinn þá."

Ademar Leon mætir þýska liðinu Hamborg sem er sem stendur í öðru sæti þýsku úrvalsdeildarinnar. Leikið verður heima og að heiman.

„Hamburg er með góðan mannskap og þjálfara sem og flotta höll. En það er ekki alltaf nóg að vera með stór nöfn í leikmannahópnum. Það verður undir okkur komið að keyra þetta áfram og vinna þessa leiki," sagði Sigfús.

Hann kom eitthvað við sögu í leiknum gegn Zagreb um helgina en gat lítið beitt sér. „Ég er búinn að vera að glíma við meiðsli í hásin og gerði því það sem ég gat gert og fór svo út af."

Sigfús meiddist fyrir nokkrum vikum sem þýðir að hann verður ekki með íslenska landsliðinu sem tekur þátt í æfingamóti í Frakklandi um næstu helgi.

„Þetta mót skiptir ekki öllu máli og því engin ástæða til að taka óþarfa áhættu vegna meiðslanna. Ég verð þó klár fyrir leikina gegn Serbum í vor og býst við að verða með í þeim."

Hann segir enn fremur að hann muni geta spilað af eðlilegri getu eftir 1-2 vikur en að meiðslin muni ekki jafna sig fyllilega fyrr en hann tekur sér frí frá handbolta í sumar.

Sigfús hefur einu sinni áður farið í úrslitaleik í Evrópukeppni, þegar hann lék með Magdeburg gegn Essen fyrir tveimur árum.

„Auðvitað kitlar það mikið að vinna Evrópukeppni enda eru þessir stóru úrslitaleikir ástæðan fyrir því að maður er í þessu á annað borð. Þetta eru leikirnir sem maður vill spila."



**Smiðir**

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu

Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf

**PÁSKATILBOÐ**

**HUMARSÚPA PRINSINS**

**+**

**1KG HUMAR = 2000KR**

STÓR HÖRPUDISKUR-TIGRIS RÆKJUR-HUMAR

**TILBOÐIN GILDA FRAM AÐ PÁSKUM**

GIRNILEGA PÁSKA

HAFIÐ FISKIPRINSINN

Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi •
s: 554 7200 • www.hafid.is




# Vona að United fari áfram

**Eiður Smári Guðjohnsen segir í samtali við Sunday Mirror að ensku liðin þrjú sem eftir eru í Meistaradeildinni komist öll áfram í undanúrslit keppninnar. Eiður Smári segist vera hrifnastur af Man. Utd sem hann er orðaður við.**

**FÓTBOLTI** Fjórðungsúrslit Meistaradeildar Evrópu hefjast í kvöld og af liðunum átta eru þrjú ensk lið eftir í keppninni. Þau mætast ekki innbyrðis sem þýðir að þau gætu öll farið í undanúrslit. Komi til þess mun Liverpool mæta Chelsea og Manchester United annaðhvort Bayern München eða AC Milan.

Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður Barcelona, segir í samtali við Sunday Mirror að hann búist við því að öll þrjú ensku liðin komist áfram. Barcelona tapaði fyrir Liverpool í 16 liða úrslitum.

Hans fyrrum félagar í Chelsea mæta Valencia sem Eiður þekkir vel til. Eiður varar sína gömlu félaga við David Villa, hinum spænska landsliðsmanni Valencia.

„Hann er frábær leikmaður, mjög fljótur og líflegur á vellinum. Hann er mjög skynsamur í sínum hreyfingum í sókninni. Ég held að Chelsea vegni ágætlega og býst fastlega við því að félagið komist áfram," sagði Eiður sem segist vera reiðubúinn að veita sínum gömlu félögum einhver ráð leiti þeir eftir því. Til að mynda góðvinum sínum Frank Lampard og John Terry.

„Við höfum verið í góðu sambandi síðan ég fór til Spánar. En við ræðum meira um lífið almennt heldur en fótbolta. Við tölumst meira við sem vinir en fótboltamenn."

Landsliðsfyrirliðinn þekkir einnig vel til hollenska liðsins PSV þar sem hann lék árum áður.



**FER LIVERPOOL SÖMU LEIÐ OG ARSENAL?** Hollenska félagið PSV sló Arsenal út í síðustu umferð en liðið mætir Liverpool í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

„Ég hef fylgst með því frá ári til árs og liðið heillar mig í hvert skipti sem ég sé það spila. Liðið er ávallt vel skipulagt og hættulegt í skyndisóknum. Leikmenn mæta alltaf vel undirbúnir til leiks."

Hann segir Liverpool og þekkjast vel enda hafi þau mæst í riðlakeppni Meistaradeildarinnar í haust. „Liverpool var með betri úrslit í þeim leikjum og er því líklegri aðilinn nú."

Spurður um hlutverk Stevens Gerrard í Liverpool segir Eiður að það komi honum á óvart að hann skuli ekki vera í þeirri stöðu þar sem hann er hvað bestur.

„Gerrard er einn af bestu miðjumönnum heimsins og því skrítið að nota hann ekki á miðjunni."

Manchester United mætir Roma sem sló út Lyon heldur óvænt í 16 liða úrslitum.

„United er besta lið Englands í dag. Það segir stigataflan. Ég er líka viss um að liðið vanmetur ekki Roma enda sýndu Ítalarnir í síðustu umferð hvers þeir eru megnugir. United þarf að passa sig á því, sérstaklega á heimavelli. Ég er viss um að liðið mun skoða Lyon-leikinn til að sjá hvað fór úrskeiðis."

Cristiano Ronaldo og Wayne Rooney hafa verið áberandi í fjölmiðlum þetta tímabilið en Eiður tekur sérstaklega fram að Ryan Giggs hafi átt gríðargóðu gengi að fagna í ár. „Giggs hefur verið einn af bestu leikmönnum United í vetur. Ég myndi vilja sjá að United kæmist áfram í undanúrslit og ég held að liðið geri það. Ég er mikill aðdáandi leikstíls liðsins þessa stundina enda flottur stíll yfir liðinu."

eirikur@frettabladid.is

### MEISTARADEILDIN

**Í kvöld:**

PSV Eindhoven - Liverpool
AC Milan - Bayern Munchen

**Á morgun:**

AS Roma - Manchester United
Chelsea - Valencia

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, ætlar sér stóra hluti næsta vetur:

# Stjörnustúlkur í Meistaradeildina

**HANDBOLTI** Nýkrýndir Íslandsmeistarar Stjörnunnar munu brjóta blað í handboltasögunni á Íslandi þegar þær taka þátt í undankeppni Meistaradeildar Evrópu næsta haust. Stjörnuliðið tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn um helgina þrátt fyrir að enn væru þrjár umferðir eftir af mótinu.

„ Við höfum möguleika á því að fara í þessa keppni núna vegna árangurs Vals í fyrra í Challenge Cup sem og árangurs ÍBV-liðsins á sínum tíma. Stjarnan gerði líka góða hluti í Evrópukeppninni á sínum tíma þannig að deildin hér heima er komin upp í 17. sætið yfir bestu kvennadeildir í Evrópu í dag. Kvennahandboltinn á Íslandi er því hærra skrifaður en karlaboltinn," segir Aðalsteinn en karladeildin er í 28. sæti á samskonar styrkleikalista.

„Ég rak mig á vegg með ÍBV-liðið þegar ég fór í Evrópukeppnina og lenti í því að spila á móti liðum sem voru í gríðarlega góðri þjálfun miðað við mitt lið. Mitt lið kunni að spila 30 kerfi en voru slakar í vörn og við gátum ekki hlaupið með bestu liðunum í Evrópu," segir Aðalsteinn sem er farinn að vinna eins og þessi bestu lið. Hann fékk Ragnar Hermannsson til liðs við sig og saman hafa þeir búið til yfirburðalið í kvennaboltanum hér á landi. - óój



**MIKILL METNAÐUR** Rakel Dögg og félagar reyna sig í Meistaradeildinni.




*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði

CONCERT



Sendu SMS BTC SBV
á 1900 og þú gætir unnið!
Vinningar eru Skolað burt á DVD,
DVD myndir, fullt af Pepsi og margt fleira!




# Snæfell fékk stóran skell

**Það verður oddaleikur í einvígi KR og Snæfells eftir 24 stiga sigur Vesturbæinga í Stykkishólmi í gær. KR-ingar áttu frábæran leik og léku sem meistarar.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar tryggðu sér oddaleik um sæti í lokaúrslitin með því að rassskella Snæfellinga á þeirra eigin heimavelli og skora ennfremur 104 stig eftir að hafa aðeins skorað 61 stig á heimavelli í síðasta leik.

KR-ingar unnu með 24 stigum, 80-104, í leik sem markar tímamót þar sem aðeins hafði munað 2 til 4 stigum í fyrri fimm leikjum liðanna í vetur. KR-ingar ætluðu aldrei að tapa þriðja leiknum í röð á sigurkörfu í lokin. Liðið tók öll völd á vellinum eftir þriggja mínútna upphafsstress í stöðunni 8-2 fyrir Snæfell. KR-ingar unnu næstu 6 mínútur 23-4 og litu aldrei til baka eftir það. KR-liðið barðist um hvern bolta og leikmenn spiluðu fyrir hver annan í sókninni og á dögum sem þessum standast fá lið KR-ingum snúninginn.

Jeremiah Sola átti frábæran fyrsta leikhluta (14 stig), Tyson Patterson stjórnaði KR-sókninni af miklum myndarskap (13 stig og 13 stoðsendingar) en maður leiksins var hins vegar tvítugur strákur sem kom inn af bekknum.

„Við ætluðum bara að koma hingað og vinna með 20 stigum.



**BARIST TIL SÍÐASTA BLÓÐDROPA** Þeir Fannar Ólafsson og Hlynur Bæringsson hafa barist hatrammlega í rimmu Snæfells og KR. Dómarinn ræðir hér við þá félaga í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**BRYNJAR GÓÐUR** Brynjar Björnsson hefur leikið mjög vel fyrir KR. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Við erum hættir að lenda í þessum jöfnu leikjum. Við vorum bara einbeittir og ætluðum allan tímann að koma og vinna stórt. Ég kann að spila þessa stóru leiki og veit að maður verður að spila svona," sagði KR-ingurinn Darri Hilmarsson eftir leik. Darri skoraði 23 stig og hitti úr 9 af 10 skotum sínum í gær. „Við ætlum að bæta fyrir tapið á heimavelli með öðrum svona leik í DHL-höllinni," bætti Darri við og ef marka má spilamennsku liðanna í gær þá lítur ekkert út fyrir annað en að KR-ingar séu á leið í lokaúrslitin.

„Þetta var hræðilegt og þeir voru miklu betri. Við áttum skilið að tapa þessu svona því við vorum mjög flatir og gátum ekki neitt," sagði Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfellinga og langbesti leikmaður liðsins, með 22 stig og 11 fráköst.

„Við vorum aðeins fyrir innan vegginn. Ég skil ekki af hverju við mætum ekki alltaf svona til leiks. Nú þurfum við bara að spila svona í hverjum leik. Þessi leikur telur ekki neitt því við vorum rétt að kvitta fyrir tapið á heimavelli í síðasta leik," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, eftir leik og bætti við: „Þegar Tyson er að stjórna sóknarleiknum jafnvel og hann gerði núna þá hef ég engar áhyggjur af sókninni. Darri er síðan bara snillingur, hann valdi góðan dag til þess að vera heitur."

**ooj@frettabladid.is**

SNÆFELL- KR 80-104

**Stig Snæfells:** Hlynur Bæringsson 22 (11 frák.), Sigurður Þorvaldsson 12 (10 í fyrri), Magni Hafsteinsson 11, Helgi Reynir Guðmundsson 10, Justin Shouse 7 (hitti úr 0 af 10 skotum), Sveinn Davíðsson 6, Jón Ólafur Jónsson 4,Bjarni Ómar Nielsen 4, Guðni Valentínusarson 4.

**Stig KR:** Jeremiah Sola 24, Darri Hilmarsson 23 (hitti úr 9 af 10 skotum, 8 frák., 24 mín.), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 14, Tyson Patterson 13 (13 stoðs.), Fannar Ólafsson 12 (10 frák.), Skarphéðinn Ingason 6 (4 stolnir), Brynjar Þór Björnsson 5 (6 stoðs.), Bjarki Ármann Oddsson 3, Edmund Azemi 3

Grindvíkingar tryggðu sér oddaleik gegn Njarðvík eftir tíu stiga sigur:

# Vörnin skóp sigur Grindavíkur

**KÖRFUBOLTI** „Eftir að hafa lent í smá vandræðum í vörninni fyrstu fimm mínútur leiksins náðum við að binda hana vel saman. Við höfum aldrei áður spilað jafn góða vörn í vetur og ef maður ætlar sér einhverja hluti í úrslitakeppninni er það lífsnauðsynlegt að spila góða vörn," sagði Friðrik Ragnarsson, sigurreifur þjálfari Grindavíkur, eftir leik.

Hans menn unnu öflugan tíu stiga sigur, 81-71, á Íslandsmeisturum Njarðvíkur á heimavelli í gær og tryggðu sér þar með oddaleik í Njarðvík á fimmtudaginn kemur. „Þetta var engin sýning í sóknarleik okkar og eigum við meira inni þar. Við erum þó allir mjög einbeittir sem skiptir miklu máli. Við vorum óánægðir með okkur í síðasta leik og vildum bæta fyrir hann í kvöld. Ég hef líka fulla trú á því að við getum gert góða hluti á fimmtudaginn. Það er ekkert sem við hræðumst."

Páll Axel opnaði leikinn með laglegum þristi og gaf tóninn fyrir það sem koma skyldi.

Hafi sóknarleikurinn verið í fyrirrúmi í fyrsta leikhluta var varnarleikurinn aðalsmerki þess næsta. Þegar blásið var til leikhlés munaði fimm stigum á liðunum, 42-37.

Baráttan hélt áfram eftir hálfleik og óhætt að segja að það hafi verið stál í stál hjá liðunum tveimur. Njarðvíkingar jöfnuðu leikinn, 68-68, þökk sé gríðarlegri baráttu Friðriks Stefánssonar og Jeb Ivey.

Heimamenn komu sér í átta stiga forystu þegar tvær mínútur voru eftir, þökk sé ótrúlegum þristi frá Páli Axeli og hreint frábærri varnarvinnu. Slík einbeiting sem leikmenn Grindavíkur sýndu á lokamínútunum gerir gæfumuninn í slíkum leikjum. Þar með tryggðu heimamenn sér oddaleikinn eftir frábæran vinnusigur, 81-71.



**STERKUR** Þorleifur Ólafsson átti góðan leik fyrir Grindavík í gær. Hann brýst hér fram hjá Njarðvíkingnum Jóhanni Ólafssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

„Við börðumst ekki nóg í kvöld. Við vorum mjög óskynsamir og alls ekki nógu einbeittir. Þetta var ágætur leikur heilt yfir en ekki nógu góður af okkar hálfu," sagði Friðrik Stefánsson eftir leikinn.

„Slæm vítanýting liðsins var algjörlega mér að kenna og er það eitthvað sem ég verð að taka á. Við töpuðum hörkuleik í dag en við erum ekki þekktir fyrir að tapa mikið heima. Það ætlum við ekki að gera í næsta heimaleik," sagði Friðrik að lokum. **- esá**

GRINDAVÍK-NJARÐVÍK 81-71

**Stig Grindavíkur:** Jonathan Griffin 28, Páll Axel Vilbergsson 23, Páll Kristinsson 12, Þorleifur Ólafsson 12, Adam Darboe 6.

**Stig Njarðvíkur:** Brenton Birmingham 17, Igor Beljanski 16, Friðrik Stefánsson 15, Jeb Ivey 13, Jóhann Ólafsson 10.

# ÞÚ FÆRÐ FERMINGARGJÖFINA Í TÖLVULISTANUM

AÐEINS 2.521 KR Á MÁNUÐI

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.6Ghz AMD Turion 64 X2<br>1MB flýtiminni, 2000MHz FSB+HT |
| Minni | 1GB Dual DDR2 533MHz<br>Einfalt að stækka minnið í 4GB |
| Harður diskur | 120GB 5400RPM diskur<br>5400RPM hraður og hljóðlátur |
| Skrifari | 8xDVD±RW DL skrifari<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | 15,4" WXGA WideScreen skjár<br>Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | 128MB ATI Radeon X1100<br>Samnýtt minni, PCI-Express 16x |
| Hátalarar | Hljóðkerfi með 2 hátölurum<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Þráðlaust | 54Mbps þráðlaust netkort<br>Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000<br>Einnig innbyggt 56k mótald |
| Stýrikerfi | Windows Vista Home Premium<br>Öruggara og öflugra |
| Annað | Aðeins 2.82Kg með rafhlöðu<br>Rafhlöðuending allt að 2.5 tímar |

## FERMINGARGJÖFIN Í ÁR ER ACER ASPIRE 5102WLMI

**DUAL CORE 64 X2** AMD Turion 64 er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða

**15,4" CRYSTALBRITE** 15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI** Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**128MB ATI X1100** Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík

**KORTALESARI** Acer 5102 kemur með 5 í 1 kortalesara fyrir öll helstu minniskort úr stafrænum myndavélum

**WINDOWS VISTA** Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilboðum til notkunar



## VERÐ 89.900




## FERMINGARVÉLIN



AÐEINS 3.362 KR Á MÁNUÐI

2.13GHz Intel Core 2 Duo E6400 með 2MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 minni • 320GB 7200RPM harður diskur 18xDVD±RW DL skrifari • 19" LCD Acer AL1916FS skjár 256MB MSI Geforce7 NX7600GS PCI-E 16X skjákort 10/100/1000 netkort • Windows Vista Home Premium

## VERÐ 119.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir, 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

## LOGITECH Z-10

FRÁ 430 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Logitech Z-10 er öflugt hátalarakerfi með baklýstum upplýsingaskjá og snertihnöppum. Kerfið skilar frábærum hljómgæðum, USB 2.0

**VERÐ 14.900**

## MY BOOK HÝSING

FRÁ 575 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

500GB My Book er flott fermingargjöf frá Western Digital, geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

**VERÐ 19.900**

## 500GB HARÐUR DISKUR



ÁBYRGÐ 5 ár

**500GB SATA2 16MB** 500GB SATA2 Special Edition harður diskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 16MB buffer

**FLUID BEARING** Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri hörðum diskum

**WESTERN DIGITAL** Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu hörðu diskarnir í dag á enn betra verði en áður

**VERÐ 14.900**

ÁBYRGÐ 10 ár — 1GB Corsair USB 2.0 Value Select minnislykill — **VERÐ 1.990**

15" Empire II hliðartaska frá Manhattan — **VERÐ 5.490**

15" University fartölvubakpoki frá Manhattan — **VERÐ 5.990**

Canon CanoScan 4400F flottur borðskanni — **VERÐ 17.900**

# TÖLVULISTINN

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tölvulistinn. | Nóatúni | 17 | Reykjavík. | ☎ 414 1700 |
| Tölvulistinn. | Glerárgötu | 36 | Akureyri. | ☎ 414 1730 |
| Tölvulistinn. | Hafnargötu | 90 | Keflavík. | ☎ 414 1740 |
| Tölvulistinn. | Miðvangi | 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ 414 1735 |

## ED HARRIS

Ed er fæddur í New Jersey árið 1950. Hann var góður í frjálsum íþóttum og keppti mikið í þeim í menntaskóla og háskóla. Fyrsta mikilvæga hlutverk Ed var í myndinni Borderline árið 1980. Þremur árum síðar lék hann í myndinni The Right Stuff og hlaut mikla athygli fyrir. Síðan þá hefur hann fjórum sinnum verið tilnefndur til Óskarsverðlauna og er vinsæll leikari í Hollywood. Árið 2000 hóf Ed leikstjórnarferil sinn þegar hann leikstýrði verðlaunamyndinni Pollock. Ed hefur verið kvæntur leikkonunni Amy Madigan frá árinu 1983 og á með henni dótturina Lily.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR VILL HEMMA GUNN AFTUR Í SJÓNVARPIÐ

# *Of sjúkur raunveruleiki*

Þrátt fyrir að vera í þeim minnihlutahópi sem elskar raunveruleikaþætti finnst mér einn þessara þátta of sjúkur til að geta horft á hann. Þátturinn Extreme Makeover er hreint og beint fáránlegur. Mis ómyndarlegt fólk keppist um að fá að leggjast undir hnífinn og þá er ekki um minni háttar lýtaaðgerðir að ræða.

Þeir sem eru óánægðir með nefið á sér fara heim með ný brjóst, minni maga, herta og slétta húð, stærri kjálka og þannig mætti lengi áfram telja. Þegar fréttunum um að þátttakendur hafi verið valdir í þáttinn er komið til skila eru flestir umvafðir fjölskyldu sinni og börnin horfa á foreldrana fagna komandi útlitsbreytingu. Vonandi hafa börnin aldrei fengið að heyra að þau líkist mömmu sem þykir svo ljót að myndum af henni fyrir og eftir lýtaaðgerð er sjónvarpað um allan heim.




Hins vegar horfi ég á Nip/Tuck þar sem umfjöllunarefnið er af svipuðum toga.

Sjúkleikinn er stundum meiri en allt er leyfilegt í ævintýrunum.

Eva María Jónsdóttir er frábær í sunnudags-Kastljósinu.

Eva María fær til sín alls kyns fólk og ræðir við af sinni stakri snilld enda frábær í sínu fagi. Sumir sjónvarpsmenn eru með þetta, aðrir ekki. Eva María og Hemmi Gunn eru dæmi um fólk sem verður að vera í sjónvarpi. Þau eru bæði tvö laus við sjálfumgleði og láta áhorfandanum líða vel. Ég bíð spennt eftir næsta skrefi hjá Hemma. Það skiptir ekki máli hvernig þáttur verður fyrir valinu. Hemmi er pottþéttur. Páll Óskar er líka dæmi um frábæran sjónvarpsmann og ég vona að hann fái sinn eigin sjónvarpsþátt sem allra fyrst.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.55** Ómur af Ibsen - Nóra
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.05** The Apprentice STÖÐ 2



▶ **22.00** The Stepford Wives
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.35** Seinfeld SIRKUS



▶ **22.00** Close to Home
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Franklín** (68:78)
**18.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (3:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Everwood** (7:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.
▶**20.55 Ómur af Ibsen - Nóra** (3:8) Norsk þáttaröð þar sem sagðar eru nútímasögur byggðar á verkum Henriks Ibsens. Æfingar Þjóðleikhússins á Brúðuheimilinu standa sem hæst þegar aðalleikkonan missir trúna á Ibsen og lífið yfirleitt og stingur af. Leikstjóri er Geir Henning Hopland.
**21.25 Fórnarlömb stríðsins** Norskur þáttur um afleiðingar sprengjuárása Ísraelsmanna á Líbanon í fyrrasumar. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Rebus lögreglufulltrúi - Blóðbönd** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ian Rankin um John Rebus rannsóknarlögreglumann í Edinborg. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.35 Njósnadeildin** (9:10) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. e.
**00.30 Kastljós**
**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Wakin´ Up in Reno**
**08.00 My House in Umbria**
**10.00 Spy Kids 2. The Island of Lost D**
**12.00 My Boss´s Daughter**
**14.00 My House in Umbria**
**16.00 Spy Kids 2. The Island of Lost D**
**18.00 My Boss´s Daughter**
**20.00 Wakin´ Up in Reno** Rómantísk gamanmynd.
▶**22.00 The Stepford Wives** Gráglettin gamanmynd.
**00.00 Club Dread** (Broken Lizard´s Club Dread)
**02.00 Jeepers Creepers 2**
**04.00 The Stepford Wives**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race**
**10.50 Whose Line Is it Anyway? 5**
**11.15 Sisters**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront**
**13.55 Las Vegas**
**14.35 What Not To Wear**
**15.35 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.55 Nornafélagið**
**16.18 Taz-Mania 1**
**16.38 Shin Chan**
**17.03 Horance og Tína**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons**
▶**20.05 The Apprentice** Donald Trump snýr aftur í fimmtu seríunni af The Apprentice þar sem hann leitar enn á ný að lærlingi fyrir Trump-fyrirtækjaveldið sitt.
**20.50 Prison Break** Flóttinn úr rammgirtasta fangelsi Bandaríkjanna heldur áfram í þessari annarri seríu af spennuþættinum vinsæla Prison Break.
**21.40 Empire Falls** Dramatísk stjörnum prýdd verðlaunamynd í tveimur hlutum með stórleikurum á borð við hjónin Paul Newman og Joanne Woodward, Ed Harris, Robin Wright Penn og Philip Seymour Hoffman.
**23.30 Twenty Four** Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin.
**00.15 Nip/Tuck**
**01.05 Cold Case**
**01.50 Crossing Jordan**
**02.35 Dagon**
**04.10 Prison Break**
**05.00 The Simpsons**
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
▶**19.35 Seinfeld** (e)
**20.00 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**20.25 Da Ali G Show** Hinn eiturharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kazakhstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno.
**20.50 Gene Simmons. Family Jewels**
**21.15 The Nine** Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur. Líf þeirra er breytt að eilífu. Á milli þessara níu manna hafa nú myndast sterk bönd sem engin nema þau sem haldið var í bankanum skilja. Hvað gerðist í bankanum á þessum 52 klukkustundum sem gjörbreytti lífi þessa fólks svona mikið?
**22.00 Grey´s Anatomy** Vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum, þar sem nú ríkir Grey´s Anatomy æði. Þættirnir gerast á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg og þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. (18.23) Það sýður upp úr á milli Christinu og Burke en þau virðast ekki eiga mikla samleið. Nýr læknir er kynntur til sögunnar og í ljós kemur að hann á sér sögu með einum af aðstoðarlæknunum.
**22.55 American Idol**
**23.40 American Idol**
**00.05 Twenty Four - 2**
**00.50 Dirty Dancing**
**01.45 Seinfeld** (e)
**02.10 Entertainment Tonight** (e)
**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**14.55 Vörutorg**
**15.55 High School Reunion** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Snocross** Íslenskir snjósleðakappar í skemmtilegri keppni þar sem ekkert er gefið eftir. Keppendur þurfa að glíma við erfiðar brautir og keppnin hefur aldrei verið eins spennandi.
**20.00 Skólahreysti** (10.12) Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land.
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess.
▶**22.00 Close to Home** (e) Lögfræðidrama af bestu gerð.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur.
**23.15 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**00.05 Heroes** (e)
**01.05 Jericho** (e)
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Beverly Hills 90210** (e)
**03.40 Melrose Place** (e)
**04.25 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Að leikslokum** (e)
**14.00 Watford - Chelsea** (frá 31. mars)
**16.00 Ítalski boltinn** (frá 1. apríl)
**18.00 Þrumuskot** (e)
**19.00 Að leikslokum** (e)
**20.00 Liverpool - Arsenal** (frá 31. mars)
**22.00 Ítölsku mörkin** (e)
**23.00 Þrumuskot** (e)
**00.00 Dagskrárlok**



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.40
**Empire Falls**



Dramatísk framhaldsmynd í tveimur þáttum um veitingahúsaeiganda í bænum Empire Falls sem á í stökustu vandræðum í einkalífinu. Miles Roby, sem leikinn er af Ed Harris, hefur rekið veitingahús í rúm 20 ár en þráir að komast burt frá erfiðum fjölskylduaðstæðum og hjónabandi sem farið er í hundana. Myndin vann til tveggja Golden Globe-verðlauna.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**GREY'S ANATOMY**
### SIRKUS KL. 22.00

Læknalíf er einn vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum, þar sem nú ríkir Grey´s Anatomy æði. Þættirnir gerast á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg og þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Í þættinum í kvöld sýður upp úr á milli Christinu og Burke en þau virðast ekki eiga mikla samleið. Nýr læknir er kynntur til sögunnar og í ljós kemur að hann á sér sögu með einum af aðstoðarlæknunum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt
**14.30** Seiður og hélog
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Man ég fyrrum þyt á þökum
**21.00** Sjónþing um Rúrí
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.25** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Iceland Expressdeildin 2007**
**16.15 Iceland Expressdeildin 2007**
**17.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**18.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá fyrri leik PSV Eindhoven og Liverpool í átta liða úrslitum.
**20.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**21.00 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá stórleik AC Milan og Bayern Munchen í átta liða úrslitum.
**22.50 Augusta Masters Official Film** Í þessum þætti verður tekið fyrir mótið árið 1960 þegar að Arnold Palmer var á hátindi síns ferils en hann lék á Masters mótinu fimmtíu ár í röð.
**23.45 World Supercross GP 2006-2007** Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum.
**00.40 PGA Tour 2007 - Highlights**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.15** Svampebob Firkant 6.40 Til dans, til vands og i luften 7.00 Mickey og bønnestagen 8.10 Lucky Luke 8.35 Brødrene Løvehjerte 9.00 Deadline 2. Sektion 9.30 Jersild & Spin 10.00 TV Avisen 10.10 Smagsdommerne 10.50 Grøn glæde 11.15 Syv citater fra en ateist 11.50 Ud i det blå 12.20 Arbejdsliv - find et job! 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Flemmings Helte 14.15 SPAM 14.30 Shin Chan 14.40 Ronja Røverdatter 15.30 Ville og den vilde kanin 16.00 Min far er bokser 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Når næsehornet hedder Oscar 17.30 Hvad er det værd 18.00 Hammerslag 18.30 Dig og mig 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.35 Snaphaner 20.35 Da Guy mødte Lizzie 22.05 Molly 4.30 Elmers verden 4.45 Brum 5.00 Rasmus Klump 5.10 Palle Gris på eventyr 5.30 Noddy 5.45 Der var engang

## NRK 1

**6.05** Harry med bøtta full av dinosaurer 6.20 Lille Prinsesse 6.35 Småspøkelsene 6.45 Pippi Langstrømpe 7.10 Hønsehuset 7.25 Sauen Shaun 7.35 Hubert 7.50 Mini-kryp 8.00 Den dårligste heksa i klassen 8.20 Newton 8.50 Faktor: Olje- og energimisjonæren 9.20 Året på Argiano 10.00 Siste nytt 10.05 Lonely Planet 11.00 Siste nytt 11.05 Lunsjtrav 12.00 Siste nytt 12.05 D-dagen 13.00 Siste nytt 13.05 Lyoko 13.30 Duck Dodgers 14.00 Siste nytt 14.03 Dracula junior 14.30 Liga 15.00 Siste nytt 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Fra loft og kjeller 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Konrad katt 16.10 Vennene på Solflekken 16.25 Krysantemum 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Påskenøtter 17.45 Planeten 18.40 Extra-trekning 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Brannmur 20.55 Løsning påskenøtter 21.00 Kveldsnytt 21.15 Kvinnen i mitt liv 22.45 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin 5.30 Påskemorgen 5.32 Mekke-Mikkel 5.45 Postmann Pat

## SVT 1

**7.30** När gräsrötterna tar över 8.00 Skolfront 8.30 Nya drömjobbet 9.00 Vetenskap - livet före livet 9.30 Livet & hälsan 10.00 Rapport 10.05 Planet Earth 12.30 Gabrielle 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Wer küsst schon einen Leguan? 15.30 Krokomax 16.00 Myror i brallan 16.30 Sagoberättaren 17.00 Lilla Aktuellt - kortnyheter 17.05 Grand Prix 17.30 Rapport 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Slutet på historien 19.05 Höök 20.05 Argument 21.05 Rapport 21.15 Kulturnyheterna 21.25 Kobra 21.55 Stina! 22.55 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Besti bitinn í bænum er á Ban Thai á Laugavegi. Þau eru með æðislegan taílenskan mat.“*

Curver Thoroddsen, tónlistar- og myndlistarmaður.

# Tyson nýjasti skjólstæðingur Rauls



Einkaþjálfarinn Raul Rodrigues er að taka Hollywood með trompi um þessar mundir. Stjörnurnar flykkjast í tíma til hans og taka vel á því en meðal frægustu viðskiptavina Rauls má nefna skoska leikarann David Thewlis og bandaríska ungstirnið Bevin Prince úr One Tree Hill. Raul greinir vinum sínum á Íslandi svo frá því að þekktasta og alræmdasta viðbótin í kúnnahópnum sé sjálfur Mike Tyson, fyrrverandi heimsmeistari í þungavigt. Tyson er annálaður kraftakarl og hefur lengi verið talinn einn sterkasti maður heims. Tyson hefur lengi átt í útistöðum við laganna verði og ætlar greinilega að taka á því hjá Raul og koma sér í gott form. Og ef vel gengur er ljóst að Járnkarlinn víðfrægi á eftir að bera hróður einkaþjálfarans víða. Og Raul gerir það ekki endasleppt. Hann kom fram í heilsu- og lífsstílsþættinum The Gregory Mantell Show sem sýndur er í kapalsjónvarpi í bæði New York og Los Angeles auk þess sem mögulegt er að sjá þáttinn á netinu. Í þættinum kynnti Rauol nýjan megrunarkúr sem byggist á rannsóknum einkaþjálfarans á íslensku mataræði. Og lax leikur þar stórt hlutverk. Fram kemur í þættinum að Raul hafi þjálfað á Íslandi í þrettán ár og að Eiður Smári Guðjohnsen og Björk hafi verið meðal skjólstæðinga hans þá. Áhugasamir geta séð þáttinn á Youtube.com. **- fgg**

**EINKAÞJÁLFARINN VÍÐFRÆGI** Raul hefur komið sér vel fyrir hjá stjörnunum í Los Angeles.



**MIKE TYSON** Ætlar að koma sér í gott form hjá Raul.



**LÁRÉTT**
2 þökk 6 dreifa 8 hamfletta 9 knæpa 11 hvort 12 vondur 14 unna 16 skóli 17 niður 18 for 20 guð 21 treysta.
**LÓÐRÉTT**
1 plöntutegund 3 frá 4 prestur 5 þukl 7 árviss 10 fiskur 13 suss 15 einkenni 16 flík 19 óreiða.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2 takk, 6 sá, 8 flá, 9 krá, 11 ef, 12 illur, 14 elska, 16 fg, 17 suð, 18 aur, 20 ra, 21 trúa.
**LÓÐRÉTT:** 1 eski, 3 af, 4 klerkur, 5 káf, 7 árlegur, 10 áll, 13 uss, 15 aðal, 16 fat, 19 rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Eiður Guðnason
2. Harðkjarnahljómsveitin Shogun
3. Ragna Ingólfsdóttir

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

PÁLL MAGNÚSSON: ÁRAMÓTASKAUPIÐ HVERRAR KRÓNU VIRÐI

# Hver mínúta Skaupsins kostaði 650 þúsund krónur

„Þetta var hverrar krónu virði,“ segir útvarpsstjórinn Páll Magnússon en samkvæmt niðurstöðu úrskurðarnefndar um upplýsingamál við kæru Fréttablaðsins var RÚV skylt að gefa upp heildarkostnað við gerð Áramótaskaupsins. Og það kostaði rúmar 38 milljónir. „Mér finnst allt í lagi að eyða svolítið góðum pening í Áramótaskaupið enda er það orðið hálfgerð stofnun í þjóðfélaginu. Og það er varla hægt að finna hliðstæður í áhorfi,“ segir Páll en samkvæmt skoðanakönnun horfðu 93,3 prósent þjóðarinnar á spéspegil ársins. „Við erum að nota mjög mikinn pening í þetta og miðað við útsendingamínútu er þetta dýrasta efnið sem RÚV sýnir. Og þetta á líka að vera dýrasta efnið á dagskránni,“ bætir Páll við en miðað við að Skaupið sé 57 mínútur kostaði hver mínúta rúmar 650 þúsund krónur.

Fréttablaðið greindi frá því í byrjun janúar að Skaupið hefði kostað fjörutíu milljónir og hafði fyrir því áreiðanlegar heimildir. Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri RÚV, sagði þá að þetta væru rangar tölur en vildi ekki gefa upp hver kostnaðurinn væri. Páll hafði engar aðrar skýringar á orðum Bjarna en að hann hafi þá ekki vitað hver eiginlegur kostnaður væri. „Menn vissu samningsupphæðina en annar kostnaður hafði ekki verið reiknaður út þremur dögum eftir Skaupið,“ segir Páll.

Sú leið var farin þetta árið að RÚV samdi við framleiðslufyrirtækið Pegasus um gerð Skaupsins. „Þetta er í fyrsta skipti sem RÚV úthýsir þessu verkefni en við settum gæðakröfurnar sjálfir og ákváðum hver myndi leikstýra en síðan var samið við Pegasus,“ útskýrir Páll sem segist ekki gráta milljónirnar 38. „En ég skal viðurkenna að þetta var rándýrt.“

Páll telur að hlutafélagavæðing Ríkisútvarpsins eigi ekki eftir að hafa áhrif á að kostnaður við einstök verkefni verði ekki gefinn upp. „Samkvæmt nýju lögunum er RÚV áfram gert skylt að hlýta upplýsingalögum og ég gerði engar athugasemdir við það. Enda finnst mér það í lagi svo lengi sem það skaðar ekki viðskiptahagsmuni okkar og þá samninga sem við höfum gert við aðila úti í bæ og innihalda trúnaðarmál,“ segir Páll.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**ÁRAMÓTASKAUPIÐ** Áhorfið á það hefur verið með hreinum ólíkindum en samkvæmt skoðanakönnun horfðu 93,3 prósent þjóðarinnar á það í fyrra.



**PÁLL MAGNÚSSON** Viðurkennir að Áramótaskaupið hafi verið dýrt spaug en hverrar krónu virði.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Mikill hiti var í Hafnarfirði á laugardagskvöld, skin og skúrir, líkt og alþjóð veit en sérstakt var að sjá þá **Magnús Kjartansson** tónlistar- og sjálfstæðismann og **Steingrím J. Sigfússon** foringja Vinstri grænna nánast fallast í faðma í kosningamiðstöð Sólar í Fjörunni þegar úrslit í álkosningunum voru fyrirliggjandi. Á staðinn voru einnig mættir þeir **Ómar Ragnarsson** og **Jakob Frímann Magnússon** í góðum gír. Þá voru nokkrir fjölmiðlamenn þar staddir og virtust ekki óánægðir með niðurstöðuna: **Hjálmar Sveinsson**, **Björg Eva Erlendsdóttir**, **Þóra Kristín Ásgeirsdóttir** og fleiri.



Framsóknarmenn eru þekktir fyrir að vera opnir í báða enda. En þó menn sveiflist léttilega til og frá þar á bæ teygir **Björn Ingi Hrafnsson** sig óneitanlega langt í báðar áttir í nýjustu bloggfærslu sinni þar sem hann spyr reiður frekar hvenær íslenskir fjölmiðlar ætli að spyrja forystumenn Frjálslynda flokksins spurninga um stefnu flokksins í málefnum útlendinga? Og svo skömmu síðar segir í sömu færslu: „En í hvert einasta sinn sem formaður flokksins er spurður út í þessi mál, bregst hann ókvæða við...“

**Björgólfur Thor Björgólfsson** fagnaði fertugsafmæli sínu með óvissuferð um helgina. Vinum og vandamönnum, alls hátt í 100 manns, var hrúgað upp í Júmbóþotu á fimmtudag og það var ekki fyrr en lagt var af stað að í ljós kom að stefnan var tekin á Jamaíka. Þar dvaldist hópurinn í góðu yfirlæti þar til í gær. Eftirvænting boðsgesta var slík að sögur herma að ein kona hafi skellt sér með þótt hún væri komin á níunda mánuð meðgöngu. **- jbg/hdm**



**Múrarar**
Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu
Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðavogi 44, s. 588 8686.
Opið alla laugardaga 11-14
STÓR HUMAR



# Í tísku að ganga í náttbuxum

„Það er óhætt að segja að það sé tískubylgja í gangi,“ segir Rut Rúnarsdóttir, afgreiðslukona í Joe Boxer í Kringlunni. Algengt er orðið að sjá börn og unglinga klæðast náttbuxum utan og innandyra, á öllum tímum sólarhringsins. „Þetta er búið að vera í gangi í smá tíma, kannski frá því einhvern tíma fyrir jól, en er rosa vinsælt núna. Það hefur alltaf verið eitthvað um þetta en ekkert í líkingu við þetta,“ segir Rut en verslunin hefur selt margar náttbuxur að undanförnu. Hún segir enn fremur að bæði stelpur og strákar klæðist náttbuxum, allt frá fermingarkrökkum og upp í framhaldsskólakrakka.

„Það er mjög misjafnt hvort foreldrar séu ánægðir með þetta eða ekki. Maður hefur alveg lent í því að hlusta á rökræður í búðinni á milli barna og foreldra þar sem þeir eru að reyna að telja krakkana ofan af þessu, en láta nú undan á endanum,“ segir Rut.

Þó að hugmyndin virki kannski galin verður að viðurkennast að þetta er ekki svo galin tíska enda eru náttbuxur mun þægilegri klæðnaður en þröngar gallabuxur og mínípils í íslenska vetrar- og vorkuldanum. Það er jafnvel hægt að smeygja sér í ullargammosíur undir. Til gamans má geta þess að þetta er ekki alveg nýtt af nálinni. Ekki ófrægari manneskja en Björk Guðmundsdóttir tónlistarmaður gekk oft í náttbuxum utandyra þegar hún var yngri. **- jar**




**MEÐ Á NÓTUNUM** Félagarnir Ingvi Þór Sigurðsson og Alexander Alvin Einarsson klæðast náttbuxum hversdagslega eins og margir aðrir. Þeir stilltu sér upp fyrir ljósmyndara ásamt nokkrum hressum stelpum.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA


TILBOÐ
TILPÁSKA
TILBOÐ GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
NÚ ER UM AÐ GERA AÐ DRÍFA SIG OG GERA GÓÐ KAUP
OPIÐ Í DAG 10-19
GIGABYTE
SJÓÐ HEITT
GeForce 8800GTS
Það nýjasta í skjákortum í dag! Ofur öflugt GeForce 8 8800GTS skjákort með háhraða GDDR3 320MB minni, hlaðið nýjungum, betri grafík og meiri hraða.
29.900
HVERGI BETRA VERÐ Á GEFORCE 8800!
TILBOÐ TILPÁSKA
Packard Bell
119.900
TÖLVUTEK
Birt með fyrirvara um breytingar og villur
OPNUNARTÍMAR
3. apríl
10:00 - 19:00
4. apríl
10:00 - 19:00
5-6 apríl
LOKAÐ
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Blessuð skepnan*

Eitt þeirra hugtaka sem öðlast hafa nýtt líf í umræðunni er ofdekur. Hér áður fyrr átti það einkum við frekjudósina í bekknum sem fór alltaf að grenja ef ekki var látið eftir öllum kröfum. Eftirlátssemi forríkra foreldranna var yfirleitt á allra vitorði. Á bak við pirringinn yfir heimtufrekjunni var stundum undirliggjandi öfund vegna þeirra forréttinda að eiga dálitla einkahirð heima í líki pabba og mömmu á hjólum við að þóknast krakkakvikindinu.

**NÚ** hefur vitnast að hlutskiptið var síður en svo eftirsóknarvert. Ofdekur er sem sagt ekki bara ávísun á hátt þjónustustig og offramboð af alls kyns fínerí, heldur af sérfræðingum jafnað við vanrækslu. Vissulega vel meint en byggt á ótta og sektarkennd foreldranna meðal annars og skili barninu sem tilfinningalegu rekaldi út í lífið.

**ÞÁ** kemur sér vel hvað fólk er meðvitað í uppeldishlutverkinu. Nú dettur bara þeim forhertustu í hug að misþyrma barninu sínu með ofdekri þótt miklu fleiri burðist enn með alls kyns sektarkenndir sem þurfa útrás. Þá er upplagt að skeyta skapi sínu á gæludýri, til dæmis hundspotti sem mér skilst að hægt sé að dekra mikið án þess að það missi trúna á tilganginn með lífinu.

**HUNDAR** eru nefnilega upp til hópa meðvirkir og ganga rösklega á lagið. Það er mikilvægt að búa yfir dálitlu mótstöðuafli gegn gæludýrslegum yfirgangi. Það hef ég ekki. Ef ég ætti hund væri hann líklega kominn upp í eftir svona viku og fengi morgunverðinn í rúmið. Þau okkar sem ekki hafa karakterstyrk til að eiga hund til að ofdekra verða því að notast við kött.

**SKOTTA** hefur hátt í áratug þurft að þola ýmsar gerðir ofdekurs sem hefur haft margvíslegar afleiðingar. Núorðið telur hún sig manneskju en ekki kött og raunar mikilvægustu persónu fjölskyldunnar. Þannig snúast stórir og smáir atburðir á heimilinu fyrst og fremst um hana og framkvæmdir eru að mestu á hennar ábyrgð. Aldrei hægt að handleika handavinnu eða gjafapappír án þess að hún sé mætt til aðstoðar og hún skynjar nýkeypt ýsuflak meðan það er enn í forstofunni. Fórnfúst starf sem skotmark ofdekurs vinnur hún æðrulaus alla daga svo börnin fái hæfilegt aðhald. Blessuð skepnan.


www.volkswagen.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8229




# Crafter kemur sterkur inn

Volkswagen Crafter er nýjasti vinnuþjarkurinn frá Volkswagen og sameinar kraft, nútímalega hönnun og einstaklega fjölbreytta notkunarmöguleika. Crafter er til í ótal útfærslum og kemur því að notum við ótrúlegustu verkefni.

- Fæst bæði í lágþekju- og háþekjuútfærslu
- Rúmmál flutningarýmis getur verið frá 7,5 til 17 m³
- Burðargeta frá 680 kg til 2.690 kg
- Fæst sem pallbíll með einföldu eða tvöföldu húsi sem rúmar allt að sex farþega
- 130 cm hleðsluhurðir á báðum hliðum – nægir fyrir Eurobretti
- Vængjahurðir að aftan opnast 270 gráður
- Fáanlegur sem grindarbíll
- Hægt að setja á hann vörukassa og lyftu
- Öflugar 136-163 hestafla TDI® vélar
- Fæst sjálfskiptur

**Komdu og skoðaðu Volkswagen Crafter og sjáðu hvað hann getur gert fyrir þig.**

**Verð frá 3.760.000 kr. með vsk.**

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

SHARP XL-UH220H

- 5 diska geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2 x 50W RMS
- USB tengi - spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
- AM/FM útvarp með RDS og 40 stöðva minni · Vekjaraklukka
- 6 tónjafnarastillingar og X-BASS kerfi · Fullkomin fjarstýring



Kr. 35.900

Nintendo

Wii™ LEIKJATÖLVA

NÝ UPPLIFUN!

Nær 6 milljón Nintendo Wii leikjatölvur seldar á 4 mánuðum um allan heim.



Kr. 29.900

SAMSUNG

SAMSUNG YP-Z5F



Frábærir MP3 spilarar – flottir, vandaðir og öflugir.

- 43 klst. rafhlöðuending
- Lita skjár
- 4 litir - svartur, hvítur, silfur, bleikur
- 1 GB = 14.900 kr.
- 2 GB = 19.900 kr.
- 4 GB = 27.900 kr.

Frá kr. 14.900

WWW.ORMSSON.IS

Fermingargjöf frá Ormsson hljómar vel.




ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT